



Drekinn Haraldur hárfagri, stærsta víkingaskip sem smíðað hefur verið frá því víkingaöld lauk, kom til Reykjavíkur í gær eftir siglingu frá Noregi. Tilgangur leiðangursins er að minnast siglingaafreka Leifs Eiríkssonar og félaga fyrir þúsund árum. Skipið mun vera í Reykjavíkurhöfn í tvo til þrjá daga og verður það opið almenningi á milli 16 og 18. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tæp 70 prósent myndu kjósa Guðna

Stuðningur við Guðna Th. Jóhannesson hefur aukist verulega á einni viku. Hann hefur mikla yfirburði yfir aðra frambjóðendur.


STJÓRN MÁL Tæplega sjö af hverjum tíu sem afstöðu taka í nýrri könnun Fréttablaðsins myndu kjósa Guðna Th. Jóhannesson, dósent í sagnfræði, í embætti forseta Íslands ef kosid væri nú. Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra, nýtur stuðnings 13,7 prósentu þeirra sem afstöðu taka og Andri Snær Magnason rithöfundur 10,7 prósentu.

Guðni var önnur kafinn við að undirbúa framboð sitt í gær. „Þetta eru annasamir dagar eins og þeir verða allir fram undan,“ sagði hann þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Hann sagði að það yrði áhugavert að mæta Davíð Oddssyni, einum reyndasta stjórnmálamanni Íslands, í þeim kappæðum sem fram undan eru.

Könnunin, sem gerð var á mánuðagskvöld, sýnir að stuðningurinn við Guðna hefur aukist verulega frá því í síðustu viku. Könnun sem birtist í Fréttablaðinu á fimmtudaginn, nokkrum klukkustundum áður en Guðni tilkynnti framboð sitt, sýndi að 38 prósent studdu Guðna en 45 prósent Ólaf Ragnar Grímsson. jhh / sjá síðu 4

Fylgi þriggja efstu forsetaframbjóðendanna

Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins 9. maí 2016.



Ísland komst ekki áfram í Eurovision

MENNING Greta Salóme Stefánsdóttir hafði ekki erindi sem erfiði á fyrri undanúrslitakvöldi Eurovision sem fram fór í Stokkhólmi í gærkvöldi.

Gréta, sem söng lagið „Hear them calling“ var ekki í hópi þeirra tíu sem komust áfram á úrslitakvöld keppinnar sem fram fer á laugardag. Þetta er annað árið í röð sem Ísland kemst ekki upp úr undanröðlinum.

Þau lönd sem komust áfram í gærkvöldi eru Aserbaídsjan, Rússland, Holland, Ungverjaland, Króatía, Austurríki, Armenía, Tékkland, Kýpur og Malta.



– snæ / sjá síðu 30

Stóraukin umfjöllun um kvennaboltann

FÓTBOLTI 365, SportTV og KSÍ undirrituðu í gær tímamótasamning sem mun gjörbreyta og stórauka umfjöllun um Pepsi-deild kvenna í fótbolta.

Var þetta gert sama dag og spáin fyrir Íslandsmótið var opinberuð en deildin hefst í dag. Ríkjandi meisturum Breiðabliks er spáð Íslandsmeistaratitlinum.

Að minnsta kosti einn leikur verður í beinni útsendingu í hverri umferð Pepsi-deildar kvenna á Stöð 2 Sport en allir leikirnir verða teknir upp. Þá verður sérstakur þáttur á dagskrá vikulega þar sem hver umferð verður gerð upp með sérfræðingum.

Helena Ólafsdóttir, fyrrverandi landsliðskona og landsliðsþjálfari, mun bæði lýsa leikjum í deildinni og stýra markaðsetningunum.

– tom / sjá síðu 16

Fréttablaðið í dag

MARKAÐURINN Brotið er á hundruðum erlendra verkamanna sem koma hingað til lands, segir Halldór Grönvold, aðstoðarfrankvæmdastjóri ASÍ.

FRÉTTIR Sjálfstæðismenn vilja setja ráðningabann í borginni til að laga fjárhaginn. 6

SKOÐUN Orri Vigfússon skrifar um umhverfisárásir. 14

MENNING Þór Vigfússon fæst við liti og form í i8 gallerii. 22

LÍFID Hljómsveitin Quarashi er 20 ára á þessu ári. 28

PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

ALLT Í EUROVISION-PARTÝIÐ

Finndu okkur á

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Eru flugur, flær eða maurar að ergja þig og bita?

Effitan flugnafæluúði


óhrifaríkur og án allra eiturefna.

Allt að 8 tíma virkni.



www.gengurvei.is

Veður



Vestlæg eða breytileg átt í dag, yfirleitt 5-13 m/s. Skýjað að mestu norðan- og vestanlands, sums staðar dálítil rigning og hiti 4 til 10 stig. Bjart að mestu suðaustanlands og hiti allt að 17 stig. **SJÁ SÍÐU 20**



FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fjárfestar áberandi í Panama-skjölunum

VIÐSKIPTI Á mánudag gerðu Alþjóðasamtök rannsóknarbláðamanna, ICIJ, gagnabanka sem unninn var úr hluta Panama-skjalanna aðgengilegan almenningi. Þar er að finna fjölmargar færslur sem tengjast íslenskum einstaklingum og fyrirtækjum.


Nokkrir aðilar sem þar er að finna eru tengdir einu eða fleiri aflandsfélögum með einhverjum hætti.

Þegar flett er upp í grunninum má finna nöfn meira en 150 Íslendinga, þar á meðal fjölmargra þekkra einstaklinga úr íslensku viðskiptalífi á árunum fyrir hrun. Á meðal þeirra eru Hreiðar Már Sigurðsson og Ólafur Ólafsson. Þeir hlutu báðir dóm í Al-Thani-málinu svokallaða og afplána nú refsingu sína á áfangaheimilinu Vernd.

Nafn Kristjáns Gunnars Valdimarssonar, lektors í skattarétti við Háskóla Íslands, er einnig að finna í gagnagrunninum. Í Kastljósi þann 3. apríl kom fram að Kristján Gunnar hafi vísað til lektorsstöðu sinnar innan háskólans þegar hann átti í samskiptum við lögmannsstofuna Mossack Fonseca á Panama. Háskóli Íslands komst nýverið að þeirri niðurstöðu að engin ástæða væri til þess að hefja formlega athugun á máli Kristjáns Gunnars.

Kristján Gunnar á langan feril í skattaráðgjöf að baki og gegndi áður stöðu skattrannsóknarstjóra og stýrði eftirlitsdeild ríkisskattstjóra. – Þv

Hleypur milli húsa á stuttbuxum



Svo virðist sem sumarið sé komið á Selfossi. Kjartan Thor Ólafsson, starfsmaður í sorphirðu, naut veðurbliðunnar í gær og stundaði vinnu sína ber að ofan og í stuttbuxum. Hitinn var í kringum tíu gráður, sólin skein sínu skærasta og því tilvalið að njóta sólargeislana. MYND/MAGNÚS HLYNUR

Kynnir nýtt krabbameinslyf

HEILBRIGÐISMÁL Lyfjafyrirtækið Alvogen segist vera fyrst á markað með nýtt samheitalyf á Íslandi og á ýmsum mörkuðum í Mið- og Austur-Evrópu.

Um er að ræða krabbameinslyfið Reseligo, sem er samheitalyf Zoladex, en sala þess hér á landi hófst um síðustu mánaðamót. Lyfið er einnig sagt verða selt í átta öðrum löndum. „Krabbameinslyfið Zoladex seldist fyrir um 200 milljónir evra í Evrópu á síðasta ári en á Íslandi nam sala frumlyfsins um 66 milljónum króna. Við markaðssetningu Reseligo, sem er heiti samheitalyfsins, býðst sjúklingum ódýrari valkostur,“ segir í tilkynningu fyrirtækisins, en skráning Reseligo er sögð ein af stærri markaðssetningum Alvogen í Evrópu á þessu ári.

Reseligo er notað til meðhöndlunar á krabbameini í blöðruhálskirtli hjá körlum en hjá konum er það meðal annars notað við brjóstakrabbameini. – Óká

Gleymdist að auglýsa meirihluta friðlýsinga

Af fjórtán friðlýsingum sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson samþykkti í stjórnartíð sinni voru tíu ekki auglýstar í Stjórnartíðindum. Um sérstakar friðanir er að ræða, ekki sjálfkrafa friðlýsingar. Hafnargarðurinn er eitt dæmið.


STJÓRNSÝSLA Sigmundur Davíð Gunnlaugsson friðlýsti fjórtán hús eða minjar í tíð sinni sem forsætisráðherra. Af þeim gleymdist að auglýsa tíu þeirra í Stjórnartíðindum eða mikinn meirihluta tæðra friðana.

Eftir fyrirspurn Fréttablaðsins hefur því nú verið kippt í liðinn og verða þær auglýstar í Stjórnartíðindum.

Frá 3. mars árið 2014 til 22. október ári seinna, eða á um 19 mánaða tímabili, tilkynnti forsætisráðherra bréflaga til eigenda fasteigna, sveitarfélaga og annarra sem friðlýsingar vörðuðu, um fjórtán friðanir. Síðasta friðlýsing Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar var á hafnargarðinum við Austurbakka 2 í Reykjavík. Var þar um að ræða hafnargarðinn en ekki bólverk sem hlaðið var fyrir aldamótin 1900.

„Það er heilmikill ferill sem fer í gang eftir að ráðherra hefur undirritað friðlýsingarskjal. Öllum hlutaðeigandi er tilkynnt bréflaga um friðlýsinguna, hún er sett í þinglýsingu og loks auglýst í Stjórnartíðindum. Sumt af þessu er á verksviði Minjastofnunar að annast, annað á okkar [forsætisráðuneyti] verksviði,“ segir Hildur Jónsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu menningararfs í forsætisráðuneytinu. „Ég held að hátt í tíu hafi ekki verið búið að auglýsa, en allar auglýsingar liggja inni hjá Stjórnartíðindum núna.“

Fram kemur í svari forsætisráðuneytisins að hér sé um



Hafnargarðurinn á Austurbakka 2 er dæmi um friðlýsingu Sigmundar Davíð Gunnlaugssonar.


að ræða friðlýsingar aðrar en sjálfkrafa friðlýsingar, líkt og til að mynda þegar eitt hundrad ár eru frá því að hús var byggt. Hér er aðeins um að ræða sérstakar friðanir og því fylgir rökstuðningur. Má þar nefna Nasa-salinn svokallaða í Thorvaldssenstræti og innréttingar í

anddyri, forsal og bíosal Bæjarbíós við Strandgötu í Hafnarfirði. Friðlýsingarnar eru samkvæmt tillögu Minjastofnunar.

Friðun hafnargarðsins á Austurbakka vakti mikla athygli. Minjastofnun beitti skyndifriðun á garðinum en nokkru áður, eða í ágúst í fyrra, hafði forsætisráðherra skrifað á síðuna sína að fornleifar sem fundust á lóðinni yrðu friðaðar sem og hafnargarðurinn.

Minjastofnun beitti skyndifriðuninni 11. september það ár og var sú friðun staðfest 22. október 2015. sveinn@frettabladid.is

Þjáist þú af mígreni?



Sölustaðir: Flest apótek, heilsuþúðir og heilsuhillur verslana

„Þegar liðið sýnir
að það trúir á eitthvað
fara aðrir að trúa líka.“



Velkomin á EM. Við erum stolt af stuðningi okkar við KSÍ og íslensku knattspyrnulandsliðin. Árangur íslenska karlalandsliðsins sýnir að það er fátt ómögulegt. Við óskum strákunum góðs gengis í Frakklandi.

Áfram Ísland!



Lars Lagerbäck
landslíðshjálfari



Alþjóðlegur leiðangur rannsakar stærð hrygningarstofns makrils

NÁTTÚRA Hafrannsóknastofnun tekur þátt í fjölþjóðlegum leiðangri þar sem markmiðið er að áætla stærð hrygningarstofns makrils í Norðaustur-Atlantshafi. Leiðangurinn er skipulagður af Alþjóða-hafrannsóknaráðinu (ICES), og lét hafrannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson úr höfn í byrjun maí til rannsóknarstarfa.

Mælingarnar eru mikilvægur hluti af stofnstærðarmælingu og þar með mati á veiðipoli makrils-

stofnsins. Við stofnmatið er beitt svokallaðri eggjaframleiðsluáferð en hún byggir á að meta fjölda eggja á hrygningarsvæði makrilsins. Hrygning makrils hefst við strendur Portúgals í febrúar og teygir sig allt norður í íslensku landhelgina og lýkur í byrjun ágúst.

Sýnatakan er þar af leiðandi gríðarlega umfangsmikil en alls koma að henni tíu Evrópulönd (Portúgal, Spánn, Írland, Bretland, Holland, Danmörk, Þýskaland,

Noregur, Færeyjar og Ísland) og ellefu rannsóknastofnanir og er hún framkvæmd þriðja hvert ár. Á vegum þessara stofnana eru farnir tuttugu rannsóknaleiðangrar frá því í febrúar og fram í ágúst.

Hafrannsóknastofnun tekur nú þátt í verkefninu í þriðja sinn og verður rs. Bjarni Sæmundsson við rannsóknir í tvær vikur á hafsvæðinu milli Skotlands og Færeyja.

Bráðabirgðaniðurstöður verkefnisins munu liggja fyrir í haust. – shá



Makrileggjum verður safnað með nýjum háhraða svifháfi, svokölluðum Gulf VII eða „tundurskeytinu“. MYND/BJÖRN GUNNARSSON

Guðni með mikla yfirburði yfir aðra

Guðni Th. Jóhannesson yrði næsti forseti Íslands ef kosið væri nú, samkvæmt nýrri skoðanakönnun. Hann nýtur ívið meiri stuðnings meðal kvenna en karla. Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra og seðlabankastjóri, nýtur næstmests stuðnings í embættið.

STJÓRN MÁL Nærri sjö af hverjum tíu sem afstöðu taka myndu kjósa Guðna Th. Jóhannesson í embætti forseta Íslands ef kosið væri nú. Þetta sýnir ný könnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis sem gerð var á mánudagskvöld. Davíð Oddsson, sem kemst næst Guðna í fylgi, nýtur stuðnings 13,7 prósent þeirra sem afstöðu taka en Andri Snær Magnason 10,7 prósent.

Á mánudagsmorgun tilkynnti Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, að hann hefði endurskóað ákvörðun sína. Núna hyggst hann ekki bjóða sig fram aftur í kosningunum 25. júní. Ákvörðunina tók hann eftir að Fréttablaðið birti könnun í síðustu viku sem sýndi að 38 prósent studdu Guðna en 45 prósent Ólaf Ragnar. Um helgina tók svo Davíð Oddsson þá ákvörðun að bjóða sig fram. Tilkynnti hann ákvörðun sína á Bylgjunni.

„Þessi niðurstaða mín er studd þeirri fullvissu að þjóðin getur nú farsælega valið sér nýjan forseta og ég er, eftir langa setu hér á Bessastöðum, bæði í huga og hjarta reiðubúinn að ganga glaður til nýrra verka,“ sagði forsetinn í yfirlýsingu sinni.

Engu að síður segja 3,2 prósent þeirra sem afstöðu taka að þeir myndu kjósa Ólaf Ragnar. Einungis eitt prósent þeirra sem afstöðu taka segist myndu kjósa Höllu Tómasdóttur, en hún nýtur mests stuðnings allra kvenna.

Aðrir frambjóðendur

Ólafur Ragnar Grímsson	3,2%
Halla Tómasdóttir	1,0%
Elísabet Jökulsdóttir	0,5%
Sturla Jónsson	0,5%
Magnús Ingi Magnússon	0,4%
Benedikt Kristján Mewes	0,2%
Aðrir	0,8%

Stuðningur við efstu þrjá frambjóðendur er ólíkur eftir kynjum og aldurshópum. Guðni nýtur ívið meiri stuðnings meðal kvenna en karla eða 72,2 prósent á móti 65,7 prósentum. Það á einnig við um Andra Snæ sem nýtur stuðnings 13,1 prósent kvenna en 8,3 prósent karla. Davíð Oddsson nýtur hins vegar talsvert meiri stuðnings karla en kvenna, eða 18,8 prósent á móti 8,6 prósentum.

Fylgi við Guðna er nokkuð jafnt skipt milli þeirra sem eru á aldrinum 18-49 ára og þeirra sem eru 50 ára og eldri. Aftur á móti er fylgi Andra Snæs talsvert meira á meðal þeirra sem eru 18-49 ára en þeirra sem eru 50 ára og eldri, eða 13,8 prósent á móti 6,6 prósentum. Davíð Oddsson nýtur hins vegar meira fylgis meðal þeirra sem eru 50 ára og eldri en þeirra sem eru á aldrinum 18-49 ára, eða 17,2 prósent á móti 11 prósentum.

jonhakon@frettabladid.is



Davíð Oddsson bauð sig óvænt fram til embættis forseta Íslands í útvarpsþættinum Sprengisandi á Bylgjunni. Fyrir utan hljóðver Bylgjunnar hitti hann fyrir Guðna Th. Jóhannesson sem einnig býður sig fram í embættið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Aðferðafræðin

Könnunin var þannig gerð að hringt var í 1.019 manns þar til náðist í 799 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki mánudaginn 9. maí. Spurt var: Ef forsetakosningar færu fram á morgun, hvern myndir þú kjósa?

Svarhlutfallið var 78,4 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Alls tóku 73,9 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

KNAUS

Verð frá 4.450.000 kr.

Þar sem ferðalagið byrjar

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn®
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

Vilja heldur Vítisengla en flóttabörn

SVÍÞJÓÐ Íbúar í Saltsjö-Boo í sveitarfélaginu Nacka í Svíþjóð vilja frekar hafa Vítisengla sem nággranna, heldur en flóttabörn sem komið hafa fylgdarlaus til landsins. Fyrirhuguð kaup sveitarfélagsins á húsnæði sem notað hefur verið sem fundarstaður fyrir Vítisengla hafa sætt harðri gagnrýni þar sem húsnæðið verður mögulega gert að bústað fyrir fylgdarlaus flóttabörn.

Sænska sjónvarpið greinir frá því að fjöldi íbúa í nágrenninu hafi skrifað sveitarfélaginu bréf og sagt frá áhyggjum sínum vegna mögulegrar komu 18 flóttabarna þangað.

Einn bréfritaranna segir að hann muni ekki þora að láta eiginkonu sína vera utandyra og hann þori ekki að láta dætur sínar koma í heimsókn. Aðrir segjast aldrei hafa orðið fyrir ónæði af Vítisenglum. Hverfið hafi verið öruggt, þar hafi hvorki verið innbrot né skemmdarverk. Breyting blási við verði áætluð sveitarfélagsins hrint í framkvæmd. – íbs



Vítisenglar eru góðir grannar, að mati íbúa í Nacka í Svíþjóð. NORDICPHOTOS/AFP

Fylgstu með á Facebook
– Lindex Iceland
#LindexIceland

Trefill,
3835,-

Love your Summer

LINDEX

we make fashion feel good



Áburðardreifingarar
Grasið verður grænna með góðri og jafnri áburðargjöf

Reykjavík: Krókháls 16 110 Reykjavík Sími 568-1500	Akureyri: Lónsbakka 601 Akureyri Sími 568-1555	Opnunartími: Opnið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00 Lokað um helgar	Vefsíða og netverslun: www.thoris
--	--	--	---

PÓR F



SAA

Álfurinn 2016
- fyrir unga fólk



Rammaáætlun

Verkefnisstjórn 3. áfanga áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða


Að afloknu umsagnarferli um drög að tillögu um flokkun virkjunarkosta hefur verkefnisstjórn áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða útbúið tillögu að flokkun virkjunarkosta og óskar nú eftir umsögnum um tillöguna í samræmi við 3. mgr. 10. gr. laga nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Tillöguna og fylgigögn má nálgast á vef áætlunarinnar, www.amma.is

Umsagnarferlið hefst miðvikudaginn 11. maí 2016 og mun standa til miðnætis miðvikudaginn 3. ágúst 2016.

Umsögnum má skila á www.amma.is eða í bréfapósti til starfsmanns verkefnisstjórnar, Herðisar Schopka, í umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Skuggasundi 1, IS-101

Komin í öruggt skjól



Ríflega 88 þúsund manns hafa þurft að flýja heimili sín í Kanada vegna skógarelda sem geislað hafa þar síðastliðna viku. Eldarnir hafa hafa gleppt í sig fjöldamörg hús og 161 þúsund hektara ræktarlands. Fólk þó á myndinni er meðal þeirra sem dvelja nú í búðum á vegum almannavarna þar í landi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Sjálfstæðismenn vilja setja á ráðningabann

Halli á rekstri borgarinnar er mun meiri en búist var við. Starfsfólki hefur fjölgað um 244 á sex árum. Sjálfstæðismenn vilja ráðast í hagræðingaraðgerðir.

STJÓRNMÁL „Ég hef alltaf lagt áherslu á að það eigi að koma ráðningabann. 212 auka stöðugildi er óútskýrt hækking og bara þau eru einn og hálfur milljarður á ári,“ segir Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna í Reykjavíkurborg. Fyrir liggur að Reykjavíkurborg þarf að ráðast í mikinn niðurskurð til að rétta rekstrarhalla borgarinnar við.

Samkvæmt rekstrarreikningi borgarinnar var rekstrarniðurstaða A- og B-hluta reikningsins neikvæð um næri fimm milljarða króna. Áætlað var að niðurstaðan yrði jákvæð um næri 7,4 milljarða. Í ársreikningi borgarinnar kemur fram að þetta skýrist að stórum hluta af auknum og óvæntum lífeyrisskuldbindingum.

„Við eigum ekki að láta þessar reiknistærðir þvælast fyrir okkur og byrgja okkur sýn. Hækkun lífeyrisskuldbindinga í ár kemur til út af kjarasamningum og af því að stærðfræðingar hafa ákveðið að reikna út frá hærri lífaldri,“ segir Halldór.

Lausnir Sjálfstæðisflokksins felist, eins og áður segir, í ráðningabanni. „Það hætta margir á ári og við eigum að nýta okkur það í stað þess að reka

Það hætta margir á ári og við eigum að nýta okkur það í stað þess að reka fólk.



Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðismanna

Ég hef ekki orðið var við það að fólk innan borgarkerfisins sé ekki að gera neitt.



Björn Blöndal, oddviti Bjartar framtíðar

fólk. En ef þetta heldur svona áfram þá þyðir það hagræðingaraðgerðir og uppsagnir.“

Þá segir Halldór að fresta hafi mátt framkvæmdum í borginni, svo sem þrengingu á Grensásvegi og uppbyggingu við Borgarbókasafn.

Björn Blöndal, formaður borgarráðs, segir að vissulega hafi starfsmönnum borgarinnar fjölgað á síðustu árum. „Að hluta til má rekja það til þess að búið var að ganga nærri því starfsfólki sem var fyrir. Það má segja að við höfum gefið örlitinn slaka til að finna út hver er raunveruleg þörf á starfsmönnum.“

Hann segir að sviðsstjórum verði falið að meta raunverulega þörf sína.

„Við höfum verið með ráðningarrýni sem byggir á því að metið sé gaumgæfilega ef starf losnar hvort hægt sé að komast af án þess að ráða í það aftur. Ef einhver telur að búa þurfi til nýtt starf er þörfin á því sömuleiðis rýnd mjög náð. Ég hef ekki orðið var við það að fólk innan borgarkerfisins sé ekki að gera neitt en það verður auðvitað að gæta aðhalds við starfsmannahald í svona stóru batterí fyrir átta þúsund starfsmenn.“

snaeros@frettabladid.is

Enn meiri
verðlækkun!

Samsung Smart TV 4K Curved **55"**

199.990 kr. stgr.


Samsung Smart TV 4K Curved **48"**

159.990 kr. stgr.

Öll snjallsjónvörp tengjast netinu sem gerir allt efni mun aðgengilegra. Snjallasta leiðin til að horfa á sjónvarp.



**BESTI SJÓNVARPS-
DÍLLINN HJÁ NOVA!**



Apple TV 32 GB

25.990 kr. stgr.

Apple TV auðveldar aðgengi að öllu efni á netinu, sérstaklega sjónvarpsefni og leikjum!

Þingheimur krefst aðgerða við Mývatn

Þingmenn allra flokka á Alþingi lýstu yfir skýrum vilja sínum um aðgerðir til að bregðast við ófremdarástandi við Mývatn. Fjármagns er krafist til að aðstoða Skútustaðahrepp við fráveitumál. Umhverfisráðherra sammála en vísar á fjármálaráðherra.

UMHVERFISMÁL Skýr þverpólítískur vilji fyrir því að bregðast við ofauðgun Mývatns og dauða lífríkis í tengslum við hana kom fram á Alþingi í gær. Skýlaus krafa kom fram um það að Skútustaðahreppi verði veitt nauðsynleg aðstoð til að koma frárennismálum við vatnið í ásættanlegt horf.

Þetta kom fram í sérstakri umræðu um stöðu Mývatns og frárennismál, en málshefjandi var Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna. Hann bær upp þá hugmynd sína að nú þegar verði sveitarfélagið styrkt um 150 til 170 milljónir króna sem mótframlag ríkisins til uppbyggingar í fráveitu, sem sveitarfélagið hefði ekki bolmagn til að gera. Því til viðbótar verði lagðir til peningar til að efla þær rannsóknir á svæðinu sem eru nauðsynlegar og til úrvinnslu þeirra rannsóknargagna sem þegar liggja fyrir. Eins til nauðsynlegrar vöktunar á svæðinu.

Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra var til svara. Gerði hún grein fyrir því að samráðshópur hefur verið kallaður saman til að vinna að lausn málsins og ber honum að skila tillögum sínum fyrir 17. júní næstkomandi. Hún vill meina að verkleysi er varðar málefni Mývatns standist ekki skoðun, enda hafi hún unnið að málinu mánuðum saman. Eins hafi hún unnið að því

Okkur berast núna neyðarköll vegna ástandsins í Mývatni og Laxá frá Veidifélagi Laxár og Krákár, frá Fjöreggi, félagskap heimamanna um náttúruvernd og heilbriggt umhverfi í Mývatnssveit, og frá Landvernd. Umhverfisstofnun hefur haft Mývatn á valista sínum, rauðlistað, samfellt síðastliðin fjögur ár. Þannig er staðan.

Steingrímur J. Sigfússon, Vinstri grænum



að sameina Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvísindastöðina við Mývatn sem leið til að efla rannsóknir og vöktun. Sigrún vísaði hins vegar á Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra varðandi peningahlíð málsins.

Í svarræðu sinni missti Steingrímur þolinmæðina og ítrekaði að bregðast yrði við strax og fjárfesta í Mývatni – rannsóknir og vöktun snúi að fjármunum og mannskap. Það snúist ekki um



Þingmenn allra flokka eru sammála um að bjarga náttúruverlinni Mývatni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

stjórnunarfyrirkomulag, og vísaði til orða ráðherra um sameiningar rannsóknastofnana. Krafðist Steingrímur svara. „Verum ekki að gera þetta flókið. Er hæstvirtur ráðherra tilbúinn til að leggja slíka tillögu fram?“ spurði Steingrímur.

Sigrún kom í ræðustól strax á eftir Steingrími og sagðist „mjög tilbúin“ að leggja fram slíka tillögu. „Við í ráðuneytinu höfum áhyggjur og ég fagna mjög þeirri samstöðu um að

herja á að við fáum fjármagn í framkvæmdir við Mývatn.“

Þau Óttarr Proppé, Bjartri framtíð, Birgitta Jónsdóttir, Pírati, Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, Samfylkingu, og Elín Hirst, Sjálfstæðisflokki, tóku öll til máls og kröfðust öll skýlausra viðbragða stjórnvalda. Það gerði Svandís Svavarsdóttir, Vinstri grænum, einnig sem og Jón Gunnarsson, Sjálfstæðisflokki og formaður atvinnuveganefndar, sem hefur sagt að ekki

þurfi sérstakt þingmál til að ganga til verka, heldur að eyrnamerkja fjármagn strax til þess. Nefndi hann á dögnum svo háa tölu sem 1,5 milljarða króna, en umhverfisráðherra hefur tekið frekar fálega í það í svörum við spurningum fjölmiðla.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra voru ekki viðstaddir umræðuna. svavar@frettabladid.is

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



Stenst kröfur sem stærri bílar væru stoltir af



ŠKODA Rapid kemur skemmtilega á óvart, bæði í akstri og viðmóti. Hreinar línur, nýtt aflmikið yfirbragð og tímalaus fágun gera Rapid að frábærum kosti. Komdu í reynsluakstur og snertu á framtíðinni.

Verð frá aðeins

2.940.000 kr.

H HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílák Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is

KOMDU MEÐ GÖMLU SLÁTTUVÉLINA ÞÍNA OG FÁÐU
AFSLÁTT AF NÝRRI!
TILBOÐIÐ GILDIR FRÁ 11. - 17. MAÍ*

KAUPVERÐ 0 – 19.995 kr.

KAUPVERÐ 20.000 – 49.995 kr.

KAUPVERÐ 50.000 – 79.995 kr.

KAUPVERÐ 80.000 – 119.995 kr.

KAUPVERÐ YFIR 120.000 kr.

2.000 kr. afsláttur

4.000 kr. afsláttur

6.000 kr. afsláttur

10.000 kr. afsláttur

20.000 kr. afsláttur

*AFHENTU GÖMLU SLÁTTUVÉLINA ÞÍNA Á ÞJÓNUSTUBORÐINU

Bensínsláttuvél

Edition 2.0. 160 cc Honda GCV160 mótur.
Sláttubreidd 51 cm, 10 hæðarstillingar,
eða 25–75 mm, 60 l safnskúffa.

FULLT VERÐ 79.995
NÝTT FYRIR NOTAÐ AFSLÁTTUR 6.000,-

NÝTT FYRIR NOTAÐ VERÐ

73.995,-

Gardol
POWERED by
HONDA

NÝTT
fyrir
NOTAÐ

Komdu með gömlu sláttuvélina
þína og við losum þig við hana,
gegn því að þú kaupir nýja sláttuvél.
Afslátturinn ræðst af kaupvirði nýju
sláttuvélarinnar.

19.995,-

39.995,-

79.995,-

79.995,-

BOSCH

Flymo

RYOBI

BOSCH

Rafmagnssláttuvél

Rotak 32. 1200 W mótur. Sláttubreidd 32 cm,
3 hæðarstillingar, eða 20–60 mm, 31 l safnskúffa.
Þyngd 6,8 kg.

Rafmagnssláttuvél

Turbo 400 loftþrúðasláttuvél. 1500 W mótur.
Sláttubreidd 40 cm, 5 hæðarstillingar, eða 15–41
mm. Auðveld í meðförum og hentar mjög vel fyrir
millistóra og stóra garða.

Sláttuvél með hleðslurafhliöðu

RLM36X40H40. 36 V 4,0 Ah litíum+ rafhlaða og
hleðslutæki. Sláttubreidd 40 cm, 5 hæðar-
stillingar, eða 20–70 mm. 50 l safnskúffa. Þægilegt handfang.
Tvíklippibúnaður fylgir.

Sláttuvél með hleðslurafhliöðu

Rotak 43 Li. Tvær 36 V 4,6 AH litíum-ion rafhlöður.
Hleðslutími 1 klst. Sláttubreidd 43 cm,
7 hæðarstillingar, eða 20–70 cm. 50 l safnskúffa.
Með tvíklippibúnaði.

79.995,-

89.995,-

119.995,-

259.995,-

ALKO

Gardol
POWERED by
HONDA

McCULLOCH

HURRICANE

Bensínsláttuvél

Highline 525 SP. 190 cc B&S Series 650 E
Readystart mótur. Sláttubreidd 51 cm, sláttuhæð
30–80 mm. Með safnskúffu, tvíklippibúnaði og
útkasti að aftan. 70 l safnskúffa. Þyngd 38 kg.

Bensínsláttuvél

McCulloch Edition 1 XXL. 190 cc, með einum
öflugasta framhjóladrifna Honda-mótornum á
markaðnum. 56 cm sláttubreidd og 75 l safnskúffa.
3 í 1-kerfi gerir þér kleift að nota bæði hliðarútkast,
tvíklippibúnað og safnskúffu.

Sjálffkeyrandi bensínsláttuvél

iM56-190APX. 190 cc B&S mótur. Sláttubreidd
65 cm, sláttuhæð 30–90 mm. Með tvíklippibúnaði,
62 l safnskúffu og hliðarútkasti.

Sláttutraktorar

HTG 98 SD. 414 cc Alpina mótur. 7 hæðarstillingar,
eða 25–80 mm, 5 framgírur og 1 bakkgír. Þyngd
215 kg.

Tilboðið gildir frá miðvikudeginum 11. maí til og með þriðjudeginum 17. maí. Gildir á meðan birgðir endast.



BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is



BILDHÖFÐA
AKUREYRI
SELFOSSI

INTERSPORT
SPORT TO THE PEOPLE

Upplýsingar til Íslandsforeldra um síðustu úthlutun úr sjóði Íslandsforeldra í apríl 2016



Alls var úthlutað 1065 matarskömmtum til heimila barnafjölskyldna sem leituðu til Fjölskylduhjálparinnar. Þar af voru 365 börn sem nutu góðs af. Hjartans þakkir fyrir stuðninginn elsku Íslandsforeldrar!

Innkaupin voru sem hér segir:

Nesúbeigg	65.002 kr.
Ísam, mjólkurkex	184.295 kr.
Lýsi	216.783 kr.
Síld og fiskur, kæfa	126.540 kr.
Bananar ehf, kartöflur og appelsínur	147.630 kr.
MS ehf, mjólk, súrmjólk og smjör	195.780 kr.
Samtals	936.350 kr.

Einnig voru afhent fiskur og búðingur.

- **Sölufélag garðyrkjumanna** gáfu grænmeti (tómata, kál, blaðsalat, og gúrkur).
- **Eldum Rétt** gaf rauðlauk, hvítan lauk, paprikkur rauðar og gular.
- **MS** gaf jógurt, grjósnagrat og skyri.
- **Ísam** gaf Piparkökur og **Hop-vín** gaf okkur ávaxtasafa.
- **Mylla-Brauð** gaf nýbökuð brauð.

Við þökkum þessum fyrirtækjum innilega fyrir rausnarlegan stuðning.

Til þess að gerast Íslandsforeldri ferðu inná www.fjolskylduhjalp.is
~ Stuðningur þinn er ómetanlegur ~




Rodrigo Duterte hefur verið nefndur „Duterte Harry“, með vísan í bíómyndir með Clint Eastwood. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Verðandi forseti boðar breytta stjórnskipan

Hörkutólið Duterte lýsti yfir sigri í forsetakosningum á Filippseyjum. Hótar að láta drepa glæpamenn en ætlar í friðarviðræður við uppreisnarmenn. Vill breyta úr miðstjórnarvaldi yfir í sambandsríki. Hefur verið vinsæll borgarstjóri.

FILIPPSEYJAR Rodrigo Duterte, sem brátt verður forseti Filippseyja, hefur ítrekað verið líkt við hinn bandaríska Donald Trump. Duterte þykir glannalegur í yfirlýsingum en lítið bólar á skýrum stefnumálum.

Hann þykir jafnvel ganga lengra en Trump, svo mjög að ýmsir fyllast óhug við tilhugsunina um að hann verði forseti landsins.

Hann hefur til dæmis hótað því að láta drepa glæpamenn í stórum stíl og hefur nauðganir í flimtingum. Hann hefur sagt að hann myndi jafnvel drepa sín eigin börn, ef þau færu að fíka við eiturlyf.

Almenningur virðist hrífast af hörku hans og í forsetakosningum á mánudag vann hann öruggan sigur, fékk tæplega 39 prósent atkvæða í sinn hlut. Hann sagðist þjóðinni þakklátur fyrir stuðninginn.

Endanleg úrslit voru reyndar ekki komin í gær, en talið var nánast öruggt að niðurstaðan yrði nálægt þessu.

39%

kjósenda greiddu Duterte atkvæði sitt.

Duterte er búinn að vera bæjarstjóri í Davao í meira en tvo áratugi og situr jafnframt á þjóðþingi landsins. Hann er sagður harla vinsæll í kjördæminu, er nýlega kominn yfir sjötugt og var saksóknari á yngri árum.

Hann hefur ítrekað talað máli minnihlutahópa og stefnir að því að hefja friðarviðræður við uppreisnarsamtök í suðurhluta landsins, þar sem mikil spennan hefur verið áratugum saman með átökum, sem reglulega blossa upp.

Talsmaður Dutertes hefur einnig sagt að hann stefni að því að koma á

stjórnarskrárbreytingum. Hann vilji breyta stjórnskipun landsins úr því miðstjórnarvaldi, sem lengi hefur verið við lýði, yfir í sambandsríki með þingræðisfyrirkomulagi.

Þetta stangast á við ótta margra um að með honum sé kominn fram á sjónarsviðið maður sem muni endurreisa einræðisstjórn á Filippseyjum.

„Valdakjarninn í Manila, sem verður fyrir áhrifum af þessu kerfi, mun örugglega vera á móti þessari tillögu,“ hefur Reuters-fréttastofan eftir stjórn málafræðingnum Earl Parreno.

Duterte er hins vegar sagður hafa stundum beitt harla vafasömum aðferðum sem borgarstjóri við að útrýma glæpum úr Davao. Hann hafi látið hópa af hrottum sjá um að hrekja burt glæpamenn og jafnvel drepa þá, ef því var að skipta.

Borgin er nú talin ein sú öruggasta á Filippseyjum.

gudsteinn@frettabladid.is

Skotið á flóttafólk í Tyrklandi

TYRKLAND Tyrkneskir landamæra-verðir hafa beitt bæði skotvopnum og bareflum á sýrlenska flóttamenn, sem reyna að komast yfir landamærin til Tyrklands.

Mannréttindasamtökin Human Rights Watch fullyrða þetta. Þau segja að í mars og apríl hafi landamæraverðirnir orðið fimm manns að bana, þar á meðal einu barni. Þá hafi fjórtán manns orðið fyrir alvarlegum meiðslum.

Þetta er haft bæði eftir fólki, sem varð fyrir þessu ofbeldi, og sjónarvottum sem fulltrúar samtakanna hafa rætt við.

„Þótt tyrkneskir ráðamenn fullyrði að þeir taki á móti sýrlensku flóttafólki með opin landamæri og opinn fadn, þá eru landamæra-verðir þeirra að drepa og berja fólk,“ segir Gerry Simpson hjá Human Rights Watch. –gb



Flóttafólk Sýrlandsmegin við landamærin að Tyrklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

HVER ER ÞINN UPPÁHALDS?



mint
leaves &
chocolate



dulce de
leche



summer
berries
& cream



belgian
chocolate



pralines
& cream



coffee



salted
caramel



vanilla



strawberries
& cream



cookie &
dough chip



cookies
& cream



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

HAGKAUP
Sæmmtilegast að versla

Forskotið

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Fjörutíu og fimm dagar eru í dag til forsetakosninga hér á landi og rúm vika þar til framboðsfrestur rennur út.

Munur á efstu mönnum í könnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis á fylgi við framkomna frambjóðendur sem birt er í dag er jafnvel enn meiri en munur á milli forsetaframbjóðenda í upphafi kvikmyndarinnar Our brand is crisis sem út kom í fyrra og er byggð á forsetakosningunum í Bólívíu 2002. Jafnvel svo mikill að velta megi fyrir sér hvort hér verði yfirhöfuð skemmtileg kosningabarátt.

Myndin er hins vegar ágætisskemmtun og skartar Söndru Bullock í aðalhlutverki. Hún er dramatisering á því þegar kosningastjórnar voru fengnir frá Bandaríkjunum til aðstoðar við frambjóðendur í Bólívíu og hvernig persónu Söndru Bullock tókst að hífa fylgi gamla forsetans úr tíu prósentunum, á meðan vinsælasti frambjóðandinn var með 39 prósent og koma honum í sigursæti með leikjábrogðum.

Helsta brella hennar var að láta sinn mann hamra á því að óvissutimar væru fram undan og krísa sem styrka hönd þyrfti til að taka á. Skemmtilegur endurómur þar við orðræðu í upphafi baráttunnar hér. Í myndinni voru hins vegar 80 dagar í kosningar þegar slagurinn hófst fyrir alvöru.

Niðurstaða könnunarinnar sem birt er í blaðinu í dag sýnir afgerandi forystu Guðna Th. Jóhannessonar, en 69 prósent af þeim sem afstöðu taka ætla að greiða honum atkvæði sitt.

Í öðru sæti er nýframkominn frambjóðandi Davíð Oddsson, ritstjóri Morgunblaðsins og fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, fyrrverandi forsætis- og fjármálaráðherra, fyrrverandi borgarstjóri og fyrrverandi formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands. Titlarnir fanga fyrirferð frambjóðandans í landsmálinum síðustu áratugi, en fylgi við hann mælist 13,7 prósent.


Líklega hefði maður að óathuguðu máli buist við meira fylgi við Davíð vegna sterkra tengsla hans við einn stærsta stjórnsmálaflökk landsins. En með umdeildar ákvarðanir á borð við stuðning Íslands við stríð Bandaríkjamanna í Írak, einkavæðingu bankanna, og náttúrlega hrunmálin í huga er fylgið kannski bara furðu mikið.

Á eftir Davíð kemur Andri Snær Magnason rithöfundur með 10,7 prósentu fylgi. Aðrir frambjóðendur mælast með mun minna, en af þeim rís athafnakonan Halla Tómasdóttir hæst með eitt prósent að baki sér. Ólafur Ragnar Grímsson, fráfarandi forseti, sem dregið hefur sig úr kosningabaráttunni mælist með 3,2 prósent.

Þó að kosningabaráttan sé rétt að byrja er vandséð að annað en stóráföll gætu orðið til að breyta þeirri stöðu sem upp er komin og þeim mikla meðbyr sem framboð Guðna Th. virðist hafa.

Í kvikmyndinni um bólivisku kosningarnar þurfti gamli refurinn að loka 29 prósentu gati á tveimur og hálfum mánuði. Hér munar 55 prósentum á fylgi efstu manna í forsetakosningunum. En um leið er vert að hafa í huga að baráttan er rétt að byrja. Menn eiga enn eftir að mætast í kappæðum og líklegt að fylgi við frambjóðendur geti enn tekið breytingum.

Halldór



Líklega hefði maður að óathuguðu máli buist við meira fylgi við Davíð vegna sterkra tengsla hans við einn stærsta stjórnsmálaflökk landsins.

Frá degi til dags

Gagnagrunnur og gleymaska
Gagnagrunnur Panama-skjalanna svokölluðu hefur verið opinberaður á heimasíðu ICII, alþjóðasamtaka rannsóknarblaðamanna. Þar gefst almenningi færi á því að fletta upp Íslendingum og skoða tengsl þeirra við fyrirtæki og félög í aflandsfélögum vítt og breitt um heiminn. Griðarlega marga Íslendinga er að finna í þessum gagnagrunni en lítið síðan um fyrirtækin sjálf. Það er kannski í takt við vitneskju samlanda okkar um fyrirtækin; þeir vissu sjálfir hvort eð er lítið eða ekkert um málið, mundu ekki hvenær eða hvort þessu var slitið eða ekki. Samt sem áður geta allir fullvissað sig um að skattar höfðu verið greiddir af herlegheitunum.

Júróelexir

Með opnum gagnagrunnsins gæti farið svo að punktur yrði settur fyrir aftan aflandsþjálfunina. Nú vita allir hverjir áttu þar hlut að máli og hverjir ekki. Það er hins vegar ágætt fyrir þjóðarsálina að kúpla sig út þessa vikuna og fylgjast með Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Eftir farsakennt ástand í íslenskum stjórnsmálinum sem náði síðan hámarki síðustu daga í kringum forsetakjör í lok júní er að ég held hollt fyrir landann að fá sér öl, grilla á pallinum og gera sér glaðan dag. Ef hin margumtalaða þjóðarsál er yfirhöfuð til ætti Júróvision að vera ágætis meðferð. sveinn@frettabladid.is

Hjúkrunarheimili – breytt greiðslufyrirkomulag

Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra

Greiðsluþátttaka íbúa í dvalar- og hjúkrunarrýmum á hjúkrunarheimilum hefur lengi verið gagnrýnd og þess krafist að sjálfræði aldraðra yrði virt og hið svokallaða vasapeningakerfi afnumið. Núgildandi greiðslufyrirkomulag byggist á greiðslu daggjalda til hjúkrunarheimila úr ríkissjóði. Jafnframt greiða einstaklingar sem eru með tekjur yfir 82 þúsund krónur á mánuði eftir skatt allt að 380 þúsund krónur á mánuði til heimilisins. Lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar til íbúa á hjúkrunarheimilum falla jafnframt niður en þeir fá í dag lágmarksgreiðslur, eða svokallaða „vasapeninga“ sem eru tæplega 60 þúsund krónur á mánuði.

Rætt hefur verið um að breyta kerfinu þannig að íbúar á hjúkrunarheimilum greiði millilíðalaust fyrir almenna þjónustu, þ.e. fyrir mat, þríf, þvott, tómsundastarf og húsaleigu. Um heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. lyf og aðra umönnun, myndu gilda almennar reglur. Er þetta í samræmi við fyrirkomulag sem tíðkast t.d. í Danmörku. Húsaleiga tæki mið af stærð og gæðum húsnæðisins en einnig af tekju- og eignastöðu einstaklinganna. Fólk ætti jafnframt rétt á húsnæðisbótum.

Á fjárlögum 2016 er gert ráð fyrir 27,9 milljörðum króna í rekstur hjúkrunarheimila. Áætlað er að greiðslur vistmanna nemi 1,3 milljörðum króna. Þar fyrir utan er kostnaður vegna byggingar nýrra heimila en í nýrri ríkisfjármálaáætlun er gert ráð fyrir 4,7 milljarða króna framlagi úr ríkissjóði og Framkvæmdasjóði aldraðra til þriggja nýrra hjúkrunarheimila á næstu fimm árum. Verkefnið er stórt og mikilvægt. Virða verður sjálfræði aldraðra og gæta jafnræðis á milli þeirra sem búa heima og þeirra sem fara á hjúkrunarheimili. Jafnframt þarf að fara vel yfir kosti og galla núverandi fyrirkomulags og hugmynda um breytt kerfi.

Því hef ég, að höfðu samráði við heilbrigðisráðherra, skipað starfshóp til að gera nánari tillögur um breytt greiðslufyrirkomulag. Komandi verði á sérstöku tilrauna- verkefni í samvinnu við eitt eða fleiri hjúkrunarheimili. Hópurinn er skipaður fulltrúum frá Landsambandi eldri borgara, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu, Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkra- tryggingum Íslands og fulltrúum ráðuneytisins.

ROYAL
MAI
TILBOÐ

25% AFSLÁTTUR!

rekkjan

HEILSURÚM

Mótsögnin í meirihlutastjórnnum



Helgi Hrafn Gunnarsson þingmaður Pirata

Þegar þetta er skrifað eru tveir flokkar, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, í ríkisstjórn. Um 60% Alþingis samanstendur af sömu flokkum. Þetta fyrirkomulag viðgengst jafnan á Íslandi og virðast flestir telja þetta hið sjálf-sagða ástand og hið eina raunsæja: Meirihlutastjórn, þ.e. ríkisstjórn flokka sem saman mynda meirihluta á Alþingi.

Í því ríki sem er sennilega stjórn-skipunarlega líkast Íslandi, gömlu góðu Danmörku, er hins vegar mun meiri hefð fyrir minnihlutastjórnnum og ástæðan fyrir því er mjög góð: Undir þingræði er þinginu ætlað að veita ríkisstjórninni aðhald. Ef framkvæmdarvaldið og meirihluti þings-

ins samanstanda af sömu flokkunum er til staðar hagsmunaaðrekstur sem gerir þinginu ókleift að rækja með góðri trú það aðhaldshlutverk sem því er ætlað undir þingræði. Afleiðingin af fyrirkomulagi meirihluta-stjórnar er sú að þingið veikist mjög, bæði að starfsgetu og sjálfstæði.

Lítum aðeins betur á hefðina hér-lendis.

Tveir flokkar geta myndað saman meirihluta og annar þeirra fær umboð til að mynda ríkisstjórn. Fólkíð sem er ofar í goggunarröðinni í hverjum flokki fyrir sig fær sæti í ríkisstjórn, en fólkíð sem er neðar fær einungis sæti á Alþingi. Því ofar á lista sem þingmaður er, því meira tilkall hefur hann til setu í ríkisstjórn.

Berum þetta síðan saman við goggunarröð þingræðisins.

Hugmyndin með þingræðinu er nefnilega sú að þingið sé aðra framkvæmdarvaldinu, að ríkisstjórn starfi einungis í umboði þingsins og að þingið veiti ríkisstjórninni nauðsynlegt aðhald sem nokkurs konar yfirstofnun framkvæmdarvalds og ríkisstjórnar.

Í þessu felst ákveðin mótsögn sem líklega væri í lagi ef um væri að ræða minnihlutastjórn, þar sem ríkisstjórn minnihluta þarf að afla sér trausts annarra flokka en sinna eigin. En undir meirihlutastjórn, þar sem forystumenn flokkanna eru í ríkisstjórn og aðrir á þingi, getur óbreyttur stjórnarþingmaður ekki sinnt aðhaldshlutverki sínu án þess að ganga til höfuðs forystu síns eigin flokks. Slíkt kemur honum sjálfum ávallt illa, ekki einungis af því að hann þarf í einhverjum skilningi að berjast gegn eigin flokki, heldur einnig vekur hann óhjákvæmilega upp úlfúð samherja sinna – samherja sinna að ofan í þokkabót.

Í þessu felst hagsmunaaðrekstur milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds sem brýtur í bága við hugmyndina um þingræðið og dregur verulega úr bæði aðhaldshlutverki Alþingis og sjálfstæði þess gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Minnihlutastjórn ætti að vera reglan

Einstaka sinnum hafa hérlendis

verið minnihlutastjórnir, en þá hafa þær jafnan verið settar undir mjög sérstökum og jafnvel einstökum kringumstæðum, svo sem í nokkra mánuði eftir efnahagshrunið 2008. En minnihlutastjórn ætti ekki bara að vera einhver hugsanlegur, fræðilegur möguleiki undir einstökum kringumstæðum, heldur ætti minnihlutastjórn að vera reglan, undantekningalítil ef ekki undantekningalaus.

Mörgum þykir hins vegar eins og að meirihlutastjórnir séu einhvers konar stjórnskipunarleg nauðsyn, eða að minnihlutastjórnir séu á einhvern hátt ekki raunhæfar, en það er þess virði að ígrunda hversu meinlegt viðhorf það er til þingræðisins. Hvort sem það er menningunni, stjórnarskránni eða stjórnarandstöðunni hverju sinni að kenna, þá er það ekki í lagi að ríkisstjórnnum sé ókleift að starfa á Íslandi án þess að flokkspólitísk goggunarröð trompi helsta aðhalds- og eftirlitsaðilann. Það er hvergi nálægt því að vera í lagi.

Ef fólk telur þetta fyrirkomu-



Undir þingræði er þinginu ætlað að veita ríkisstjórninni aðhald. Ef framkvæmdarvaldið og meirihluti þingsins samanstanda af sömu flokkunum er til staðar hagsmunaaðrekstur sem gerir þinginu ókleift að rækja með góðri trú það aðhaldshlutverk sem því er ætlað undir þingræði.

lag óheppilegt en nauðsynlegt, þá undirstrikar sú afstaða einungis alvarleika vandans. Hvernig sem á málið er litið ber ekki að líta á meirihlutastjórnir sem stjórnskipunarlegt lögmál, heldur stjórnskipunarlegt vandamál.



Viltu vera með okkur í liði?

Sérfræðingur í vef- og samfélagsmiðlum

Við erum að leita að liðsfélaga í teymi þjónustustýringar sem m.a. sér um rekstur á vefjunum www.veitur.is og www.or.is. Markmið okkar er að reka framúrskarandi þjónustuvefi fyrir Veitur og OR þar sem áhersla er á sjálfsþjónustu, upplýsingagjöf og notkun samfélagsmiðla. Ef þú hefur tækniþekkingu, hugsar í lausnum og heldur vel utan um stór verkefni, ert nýjungagjörngjarn og hefur brennandi áhuga á þjónustu ættir þú að sækja um þetta starf.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Dagleg umsýsla, greining og þróun vefja
- Verkefnastjórnun og þróun þjónustuleiða
- Samskipti við þjónustuaðila

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskóla- eða tæknimenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af vinnu við vefumsjónarkerfi (Drupal er kostur)
- Þekking á vefforritun er kostur
- Góð samskiptahæfni, þjónustulund, frumkvæði og öguð vinnubrögð

Við bjóðum upp á krefjandi og skemmtileg verkefni, góða vinnuástöðu, mötuneyti og líkamsræktarástöðu. Við viljum vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, starfsþróun, jafnrétti og jafnvægi á milli vinnu og einkalífs.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is. Eingöngu er tekið á móti umsóknum á ráðningavef OR, starf.or.is, þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna.

Umsóknarfrestur er til og með 23. maí 2016



Jafnsmáttakið
PvC
2016



JAFNRÉTTISRÁÐ

OR er fjölbreyttur og lífandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Orkuveita Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík
Sími • Tel. +354 516 6100 • www.or.is

OR Orkuveita Reykjavíkur

Forystusætið fyrir dómstóla?



Orri Vigfússon
formaður NASF,
Verndarsjóðs
villtra laxastofna

Nýlega féll dómur í Bandaríkjunum sem hafnaði áætlunum stjórnvalda þar í landi um mótvægisáðgerðir í Columbiaánni í fylkjum Washington og Oregon, sem ætlað var að draga úr neikvæðum áhrifum virkjana í vatnakerfinu (<https://www.scribd.com/doc/311532671/NWFvNMFS>). Málið var höfðað fyrir hönd samtaka frumbyggja, náttúruverndarinnar og veiðimanna og flutt af umhverfislögfræðingum sem kalla sig EarthJustice. Í dómnum er hafnað málalátunni og nálgun virkjanasinnar í málinu – sem hljómar allt kunnuglega fyrir þau okkar sem hafa fylgst með áformum Landsvirkjunar um að virkja í neðri hluta Þjórsár. Þetta er í fimmta sinn sem dómur fellur í þessari 20 ára gömlu deilu um hvað beri að gera til að bjarga laxfiskstofnum í Columbiaánni. Þar hafa rándýrar og umfangsmiklar áðgerðir ekki skilað tilætluðum árangri svo dómurinn

gefur stjórnvöldum nú tvö ár til að móta raunhæfari tillögur sem byggjast á nýrri nálgun.

Undanfarna áratugi hafa alls kyns sérfræðingar í málefnum virkjana og umhverfisáhrifum þeirra, verkfræðingar og líffræðingar, legið yfir áætlunum um mótvægisáðgerðir og orkufyrirtækin í Columbiaánni hafa mokað peningum í fiskvegi, seiðasleppingar og seiðaveitur en allt hefur komið fyrir ekki. Dómurinn telur að skynsemisrök, forsjálni og ráðdeild hafi ekki ráðið för heldur er talað um að málflutningur virkjanasinnar sé byggður á duttlungum og gerræðissjónarmiðum; þ.e. þeir velji úr þeim upplýsingum sem fyrir liggja til þess að auka líkurnar á að málflutningur þeirra hljómi vel fremur en að leitast við að komast að rökréttum niðurstöðum miðað við fyrirliggjandi gögn.

Þetta mál í Bandaríkjunum er að mörgu leyti sambærilegt við það sem við hjá NASF, Verndarsjóði villtra laxastofna, höfum verið að berjast við hér á landi í sambandi við Rammaáætlun og virkjanaáform í neðri hluta Þjórsár. Við höfum bent á að Landsvirkjun og stjórnvöld undir hatti Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar og verkefnastjórn Rammaáætlunar hafi valið úr og jafnvel hagrætt rannsóknum og orðum þeirra fræðimanna sem

kallað hefur verið eftir álit hjá um áhrif virkjana á fiskstofna í ánni. Rétt eins og það eigi bara að virkja og vona svo það besta um að vel takist til með mótvægisáðgerðirnar þótt reyndu annarra þjóða bendi ekki til að sú verði raunin – ekki sist reyndu frá Columbiaánni í Bandaríkjunum en þangað sóttu verkfræðingar Landsvirkjunar sér m.a. ráð og leiðbeiningar um hönnun seiðaveitna hér hjá sér. Það hlýtur að teljast áhyggjuefni að úrræði sem ítrekað hafa verið dæmd einskis nýt í Bandaríkjunum séu notuð sem fyrirmynd hér á landi.

Varanlegur skaði

Dómurinn frá Bandaríkjunum hafnar því að hægt sé að umgangast vistkerfið og villta dýrastofna í útrýmingarhættu af slíkri léttúð. Hér á landi hefur tíðkast að mengunarsinnar, hvort sem þeir eru í virkjanahug eða með stórfelld fiskeldisáform í opnum sjókvím, hafa haft nær ótakmarkaðan aðgang að fjármunum skattgreiðenda til að skipuleggja, rannsaka, kynna og byggja upp samfélagslega innviði í kringum framkvæmdir sínar. Á meðan hafa landeigendur og náttúruverndarsinnar þurft að kosta sjálfir alla vörn gegn glannalegum áformum sem munu valda lífríkinu varanlegum skaða auk þess að

spilla möguleikum til annars konar atvinnustarfsemi og sjálfbærrar fénýtingar náttúruauðlinda. Ekki bætir það úr skák þegar skemmdarvargarnir taka til við að breyta áætlunum sínum, færa virkjanir til, skipta regnbogasilungum út fyrir kynbættan framandi lax og landeigendur og sjálfböðaliðar þurfa í sífellu að finna nýtt fjármagn til að greiða fyrir nýjar og nýjar sérfræðigreiningar.

Það var því bæði ánægjulegt en um leið grafalvarlegt að ESA, eftirlitsstofnun EFTA, sendi núna 4. maí frá sér ótvíræðan úrskurð (<http://www.eftasurv.int/media/esa-docs/physical/792444.pdf>) um að hér á landi hefði löggjöfin ekki verið löguð að Evrópuþingsáttunum sem hafa það markmið að veita almenningi og einstökum hagsmunaaðilum vernd til að geta spornað við umhverfisárásum öflugra fyrirtækja sem starfa í skjóli stjórnsvalda. Gagnrýnir ESA að tilskipun Evrópusambandsins frá 2011/92/EU um hvernig staðið skuli að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda hafi ekki verið innleidd hér á landi og þannig tryggt að tekið sé lögmætt og rökrétt tillit til sjónarmiða umhverfissinnar líkt og dómurinn í Bandaríkjunum gerir. Það er ekki nóg að leyfa fólki að koma með athugasemdir ef þær



Það hlýtur að teljast áhyggjuefni að úrræði sem ítrekað hafa verið dæmd einskis nýt í Bandaríkjunum séu notuð sem fyrirmynd hér á landi.

eru ekki teknar til greina og metnar á hlutlægan hátt líkt og gert er í bandaríska dómnum.

Það veitir okkur náttúruverndarinnunum von í málinu að ESA segist ihuga að fara með þessari málefni Íslands fyrir dómstóla ef stjórnvöld bregðist ekki skjótt og vel við. Þau sjónarmið sem kynnt eru í úrskurðinum ættu þó að duga íslenskum stjórnvöldum til að breyta vinnubrögðum sínum hið snarasta í stað þess að láta dæma sig til að taka eðlilegt tillit til lögmætra réttlætis- og náttúruverndarsjónarmiða. Núverandi ríkisstjórn lýsti þeim einunnarorðum strax í upphafi valdafers síns í maí 2013 að Ísland skyldi vera í fararbroddi í umhverfisvernd á heimsvísu. Forystusætið í þeim efnum er ekki ætlað þeim sem bíða eftir slíkum dómum.

Sjálfbær Kerlingarfjöll



Erla Björk Þorgeirsdóttir
verkefnisstjóri hjá
Orkustofnun



Nú er gullið tækifæri til þess að koma í veg fyrir umhverfisslys í Kerlingarfjöllum með því að leggja þangað rafstreng sem gæti þjónað öðrum fjallaskálum á svæðinu.

Á heimasíðu fréttamiðilsins Visir.is birtist frétt þann 4. maí þar sem fjallað er um að Landvernd hafi ekki nýtt tækifæri til að mótmæla byggingu 120 herbergja hótels í Kerlingarfjöllum. Reiknað er með að þegar hótelið er fullbyggt muni verða 342 gistirými á staðnum, sem í núverandi aðstöðu eru um 50 í uppþúnum rúmum og annað eins í svefnpokaplássi.

Starfsemi í kringum slíkan fjölda gistirýma samsvarar heilu þorpi sem þarf á orku að halda. Þetta fyrirhugaða hótél er dæmi um þá uppbyggingu sem er í gangi í ferðaþjónustunni. Slík uppbygging má ekki eiga sér stað á grundvelli aukinnar notkunar jarðefnaeldsneytis til upphitunar, lýsingar og samgangna á tímum hnatttrænnar hlýnunar, allra síst á hálendinu.

Í dag er þegar til staðar ferðaþjónusta á svæðinu og þar er lítil vatnsaflsvirkjun sem nægir ekki til að fullnægja þörfum svæðisins hvað þá fyrirhuguðu nýju hóteli. Á sama tíma og verið er að skipuleggja uppbyggingu í Kerlingarfjöllum vinnur umhverfisráðuneytið að því að fríðlýsa Kerlingarfjöll gegn orkuvinnslu. Varla er það hugmyndin að leggja af vatnsaflsvirkjun á svæðinu og skipta henni út fyrir jarðefnaeldsneyti? Þá hlýtur að vera farsælla að fá endurnýjanlega orku á svæðið um rafstreng.

Nú er gullið tækifæri til þess að koma í veg fyrir umhverfisslys í

Kerlingarfjöllum með því að leggja þangað rafstreng sem gæti þjónað öðrum fjallaskálum á svæðinu. Þá væri hægt að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis á svæðinu með tilheyrandi mengun og möguleikum á umhverfisslysum.

Kostnaður við að leggja rafstreng um langan veg er raunar hár, svo það má spyrja sig hvort ekki sé ástæða til að stíga stærra skref og virkja hluta af þeim jarðvarma sem er á svæðinu til upphitunar, baða og raforkuframleiðslu og selja frekar orku um strenginn sem þarf að leggja hvort er. Þetta myndi einnig gefa möguleika á því að nýta rafbíla til að flytja fólk á svæðið þar sem hægt væri að hlada bílana á staðnum.

Með aukinni nýtingu á endurnýjanlegri orku á hluta af svæðinu væri hægt að sjá Kerlingarfjöllum fyrir hitaveitu og rafmagn og bjóða upp á jarðböd, ræktun grænmetis og eldisfisks, þannig að staðurinn gæti orðið þekktur sem sjálfbær og umhverfisvæn auðlindagarður. Þannig mætti nýta auðlindir svæðisins, í samvinnu við ferðaþjónustu, þannig að vel fari. Slík samþætting gæti vafalaust aukið á aðráttarafi svæðisins fyrir ferðamenn.

Horfum með opnum huga til langrar framtíðar og nýtum Kerlingarfjöll á sjálfbæran hátt.



Ég trúí á framtíðina



Halla Tómasdóttir
forsetafram-
bjóðandi

Mótmælin sem spruttu upp í kjölfar uppljóstrana í Panama-skjölunum snerust ekki eingöngu um lögfræðileg álitaefni og réttmætar skattgreiðslur, heldur voru Íslendingar að mótmæla síðferðilegri hegðun forystufólks og óska eftir umbreytingum í formi nýrra grunngilda í okkar samfélagi.

Ég býð mig fram til embættis forseta Íslands til að gera gagn og láta gott af mér leiða. Ég set á oddinn það verkefni sem blasir við, sem er að horfa til framtíðar og byggja samfélag okkar á: heiðarleika, réttlæti, jafnrétti og virðingu.

Það skiptir mig máli að búa í samfélagi þar sem þessi gildi eru í hávegum höfð. Ég veit að ég er ekki ein um það, því slembiurtak þjóðarinnar valdi þessi gildi sem leiðarljós samfélagsins á þjóðfundum árið 2009. Ég er stolt af því að hafa verið ein þeirra sem hrintu þjóðfundinum í framkvæmd og mig langar að bretta upp ermar og halda þessu verkefni áfram. Þetta er langtímaverkefni sem krefst ekki aðeins víðtækra umræðu í samfélaginu, heldur einn-

ig leiðtoga á öllum sviðum sem sýna gott fordæmi bæði í orði og á borði.

Ísland er fyrirmynd annarra þjóða í ýmsum málum þó margt þurfi að bæta. Stærsta verkefnið er brostið traust, og það lögum við ekki með ósætti og ótta. Sameiginleg gildi og skýrar leikreglur leggja grunn að samfélagslegri sátt. Því er mikilvægt að ljúka endurskoðun stjórnarskrárinnar og skýra þar með leikreglur okkar samfélags. Sú staða sem nú er uppi í aðdraganda forsetakosninga sýnir svart á hvítu margt sem þarf að laga.

Verði ekki háðar geðþótta forseta

Stjórnarskrár þeirra lýðræðissamfélaga sem við Íslendingar berum okkur helst saman við kveða á um hversu lengi forseti getur setið í embætti. Fyrir slíkum ákvæðum eru góðar og gildar ástæður enda hefur ítrekað komið í ljós að það getur reynst valdhöfum erfitt að þekkja sinn vitjunartíma. Þá er mikilvægt að breyta kosningafyrirkomulagi á þann veg að komið sé í veg fyrir að tiltölulega litill hluti kjósenda geti staðið að baki kjórs forseta. Einnig mætti endurskoda tímaramma kosninga sem og kröfur sem gerðar eru til frambjóðenda. Síðast en ekki sist tel ég nauðsynlegt að stjórnarskráin tryggji að veigamiklar ákvarðanir um lýðræðið verði ekki háðar geðþótta forseta.

Þær aðstæður sem nú eru uppi í okkar samfélagi kalla á engan máta



Við Íslendingar stöndum á tímamótum og höfum nú tækifæri til að velja á milli fortíðar, meira af því sem verið hefur, eða framtíðar á grunnni góðra gilda og skýrra leikreglna svo hér megi byggja upp traust á ný og sameina og sætta þjóðina.

á ótta eða óryggi. Litum frekar á þær sem tækifæri til að ræða heiðarlega hvernig við getum innleitt þau grunngildi sem samstaða er um, hvernig við drögum lærdóm af reynslunni og skýrum leikreglur okkar í stjórnarskrá. Við Íslendingar stöndum á tímamótum og höfum nú tækifæri til að velja á milli fortíðar, meira af því sem verið hefur, eða framtíðar á grunnni góðra gilda og skýrra leikreglna svo hér megi byggja upp traust á ný og sameina og sætta þjóðina. Ég býðst til að leiða það starf, því þannig samfélag vil ég. Litil stúlka sem heimsotti kosningaskrifstofu mína fyrir skemmstu spurði mig um hlutverk forseta og lýsti svári mínu í framhaldi fyrir móður sinni með þessum orðum: Forseti hittir margt fólk og hvetur okkur til að haga okkur vel og vera góð við hvert annað. Þannig forseti vil ég vera.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is





Innovation
that excites

FÓLK EÐA FARMUR? RAFMAGN EÐA DÍSIL?



RAFBÍLL

24kWh RAFHLAÐA - 170 KM DRÆGNI**

NISSAN e-NV200, SENDIBÍLL. 4.590.000 KR.

NISSAN e-NV200, 5 SÆTA. 4.790.000 KR.

NISSAN e-NV200, 7 SÆTA. 4.990.000 KR.

DÍSILBÍLL

1,5 L DÍSILVÉL, EYÐSLA 4,9 L/100 KM*
5 ÁRA ÁBYRGÐ/160.000 KM

NISSAN NV200, SENDIBÍLL. 3.490.000 KR.

NISSAN NV200, 5 SÆTA. 3.990.000 KR.

NISSAN NV200, 7 SÆTA. 4.190.000 KR.

Nissan NV200 kemur sterkur inn sem spennandi lausn fyrir þá sem þurfa sendi- eða fólksflutningabíl í millistærðarflokki. Nýju NV200 sendibílastarir taka tvö EURO bretti og eru því hentug stærð fyrir mörg fyrirtæki. Í fólksflutningaútfærslum er hægt að velja 5 sæta útgáfu með gluggum og farangursrými aftast eða 7 sæta útgáfu með gluggum.

Nissan NV200 bílastarir eru með ríkulegan staðalbúnað með upphituð framsæti og stýri,** tímarofa á miðstöð sem hitar bílinn upp fyrir morgunakstur,** bakkmyndavél, USB og AUX tengi og handfrjálstan símabúnað svo eitthvað sé nefnt.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



*Mikil við uppgæfhar tölur framleiðanda um eidsneyktisnotkun í blönduðum akstri. / **Aukabúnaður í rafbílastarir. 170 km uppgefin drægni hverrar hieðslu miðast við uppgæfhar tölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður.

ENNEK / SIA / NM75265

Margrét Lára Viðarsdóttir

Félag: Valur
Aldur: 29 ára
Ferill: ÍBV, Valur, Duisburg, Linköping, Kristianstad, Turbine Potsdam.
Landsleikir/mörk: 106/76

Ferill með Val í efstu deild:

2005: 14 leikir, 23 mörk
2006: 14 leikir, 34 mörk
2007: 16 leikir, 38 mörk
2008: 18 leikir, 32 mörk
Samtals: 62 leikir, 127 mörk



Margrét Lára Viðarsdóttir er komin aftur heim í íslenska boltann eftir farsælan atvinnumannsferil í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ekki bara pakkað í vörn

Útlit er fyrir afar jafna og harða toppbaráttu í Pepsi-deild kvenna þetta árið en Íslandsmeisturum Breiðabliks er spáð titlinum. Markadrottningin Margrét Lára Viðarsdóttir snýr aftur í deildina eftir sjö ára fjarveru.

FÓTBOLTI Breiðabliki er spáð Íslandsmeistaratitlinum í Pepsi-deild kvenna en spá forráðamanna félaga í deildinni var kynnt í gær. Blikar eru ríkjandi Íslandsmeistarar en ljóst er að þeir munu fá harða samkeppni um titilinn. Stjarnan, Valur og ÍBV munu blanda sér í baráttuna og Þór/KA, Fylkir og Selfoss geta vel veitt bestu liðunum samkeppni.

„Þetta lítur út fyrir að verða mjög jafnt mót í ár,“ sagði Valskonan Margrét Lára Viðarsdóttir sem snýr nú aftur í deild þeirra bestu hér á landi eftir sjö ára dvöl í Evrópu sem atvinnumaður.

„Auðvitað er tilhlökkunin mikil. Grasvellirnir eru kannski ekki allir í sínu besta standi en þetta verður bara betra með tímanum. Ég á von á skemmtilegu móti,“ segir hún.

Aðalmálið að liðið nái árangri Margrét Lára er næstmarkahæsti leikmaður efstu deildar kvenna frá upphafi og þó svo að hún eigi nokkuð í land með að jafna markamet Olgu Færseth segist hún hafa sin markmið.

„Ég er keppnismanneskja og langar að ná árangri. En aðalatriðið er auðvitað að liðið nái árangri og ef ég get hjálpað til með því að pota inn nokkrum mörkum þá er það frábært,“ segir hún og bætir við að hún kunnist ágætlega við að Val hafi verið spáð þriðja sæti.

„Það þýðir að öll pressan er ekki á okkur. En við erum með okkar markmið sem eru skýr.“

Óhrædd við að spila sókn

Margrét Lára segir að í leikmannahópi Vals sé góð blanda af reyndum

269

Markamet Olgu Færseth í efstu deild kvenna. Margrét Lára Viðarsdóttir kemur næst með 175 mörk.

» Í fyrra gekk spá forráðamanna liðanna í Pepsi-deild kvenna fyrir efstu fjögur sætin upp.

og ungum leikmönnum. Hópurinn sé þar að auki breiður.

„Það verður erfitt fyrir þjálfaraliðið að finna réttu blönduna, gæti ég trúað. Við erum reyndar með nokkra lykilmenn í meiðslum og kannski verðum við seinar í gang. Ég vona þó að við verðum klárar í slaginn í fyrsta leik,“ segir hún en Valur mætir Fylki á útivelli í fyrsta leik í kvöld.

Hún segir að það séu mikil gæði í deildinni og að það sjáist einna best á því að liðin eru flest óhrædd við að spila sóknarbolta.

„Það eru ekki mörg lið sem pakka í vörn og eru bara með gamaldags „sweeper“. Liðin eru að reyna að spila fótbolta. Ég held að árangur landsliðsins síðustu árin hafi hvatt ungar stelpur á sínum tíma sem skilar sér í því að við eigum fleiri góðar fótboltakonur og mörg sterk lið.“



Sigmundur Lárusson frá SportTV, Sævar Freyr og Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ.

Markaðstættur eftir hverja umferð

Helena Ólafsdóttir, fyrrverandi landsliðskona og margreyndur þjálfari, hefur gengið til liðs við Stöð 2 Sport og mun stýra umfjöllun um Pepsi-deild kvenna í sumar.

Einn leikur verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport í hverri umferð og verður hún svo gerð upp í markaðstætti þar sem sýnt verður frá öllum leikjunum.

„Loksins erum við að ná að setja kvennaknattspyrnuna í þann sess sem hún á skilið. Það er mikið

Má ekki vanmeta neitt lið

Rakel Hönnudóttir, fyrirlíði Breiðabliks, bjóst við því að hennar liði yrði spáð efsta sæti.

„Ég bjóst við þessum liðum [Breiðabliki, Stjörnunni og Val] í efstu þrjú sætin og svo var spurning um hvert þeirra yrði efst. En það kom ekki á óvart að okkur hafi verið spáð titlinum enda nánast með sama leikmannahóp og í fyrra,“ segir hún.

„Ég er mjög spennt fyrir því að

ánægjuefni fyrir mig persónulega,“ sagði Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri 365.

„Helena er með mikla reynslu og ég er algjörlega sannfærður um að hún á eftir að vekja mikla athygli í sumar.“

Fyrsti leikurinn sem sýndur verður í beinni útsendingu verður viðureign Stjörunnar og Þórs/KA klukkan 18.00 í kvöld. Fyrsti markaðstætturinn verður svo á dagskrá á mánudagskvöld.

þyrja. Það eru leikmenn eins og Margrét Lára að koma til baka úr atvinnumennsku sem styrkir deildina mikið,“ bætir Rakel við en Breiðablik mætir KR í fyrstu umferðinni. KR-ingum var spáð neðsta sæti en Rakel segir að það megi ekki vanmeta neitt lið.

„Við gerðum jafntefli við KR í fyrra sem sýnir að það getur allt gerst. Maður þarf að taka hvern leik alvarlega.“ eirikur@365.is

Nýjast**Enska úrvalsdeildin****West Ham - Man. Utd. 3-2**

1-0 Diafra Sakho (10.), 1-1 Anthony Martial (51.), 1-2 Anthony Martial (72.), 2-2 Michail Antonio (76.), 3-2 Winston Reid (80.).

United er ekki lengur með Meistaradeildarörlögin í eigin höndum. Það verður að vinna í lokaumferðinni og treysta á tap City.

Efst	Neðst
Leicester 80	Bournem. 42
Tottenham 70	Sunderland 35
Arsenal 68	Newcastle 34
Man. City 65	Norwich 31
Man. Utd 63	Aston Villa 17

UNITED MISSTI AF SANCHES Bayern München styrkti sig fyrir átökin í þýsku 1. deildinni í gær með kaupum á þýska miðverðinum Mats Hummels og Portúgalanum Renato Sanches sem er 18 ára gamall og einn efnilegasti leikmaður heims. Manchester United var búð að tryggja sér þjónustu Sanches að því er félagið hélt en þýska stórlíðið varð á undan að sýna peningana og stakk undan enska stórlíðinu. Sanches verður vafalítið í portúgalska landsliðshópnum sem mætir strákunum okkar í St. Étienne í fyrsta leik liðanna á EM 2016.

» Af hverju geta ensku liðin aldrei keypt eða tilkynnt um nýja menn utan glugga? Virðist vera sára einfalt fyrir þýsku liðin.

Garðar Marvín
[@gardarmarvin](#)

GÓÐUR FYRIRBOÐI

Annar leikur Hauka og Aftureldingar í lokaúrslitum Olisdeildar karla í handbolta fer fram að Varmá í kvöld. Afturelding er 1-0 yfir í einvíginu gegn Íslandsmeisturinum eftir frábæran sigur á Ásvöllum um síðustu helgi. Afturelding varð með því áttunda liðið í sögu úrslitakeppni karla sem vinnur fyrsta leikinn í lokaúrslitum á útivelli. Öll hin sjö stóðu síðar uppi sem Íslandsmeistarar þannig að vinna fyrsta leik á útivelli í lokaúrslitum er góður fyrirboði.

Sex síðustu hafa einnig unnið annan leikinn en Mosfell-ingar fá einmitt tækifæri til þess á heimavelli í kvöld.



» **Mín pepsi kvk spá: 1. Valur 2. Star 3. Bblík 4. Fylkir 5. Þór/KA 6. ÍBV 7. Selfoss 8. ÍA 9. KR 10. FH. #pepsi365**

Valgerður Jóhannsdóttir
[@valgerdurjo](#)

Í dag

17.50 Stjarnan - Þór/KA Sport4
18.35 Sunderland - Everton Sport2
18.35 Norwich - Watford Sport3
18.50 Liverpool - Chelsea Sport

18.00 Stjarnan - Þór/KA Samsungv.
18.00 ÍBV - Selfoss Hásteinsvöllur
18.00 Fylkir - Valur Floridanavöll.
18.00 Breiðablik - KR Kópavogsv.
19.30 UMFA - Haukar N1-höllin



OYSTER PERPETUAL
GMT-MASTER II

ROLEX

M
MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 11. maí 2016

19. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

»4

Þræðir liggja til skattaskjóls

Félög sem voru í eigu stjórnenda Ice-capital eru nú í eigu félaga í skattaskjóli. Þeir skulda þrotabúinu stórfé.

»5

Hófsamar væntingar

Forsvarsmenn Auraráðs hafa hófsamar væntingar um veltu með rafmyntina.

»8

Svipmyndin Hrannar Pétursson

Nýr aðstoðarmaður utanríkisráðherra var nýhættur við forsetaframboð þegar hann fékk kallið.

»8

Fleiri vilja aðild

Ný könnun breska viðskiptaráðsins sýnir að á meðal fólks í atvinnulífinu eru örlítið fleiri hlynntir aðild að ESB.

»10

Leggjum AGS niður

Lars Christensen segir að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sé óþarfur við núverandi aðstæður.

Bygging íbúða að aukast á ný

Hafin var smíði á 926 íbúðum í Reykjavík í fyrra. Auknar kröfur eru um minni íbúðir. Sérfræðingar spá áframhaldandi aukningu í byggingu íbúða næstu tvö árin. »6



Sjónmælingar í Optical Studio

Tímapantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind
sími 5288500

Optical Studio í Keflavík
sími 4213811

Optical Studio í Leifstöð
sími 4250500

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK



SKJÓÐAN



Seint lærir Seðlabankinn

UNDANFARIN MISSERI hafa hrein gjaldeyriskaup Seðlabankans á markaði stigmagnast. Árið 2014 námu slík kaup 111 milljörðum króna en í fyrra námu þau 272 milljörðum króna. Á þessu ári stefnir í að hrein kaup bankans á gjaldeyri fari nærri 400 milljörðum. Hreinn gjaldeyrisfordi nam í lok mars tæplega 400 milljörðum og heildarfordinn var 735 milljarðar.

SEÐLABANKINN, sem kynnr vaxtaákvörðun í dag, hefur haldið vöxtum hér á landi himinháum í samanburði við öll viðmið-unarlönd. Verðbólga hefur nú í mörg misseri verið svipuð og í nágrannalöndum Íslands, þegar notast er við sambærilegar forsendur, en samt eru stýrivextir Seðlabanka Íslands svo háir að raunvextir eru mörg hundruð sinnum hærra en annars staðar. Þetta hefur eðlilega leitt til mikils innflæðis gjaldeyris til landsins í formi vaxtamunarskipta og styrkt krónuna frá því sem annars hefði verið.

STERK KRÓNA heldur verðbólgu í skefjum en hefur þann kostnað í för með sér að veikja útflutningsvinnugreinar og stuðla að auknum innflutningi og þar með viðskiptahalla, sem til lengdar stuðlar að óstöðugri krónu. Mikil gjaldeyriskaup Seðlabankans hafa einnig þau áhrif að auka mjög peningamagn í umferð og grafa þannig undan yfirlýstum þensluvörnum, sem bankinn segist stunda með hávaxtastefnu sinni.

Á SÍÐASTA ÁRI hækkaði Seðlabankinn stýrivexti sína um 1,25

prósentustig eða því sem næst fjórðung til að gera upptækar launahækkanir á almennum vinnumarkaði, sem færðu í mesta lagi 70 til 80 milljarða, að teknu tilliti til skatta, í vasa launþega og þannig út í hagkerfið með einum eða öðrum hætti. Þetta taldi bankinn nauðsynlegt til að viðhalda verðstöðugleika í landinu. Á sama tíma dældi bankinn sjálfur 272 milljörðum út í hagkerfið með kaupum á gjaldeyri, eða næstum fjórfaldri þeirri fjárhæð sem stafaði af kjarasamningum. Þeir peningar fóru að miklu leyti til fjárfestinga hér innanlands og ekki síst á fasteignamarkaði. Þetta hefur verið einn áhrifaþáttur þess að fasteignaverð hefur rokið upp hér á landi.

ÓLÍKT ÞVI SEM TÍÐKAST í öðrum löndum er húsnæðiskostnaður tekinn inn hér á landi sem hluti þeirrar vísitölu sem mælir verðbólgu. Án húsnæðisliðarins hefur nær engin verðbólga mælst hér undanfarnin misseri. Þannig kyndir Seðlabankinn sjálfur verðbólguþáttið með þensluskapandi gjaldeyriskaupum og refsar almenningi og atvinnufyrirtækjum með hæstu raunvöxtum á byggðu bóli, sem aftur stuðla að frekara gjaldeyrisinnstreymi.

ÞETTA ER SAMI vítahringurinn og Seðlabankinn leiddi hagkerfið í fyrir hrun. Þá neyddust fyrirtæki og heimili til að taka gengistryggð lán því enginn löglegur rekstur gat staðið undir vaxtaokrinu sem Seðlabankinn leiddi hér á landi. Við munum hvernig það fór. Án stefnubreytingar endar með því að Seðlabankinn setur allt á hliðina hér á landi, aftur.

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** jonhakon@365.is

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Daníel Rúnarsson**
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

ALLA DAGA VIKUNNAR Í OPINNI DAGSKRÁ KL. 18.30



VIÐ FLYTJUM ÞÉR
FRÉTTIRNAR

Fréttir Stöðvar 2, í opinni dagskrá alla daga vikunnar, alla daga ársins, kl. 18.30.

365
FRÉTTASTOFA



Stofnendur Rentmate, Eyþór Logi Þorsteinsson, Jóhann Ívar Björnsson, Sigurður Davíð Stefánsson og Óli Pétur Friðbjósson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stofna leigumiðlun fyrir erlenda stúdenta

Fjórir nemendur við HR hafa stofnað fyrirtæki sem aðstoðar erlenda stúdenta við að finna húsnæði hér á landi. Þörfin sé mikil enda hafi háskólarnir tekið þeim fagnandi. Yfir þúsund erlendir nemendur hefja háskólanám í haust.

Fjórir nemendur við Háskólann í Reykjavík hafa stofnað fyrirtækið Rentmate sem á að aðstoða erlenda námsmenn við að finna húsnæði hér á landi. „Planið er að taka inn hundruð stúdenta í haust sem við erum á góðri leið með að ná,“ segir Eyþór Logi Þorsteinsson, hinn tvítugi framkvæmdastjóri Rentmate.

Eyþór segir þá sjá mikil tækifæri fyrir gistiheimili, sem geti bætt nýtingu sína yfir vetrartímamann, þegar færri ferðamenn séu á landinu en losni svo í útleigu til ferðamanna yfir sumartímamann. Þá sé talsverð þörf fyrir aðila sem aðstoði erlenda námsmenn við að finna sér húsnæði. „Allar alþjóðaskrifstofur sem við höfum talað við hafa tekið okkur fagnandi, þetta er oft mikill hausverkur fyrir þær,“ segir hann. „Það

●● Það er erfitt fyrir nemendurna að para sig saman í íbúð því það er enginn vettvangur fyrir þá til þess.

Eyþór Logi Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Rentmate

er erfitt fyrir nemendurna að para sig saman í íbúð því það er enginn vettvangur fyrir þá til þess,“ bætir hann við. Hann segir von á um 1.200 erlendum stúdentum til landsins í haust í háskólana þrjá í Reykjavík.

Þeir hafi sett sér það markmið að finna húsnæði fyrir hundruð nemendur næsta haust. „Við erum á góðri leið með það.“ Eigendur íbúða, t.d. á Airbnb, og gistiheimila

hafi tekið þeim vel. Erlendu nemendurnir og eigendur gistirýma munu geta skráð sig inn á heimasíðu Rentmate þar sem hægt verður að auglýsa herbergi eða rúm og leigja þau út.

Hann segir þá hafa hafið starfsemi um miðjan mars. „Hlutirnir eru búnir að gerast frekar hratt síðan þá.“ Þeir séu langt komnir með að hanna heimasíðu fyrir félagið þar sem erlendu nemendurnir og eigendur gistirýma munu geta leigt út herbergi eða rúm sem gistiheimili eða íbúðaeigendur muni geta auglýst á síðunni.

Eyþór segir Rentmate hafi fengið 475 þúsund króna frumkvöðlastyrk frá Háskólanum í Reykjavík, en að öðru leyti hafi þeir fjármagnað verkefnið sjálfir. ingvar@frettbladid.is

Á döfinni

Miðvikudagur 11. maí
SEÐLABANKI ÍSLANDS Vaxtaákvörðun og útgáfa Peningamála.

Fimmtudagur 12. maí
LANDSBANKINN Uppgjör fyrsta ársfjórðungs 2016.

HAGAR Fjórði ársfjórðungur.
Föstudagur 13. maí
HAGSTOFA ÍSLANDS Fiskafli í apríl 2016.

Þriðjudagur 17. maí
ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu.

VINNUMÁLASTOFNUN Atvinnuleysis-tölur Vinnumálastofnunar.

Miðvikudagur 18. maí
ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu.

REGIN Afkoma fyrsta ársfjórðungs.
Fimmtudagur 19. maí
HAGSTOFA ÍSLANDS Samræmd vísitala neysluverðs í apríl 2016.

Föstudagur 20. maí
HAGSTOFA ÍSLANDS Vísitala byggingarkostnaðar fyrir júní 2016.

Þriðjudagur 24. maí
HAGSTOFA ÍSLANDS Mánaðarleg launavísitala í apríl 2016.

HAGSTOFA ÍSLANDS Greiðsluþjófnumarvísitala í júní 2016.

HAGSTOFA ÍSLANDS Vísitala kaupmáttar launa í apríl 2016.

HAGSTOFA ÍSLANDS Vísitala lífeyris-skuldbindinga í apríl 2016.

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS Viðskipti með atvinnuhúsnæði.

Vikan sem leið

5,6
milljarða króna hagnaður

Álver Norðuráls á Grundartanga hagnaðist um 45,8 milljónir dollara, jafnvirði 5,6 milljarða íslenskra króna, á síðasta ári. Hagnaður fyrirtækisins var tæplega helmingi lægri en árið áður þegar hann nam 82,7 milljónum dollara, 10,2 milljörðum íslenskra króna. Eignir fyrirtækisins námu í árslok 2015 alls 683 milljónum dollara, 84 milljörðum íslenskra króna.

300
hagfræðingar

Engin efnahagsleg rök eru fyrir að leyfa áframhaldandi tilvist skattaskjóra samkvæmt bréfi sem 300 hagfræðingar hafa ritað til leiðtoga ríkja heims. Bréfið er skrifað að undirlagi góðgerðarsamtakanna Oxfam og meðal þeirra sem skrifa undir það eru metsöluhöfundurinn Thomas Piketty og Angus Deaton, handhafi síðustu Nóbelsverðlauna í hagfræði.

3.440
fleiri til landsins

Á síðastliðnu ári voru aðfluttir erlendir ríkisborgarar 3.440 umfram brottflutta hér á landi. Á fyrsta ársfjórðungi 2016 fluttu 1.110 fleiri erlendir ríkisborgarar til landsins en frá því samkvæmt tölum Hagstofunnar. Erlendir ríkisborgarar flytjast hingað í auknum mæli vegna starfa í byggingariðnaði og ferðaþjónustu að sögn Ásgeirs Jónssonar hagfræðings.

I'll Meet You at Midnight

Living Next Door to Alice

Stumblin' In

Chris Norman

upprunalegi söngvari
Smokie

If You Think You Know How to Love Me

Don't Play Your Rock 'n' Roll to Me

Stórtónleikar í Eldborg, laugardaginn 17. september

Enski söngvarinn Chris Norman sló fyrst í gegn á 8. áratugnum sem aðalsöngvari hljómsveitarinnar Smokie og er röddin sem allir þekkja á bak við þeirra vinsælustu lög. Hann kemur nú fram á stórtónleikum í Hörpu ásamt stórri hljómsveit og flytur öll sín þekktustu lög.

'If You Think You Know How to Love Me', 'Living Next Door to Alice', 'I'll Meet You at Midnight', 'Lay Back in the Arms of Someone', 'Don't Play Your Rock 'n' Roll to Me' og 'Stumblin' In' eru meðal þeirra sem munu hljóma á tónleikunum á milli þess sem Norman segir sögurnar á bak við lögin. Ekki missa af þessum einstaka viðburði.

Miðasala hefst fimmtudaginn 12. maí klukkan 10 á Harpa.is, Tix.is og í miðasölu Hörpu.



DÆGURFLUGAN



HARPA

Lay Back in the Arms of Someone

Eignir í skattaskjóli en taldist eignalaus

Eignarhald íslenskra félaga sem stýrt er af fyrrverandi eigendum Icecapital er í skattaskjólinu Seychelles-eyjum. Framkvæmdastjóri og hluthafi Icecapital skulda þrotabúi fyrirtækisins 350 milljónir. Skiptastjórinn fékk þær upplýsingar að þeir væru eignalausir hér á landi.

Þrjú félög hér á landi sem áður voru í eigu fjölskyldunnar sem átti Icecapital eru skráð í eigu félaga sem finna má í gagnagrunni unnum úr Panama-skjölunum og birtur var á mánudaginn. Félögin Orangel S.A., Xperia Trading S.A. og Tangon Consulting S.A. eru samkvæmt gagnagrunninum öll stofnuð 3. febrúar árið 2011, og skráð á Seychelles-eyjum. Eignastýringarfyrirtækið Arena Wealth Management í Lúxemborg, sem stofnað var árið 2008 af fyrrverandi starfsmönnum Kaupþings í Lúxemborg er skráður milliliður fyrir öll félögin.

Páll Þór Magnússon, fyrrverandi framkvæmdastjóri Icecapital, og mágur hans, Jón Kristjánsson, sem var hluthafi í Icecapital, skulda þrotabúi Icecapital tæplega 350 milljónir króna með dráttarvöxtum vegna dóma sem féllu í október 2014. Þar var gerningum sem áttu sér stað í kjölfar bankahrunsins rift. Ekki hefur tekist að innheimta skuldina. Icecapital var lýst gjaldþrota árið 2012 og nema lýstar kröfur 51 milljarði króna. Ómar Örn Bjarnþórsson, skiptastjóri Icecapital, sagði við Fréttablaðið í apríl að Jón og Páll teldust eignalausir hér á landi og því þyrfti að sækja fjármuni út fyrir landsteinana væru þeir einhverjir. Páll flutti lögheimili sitt til Bandaríkjanna og Jón til Möltu eftir hrundi.

Xperia Trading S.A. á félagið

Bloom ehf. Þá á félagið Tangon Consulting S.A., eiganda félagna Pluma ehf. og Fjárfestingafélagsins Pluma. Ekki kemur fram um eigendur Xperia og Tangon Consulting umfram það að Arena Wealth Management og handhafi hlutabréfa félagna séu eigendur þess. Kristín B. Björgvinsdóttir, eiginkona Jóns, er stjórnarformaður Bloom og framkvæmdastjóri þess. Jón sat með henni í stjórninni og var framkvæmdastjóri fram í nóvember á síðasta ári. Xperia var fyrst skráður hluthafi í Bloom árið 2013 þegar það var skráð fyrir 5 prósent hlut á móti 95 prósent hlut Kristinar. Í ársreikningi ársins 2014 er félagið hins vegar að fullu í eigu Xperia.

Eignir Bloom námu 141 milljón króna samkvæmt ársreikningi ársins 2014. Þar af nam eignarhlutur í öðrum félögum 45,6 milljónum króna, birgðir 40 milljónum og krafa á tengd félög 55,7 milljónum króna. Þá skuldaði félagið eiganda sínum 131 milljón króna í árslok 2014 en eigið fé nam 10 milljónum króna.

Páll Þór Magnússon var stjórnarformaður og framkvæmdastjóri félagna Pluma ehf. og fjárfestingafélagsins Pluma, sem eru í eigu Tangon Consulting þar til í september á síðasta ári þegar Gabriela, eiginkona hans, tók við stjórnarformennsku og framkvæmdastjórn í félögunum.


Pluma var í eigu Páls sjálfs fram til ársins 2013, þegar Tangon Consulting varð eigandi félagsins. Á árinu 2014 seldi félagið 20 prósent hlut í þyrlufyrirtækinu Norðurlugi og 7,14 prósent hlut í ORF líftækni á 150 milljónir króna, samkvæmt ársreikningi félagsins. Stundin greindi frá því í desember að eitt riftunarmálanna gegn Icecapital hafi verið vegna sölnnar á Norðurlugi til félagsins NF Holding. Ekki var greitt fyrir félagið heldur kaupin fjármöggnuð með láni frá Icecapital sem ekki var endurgreitt. NF Holding seldi Norðurlug áfram til Pluma en Norðurlug er í dag að mestu í eigu erlendra félaga sem tengd eru fyrrverandi eigendum Icecapital.

Í árslok 2014 námu eignir Pluma ehf. 68,7 milljónum króna samkvæmt ársreikningi, sem var nær alfarið handbært fé. Þá námu viðskiptaskuldir 98 milljónum, en ekki kemur fram hverjum félagið skuldar fé.

Fjárfestingafélagið Pluma komst í eigu Tangon Consulting, á árinu 2013, en Gabriela Kristjánsdóttir átti 95 prósent í félaginu á árunum 2011 til 2013. Fyrir þann tíma var félagið í eigu Páls, eiginmanns Gabrielu. Fjárfestingafélagið Pluma hagnaðist um 40 milljónir króna árið 2014 og greiddi upp 140 milljóna króna skuld við tengda aðila samkvæmt ársreikningi ársins 2014.

Þá eru Páll og Gunnþórunn Jónsdóttir, tengdamóðir hans,

☞ **Félög á Seychelles-eyjum sem eiga íslensk fyrirtæki tengd fyrrverandi eigendum Icecapital**



hluthafar í félaginu Orangel S.A. á Seychelles-eyjum sem á félagið Olinto ehf. Olinto var stofnað árið 2014 og samkvæmt ársreikningi þess árs nema eignir þess 63,1 milljón króna en á móti nema viðskiptaskuldir þess 63,6 milljónum króna. Tap varð af rekstri félagsins upp á 1,1 milljón króna.

Þá greindi Fréttablaðið frá því í apríl að Páll hafi selt Gabrielu, eiginkonu sinni, helmingshlut í 370 fermetra einbýlishúsi í þeirra eigu fimm dögum eftir að riftunardómarnir féllu árið 2014 þar sem Páli var gert að greiða þrotabúi Icecapital 120 milljónir. ingvar@frettabladid.is

ALLS KONAR BRÁÐNAUÐSYNLEGT FYRIR MATVÆLABRANSANN!



Opnun kauphallarinnar fyrsta skrefið


Kauphöll með Auroracoin tók til starfa fyrir viku. Aðstandendur hennar vonast til að kaupmenn nýti sér kosti hennar í viðskiptum. Þeir segjast þó búast við að notkun hennar fari hægt af stað. Vilja vekja fólk til umhugsunar um það hvernig peningakerfi virka.

„Það sem við erum að leggja upp með er að þetta verði stighækkandi, hægt og rólega. Við viljum engar sprengjur. Ef það kemur sprengja upp þá kemur hátt fall niður. Það er það sem við viljum forðast. Við viljum fá hægán stíganda upp,“ segir Hermann Ingi Finnbjörnsson. Hermann hefur ásamt hópi manna, sem kalla félagsskap sinn Auraráð, þróað ISX kauphöllina, sem er kauphöll með rafmyntina Auroracoin. Kauphöllin var opnuð síðastliðinn miðvikudag.

„Ef kaupmenn fara að taka við þessu fyrir pylsur og kaffibolla og verðið hækkar af því að það er raunveruleg eftirspurn, þá yrðum við ánægðir. Við myndum vilja að fólk gæti notað þetta til þess að kaupa sér kaffibolla og eitthvað smávægilegt í byrjun,“ segir Hlynur Björnsson sem einnig stendur að kauphöllinni.

Hermann segir að opnun kauphallarinnar hafi bara verið skref númer eitt af nokkrum. Næsta skref sé að gefa út töl og tæki fyrir kaupmenn til þess að taka á móti aur. „Annaðhvort til þess að taka á móti honum og halda honum eða taka á móti honum og skipta honum beint yfir í krónur,“ segir Hermann.

Hlynur bætir við að þetta töl yrði fest við Kauphöllina og ítrekar að það verði auðvelt að skipta úr aur yfir í krónur. „Ef kaupmaðurinn vill krónur strax þá getur hann innan



Þeir Pétur Árnason, Hermann Ingi Finnbjörnsson og Hlynur Þór Björnsson mynda stjórn Auraráðs. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

dags verði búinn að taka við aur og selja í kauphöllinni og fá greiddar út krónur. Sem er í raun umtalsvert betra en þú færð með debetkortum eða kreditkortum. Þetta getur því raunverulega nýst sem

greiðslumiðlunartöl,“ segir Hlynur. Fólk þurfi ekki að nota seðla heldur einungis síma.

Hermann segir að þegar farið verði hægt og rólega að kynna þau tæki og töl sem eru til staðar á mark-

aðnum þá muni fólk sjá að kerfið er nýtanlegt. „Hvort fólk tekur þetta upp, það er svo aftur annað mál. En við ætlum að standa fyrir fræðslu og kynningum á þessu kerfi,“ segir Hermann Ingi og ítrekar að þetta

Svona lýsir Auraráð Auroracoin

Auroracoin er gjaldmiðill sem er óháður bankakerfinu og hefur sjálfstætt verðgildi. Ólíkt hefðbundnum gjaldmiðlum geta bankar ekki búið til Auroracoin að vild. Auroracoin hefur fast peningamagn sem styður við verðgildi gjaldmiðilsins og vinnur gegn verðbólgu. Með Auroracoin má senda greiðslur hvert sem er á öruggan hátt.

Allar færslur eru nafnlausar og er friðhelgi notenda gætt með númeruðum reikningum. Millifærslurnar eiga sér stað í færsluskrá sem deilt er meðal notenda án miðlægrar reiknistofu eða banka.

Auroracoin er óháð bönkum og öðrum miðstýrdum aðilum, sem kemur í veg fyrir óhefta peningaprentun, rýrnun gjaldmiðilsins og verðbólgu.

sé kerfi en ekki peningar. Og væntingarnar séu ekki sist þær að hjálpa fólk að átta sig á því hvernig núverandi peningakerfi virkar. „Það er alveg ruglað.“
jonhakon@frettabladid.is

PIZZAKASSAR

PAPPÍRSPOKAR

PAPPÁHÓLKAR & LITLAR ÖSKJUR

BTÖRÖSKJUR & SNAKKPOKAR

LÍMBÖND Í ÖLLUM STÆRÐUM & GERÐUM

VIÐ HJÁ ODDA FRAMLEIÐUM UMBÚÐIR OG PRENTVERK SEM HENTA FYRIRTÆKTUM ÚT UM ALLAR TRISSUR. VIÐSKIPTAVIMR OKKAR ERU TIL DÆMIS VERSLANIR, VEITINGAÐS, MATVÆLAÐNADUR, STAVARÚTVEGUR OG ALIS KONAR ÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI.
→ODDI.IS/515-5000

© RÁN FLYGENING

Oddi

VIÐ ERUM ODDI. VIÐ FRAMLEIÐUM FÍNERÍ.



Árni Jóhannsson, forstöðumaður bygginga- og mannvirkjasviðs hjá Samtökum iðnaðarins, segir markaðinn fyrir byggingu íbúða ekki geta gert neitt annað en að taka við sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Framkvæmdir fari á fullt næstu árin

Samþykkt áform um byggingu í Reykjavík árið 2015 voru meiri en í áratug. Fullgerðar íbúðir voru 388 árið 2015 í Reykjavík, eða ferfalt fleiri en 2010, og hafin var smíði á 926 íbúðum. Framkvæmdastjóri eins af stærstu byggingarfyrirtækjum landsins segir aukna kröfu um minni íbúðir og íbúðir sem eru miðsvæðis. Aukin eftirspurn er eftir erlendum verkamönnum en þó ekki jafn mikil og fyrir hrun.

Sæunn
Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Það er mikil þensla í byggingariðnaðinum, hún byrjaði í verulegum mæli á síðasta ári og miðað við áætlanir mun hún aukast næstu tvö til þrjú árin. Bæði í byggingariðnaði og mannvirkjagerð,“ segir Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASI.

Byggingariðnaðurinn hefur verið að taka við sér á ný undanfarin misseri, og hefur bygging íbúðarhúsnæðis færst í aukana eftir gríðarlega lægð í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Samþykkt byggingarmagn (samþykkt áform um byggingu) árið 2015 í Reykjavík var 73 prósentum meira en árið áður og var nærri sambærilegt því sem það var yfir árin 2000 til 2008. Byggingarmagn í hótelum og veitingahúsum í Reykjavík hefur tugfaldast úr 320 fermetrum og 846 rúmmetrum árið 2012 í 13.600 fermetrum og 44 þúsund rúmmetra árið 2015.

Eftirspurn eftir erlendu vinnuafli í byggingariðnaðinum fer vaxandi, en er þó ekki búð að ná fyrri hæðum sem náðust fyrir hrun. Framkvæmdastjóri eins stærsta byggingarfyrirtækis landsins segir byggingaráherslu á íbúðamarkaði hafa breyst, meiri áhersla sé á minni íbúðir og úthverfin hafi gefið dálítið eftir. Hann sér fram á áframhaldandi vöxt í byggingariðnaðinum og aukna eftirspurn næstu tvö árin.

Ekki meira samþykkt í áratug

Árið 2015 nam samþykkt byggingarmagn í Reykjavík 235 þúsund fermetrum og 912 þúsund rúmmetrum. Samþykkt byggingarmagn hefur ekki verið meira síðan árið 2004 og var þrettán sinnum meira en árið 2010.

Samþykkt byggingarmagn vegna íbúðarhúsnæðis hefur verið að færast verulega í aukana og nam 151 þúsund fermetrum árið 2015, 74 prósentum meira en árið 2014.

Byggingarmagnið var rúmlega þrefalt meira árið 2015 en árið 2012.

Árni Jóhannsson, forstöðumaður bygginga- og mannvirkjasviðs hjá Samtökum iðnaðarins, segir samþykkt byggingarmagn ekki endilega gefa rétta mynd af því sem er raunverulega í gangi.

„Það hefur ekki verið nein sérstök gróska og uppbygging ef talað er um íbúðamarkaðinn. Það er búð að vera mikil gróska í hótélbyggingum, en það er annar markaður. Það er inni núna þörf fyrir íbúðarhúsnæði og íbúðamarkaðurinn getur ekki gert neitt annað en að taka við sér,“ segir Árni.

926 íbúðir í byggingu

Fullgerðar íbúðir í Reykjavík voru engu að síður ferfalt fleiri árið 2015 en 2010, eða 388 talsins. Fjöldi fullgerðra íbúða í Reykjavík er þó langt frá hæstu hæðum fyrir hrun, en árið 2003 voru 872 íbúðir fullkláraðar. Vísendingar eru þó um vöxt á næstu árum, þar sem hafin var smíði á 926 íbúðum árið 2015. Ekki hefur verið hafin smíði á jafn mörgum íbúðum á einu ári í áratug. Þorvaldur Gissurarson, framkvæmdastjóri og eigandi Þ.G. Verks, eins af stærstu byggingarfyrirtækjum landsins, segist finna fyrir aukinni eftirspurn eftir íbúðarbyggingum. „Við höfum verið í íbúðarbyggingum og útboðsverkefnum, en við höfum verið að leggja höfuðáherslu á íbúðir síðastliðin ár af því að við teljum að það sé eftirspurn og vöntun á þeim,“ segir Þorvaldur.

„Ég tel að eftirspurnin sé til staðar eins og fyrir hrun, en úrræði varðandi húsnæðislan og lánamöguleikar fyrir hina hefðbundna fjölskyldu eru ekki eins og þyrfti að vera,“ segir Þorvaldur.

Eftirspurn eftir minni íbúðum

Hann segir áherslurnar hafa breyst á íbúðamarkaði. „Það er lögð miklu meiri áhersla á minni íbúðir í dag en fyrir hrun. Byggingaráðilar hafa reynt að leggja höfuðáherslu á þetta atriði og svo er mikið byggt í miðbænum og á miðbæjarsvæðinu þar sem verið er hærra. Úthverfin hafa

Það er lögð miklu meiri áhersla á minni íbúðir í dag en fyrir hrun. Svo er mikið byggt í miðbænum og á miðbæjarsvæðinu þar sem verið er hærra.

Þorvaldur Gissurarson, framkvæmdastjóri Þ.G. Verks

kannski gefið dálítið eftir þessum íbúðum,“ segir Þorvaldur.

Þorvaldur segir að byggingarmarkaðurinn hafi verið mjög laskaður eftir hrun og hafi tekið mjög hægt við sér. „Það var ekki fyrr en árin 2012 og 2013 sem eitthvað fór að rofa til í byggingariðnaði og þá voru að koma inn ný verkefni. Þá voru mörg fyrirtæki í byggingariðnaðinum búin að gefast upp og hætta eða minnka starfsemi verulega,“ segir Þorvaldur.

Ný reglugerð mikilvægt skref

Gildandi byggingarreglugerð frá árinu 2012 hefur verið gagnrýnd fyrir að hafa hækkað byggingarkostnað. Samtök iðnaðarins máta það svo að hún hefði aukið kostnað við smærri íbúðir um tíu til tuttugu prósent.


Í síðustu viku var undirrituð reglugerð um breytingu á byggingarreglugerð sem hefur það markmið að lækka byggingarkostnað. Helstu hagsmunaaðilar í byggingariðnaðinum hafa fagnað breytingunum, má þar nefna Viðskiptaráð Íslands, og Samtök iðnaðarins. Formaður Öryrkjabandalagsins sagðist jafnframt ekki ósátt við niðurstöðuna.

Í reglugerðinni eru tilslakanir í rýmiskröfum þó einungis látnar ná til íbúða sem eru allt að 55 fermetrum að stærð, en SI hefðu vilja láta þær ná til allt að níutíu fermetra íbúða.

Þarf að lækka lóðarverð

„Þetta er skref fram á við og mikilvægt skref. Þessi síðasta breyting

Samþykkt byggingarmagn í Reykjavík



lækkar byggingarkostnaðinn eitthvað örlítið og það hefur vissulega allt áhrif. Stærsti þröskuldurinn er samt lóðaframboð og verð á lóðum. Það er það sem hamlar því að menn séu komin meira af stað og stórtækari í framleiðslu á íbúðarhúsnæði,“ segir Árni Jóhannsson.

Hann telur að athugasemd SI um að tilslakanir í rýmiskröfum nái til stærri íbúða verði ekki tekin fyrir á næstu mánuðum. „Þessari reglugerð er ekki breytt það oft,“ segir Árni.

Þorvaldur tekur undir það að það hefði þurft að ganga skrefinu lengra. „Það var mjög slæm breyting sem fylgdi byggingarreglugerðinni frá 2012. Svo komu þrjár nýjar útgáfur í millitíðinni, það var verið að plástra þetta upp á nýtt og draga úr þessum breytingum smátt og smátt. Það hefði kannski verið viturlégra að gera það strax. Nú er búð að gera fjórðu breytinguna og þetta er allt til bóta. Það er alveg klárt að þessar breytingar muni lækka byggingarkostnað aftur. Ég myndi segja að byggingarverð hefði ekki hækkað um tíu prósent en kannski allt að því, eftir að reglugerðin tók gildi 1. janúar 2013, það er mismunandi eftir íbúðargerð,“ segir Þorvaldur.

Þorvaldur sér fram á að eftirspurn

í byggingariðnaðinum muni halda áfram að aukast næstu tvö árin, svo framarlega sem ekkert gerist í efnahagslífi landsins til að breyta því. „Ég sé það fyrir mér, að minnsta kosti næstu tvö árin. Allur þessi ferðamannastraumur ýtir undir framkvæmdir sem eru því fylgjandi, hótélbyggingar og töluvert mikið af íbúðarbyggingum á miðbæjarsvæðinu fara undir ferðamenn og síðan eru auðvitað ýmiss konar stórframkvæmdir á teiknborðinu líka,“ segir Þorvaldur.

Auknar framkvæmdir væntanlegar

Þrátt fyrir mikla aukningu í byggingu íbúðarhúsnæðis á síðustu misserum telur Þorvaldur að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sé ekki lokið. „Það er hvergi nærri búð að byggja upp í þá eftirspurn sem safnaðist saman á árunum eftir hrun. Sömuleiðis hafa fyrirtæki í landinu braggast og atvinnuhúsnæði fer því að vanta,“ segir Þorvaldur.

Árni tekur undir með Þorvaldi að búast megi við aukinni eftirspurn eftir byggingu íbúðarhúsnæðis á næstu árum. „Framleiðsla íbúðarhúsnæðis hefur ekki tekið við sér. Það er mikil uppsöfnuð þörf fyrir nýtt húsnæði,“ segir Árni.

HÁVÆRASTI ÁRSFUNDURINN

Blásið verður til þriggja daga rappveislu á skemmtistaðnum Húrra um hvítasunnuhelgina undir yfirskriftinni Rapp í Reykjavík. Flestir vinsælustu rapparar landsins koma þar fram og flytja eldra efni í bland við nýtt og óútgefið efni.

Ársfundur íslensku rappsenunnar, Rapp í Reykjavík, yfirtekur skemmtistaðinn Húrra um hvítasunnuhelgina en um er að ræða þriggja daga tónleikaveislu með flestum af vinsælustu röppurum og rappsvæitum landsins.

Íslensk rapptónlist hefur verið mjög áberandi undanfarin tvö ár að sögn Söndru Barilli, eins af skipuleggjendum ársfundarins, og segir hún mikilvægt að hampa rappsenunni sérstaklega með þessari hátíð. „Við ákváðum að kalla hana Rapp í Reykjavík, ekki síst af því að samnefndir sjónvarpsþættir eru í sýningu núna á Stöð2. Nafnið er líka vísun í heimildarmyndirnar Rokk/Popp í Reykjavík sem fönguðu ákveðna stemningu þess tíma þegar þær komu út. Okkur þótti skondið að setja tónleikana upp sem ársfund og í kynningarefniinu, sem Bobby Breiðholt hannaði, líkjum við hljómsveitunum við viðskiptafólk á ársfundi að fara yfir ársuppgjörið. Það eru náttúrulega ómæld verðmæti í íslensku tónlistarfólki svo þetta er að sumu leyti satt. Þetta verður ábyggilega skemmtilegasti og háværasti ársfundurinn í Reykjavík þetta árið.“

NÝTT OG ELDRÁ Í BLAND

Sandra lofar góðri stemningu um helgina og segir mikla veislu fram undan. „Þarna koma fram gamlar kempur í bland við nýliða eins og Aron Can, sem hefur verið lofaður í hástert, og Herra Hnetusmjör sem er með eitt þéttasta textaflæði íslenskra rappara í dag. Krakk & Spaghetti og Krabba Mane eru líklega skemmtilegustu nöfnin sem munu koma fram. Á bak við fyrrnefnda nafnið eru tvær stúlkur sem rappa og hið síðarnefnda er með djúpa og þetta

takta. Úlfur Úlfur er að vinna að nýju efni sem þeir félagar munu flytja fyrir okkur. Svo eru þarna gullmolar eins og Forgotten Lores, sem voru einmitt með stærstu nöfnunum í fyrri rappbylgjunni og koma til að minna okkur á fyrri gullöld íslenska rappins. Kattunnandinn Kött Grá Pje, einna þekktastur fyrir duldar vísanir og mystíska sviðsframkomu, sækir í sérstæðan tilvísanabanka í rappi sínu og er einstaklega skemmtilegt að rýna í textana hjá honum.“

Auk þess eru Reykjavíkurdætur að vinna að fyrstu plötu sinni og flytja væntanlega efni af henni. „Sturla Atlas var líka að gefa út nýtt lag og myndband sem kallast VINO og það á eflaust eftir að hreyfa við tónleikagestum. Svo koma fram Geimfarar, Cell7, Shades of Reykjavík og GKR, þannig að þetta verður ein heljarinnar hátíð.“

EKKERT POWERPOINT

Verði aðsókn góð um helgina og stemningin fín vonast Sandra til þess að hátíðin verði árlegur viðburður á Húrra. „Fyrrnefndir sjónvarpsþættir, Rapp í Reykjavík, eru innblásturinn að þessum tónleikum og mælum við eindregið með að tónleikagestir kíki á þá til að svala rapporstanum. Við vonum að allir gestir fái eitthvað fyrir sinn rappsnúð, skemmti sér vel og lofum að engin ársskýrsla á Power-Point-formi er nauðsynleg og enginn þarf að bjóða sig fram til að vera skoðunarmaður reikninga.“


Rapp í Reykjavík hefst á föstudag kl. 21 og stendur yfir fram á sunnudagskvöld. Miðasalan fer fram á tix.is. Nánari upplýsingar um flytjendur og dagskrá má finna á Facebook-síðu skemmtistaðarins Húrra.




„Fyrrnefndir sjónvarpsþættir, Rapp í Reykjavík, eru innblásturinn að þessum tónleikum og mælum við eindregið með að tónleikagestir kíki á þá til að svala rapporstanum,“ segir Sandra Barilli, einn skipuleggjandi Rapp í Reykjavík. MYND/ANTON BRINK



Hljómsveitin Reykjavíkurdætur. MYND/ISABELLA KATARÍNA MÁRUSDÓTTIR



Úlfur Úlfur nýtur vinsælda. MYND/ERNIR



Forgotten Lores ásamt Kött Grá Pje. MYND/ANNA KRISTÍN ARNARDÓTTIR



Guðmundur Magni Jeannie Jón Arnar Helga Bobby Gunnsteinn

Helga Björg Þórólfsdóttir kírópraktor hefur hafið störf hjá Kírópraktorstofu Íslands.

Tímamantanir í síma 527 2277.

Hryggurinn þinn er grunnur að góðri heilsu. Láttu ekki verki og óþægindi koma í bakið á þér.



BORÐSTOFU HÚSGÖGN



BIRGIT BORÐ M/STÆKKUN 105x180/270 kr. 269.900 / STÓLL kr. 49.900



OLAF GLERSKÁPUR MEÐ LJÓSUM 123x193 kr. 271.500



OLAF SKENKUR 183x40x81 kr. 228.700



OLAF SKJÓNVARPSSKÁPUR 183x45x59 kr. 145.800

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16



Tengsl mataræðis við geðraskanir eru áhugavert rannsóknarefni enda enn margt ókannað.

TENGL MATARÆÐIS OG ÞUNGLYNDIS

Íslensk-frönsk ráðstefna um myndun og þróun geðraskana verður haldin á Háskólatorgi. **Bryndís Eva Birgisdóttir**, dósent við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands, er ein þeirra sem taka til máls.

„Á síðastliðnum árum hafa tengsl mataræðis við þunglyndi og kvíða sést í fjölmörgum rannsóknum. Þannig eru þeir sem haldnir eru þunglyndi og kvíða líklegri til að borða óheilsusamlegri mat en aðrir,“ segir Bryndís Eva. Erfiðara hefur þó reynt að ákvarða hvort er hvort þunglyndi leiði til óheilsusamlegra mataræðis eða hvort óheilsusamlegt mataræði eigi þátt í þróun þunglyndis. „Þó hafa komið fram nokkrar rannsóknir sem sýna jákvæð áhrif og stórar íhlutanir heilsusamlegs mataræðis eru í farvatninu erlendis. Í þeim hafa þunglyndir breytt mataræði sínu og líðan þeirra borin saman við samburðarhóp sem heldur óbreyttu mataræði. Sá hópur sem breytir mataræði fær nokkurn bætning meðan hinir standa í stað,“ lýsir hún.

Hún segir rannsakendur afar áhugasama um að vita hvaða næringarefni eða ferlar í líkamanum það eru sem hafi þessi jákvæðu áhrif og miða rannsóknir að því að vita meira um það. „Við vitum að fitusýrusamsetning skiptir miklu máli og svo næringarefni fyrir virkni ensíma. En líklegt er að góð samsetning mismunandi næringarefna sem eiga uppruna sinn í góðum mat skipti hvað mestu.“

MIÐJARÐARHAFSMATARÆÐI

Hún nefnir að Miðjarðarhafsmataræði hafi verið nokkuð rannsakað í tengslum við þunglyndi þar sem það þygi hafa jákvæð áhrif. „Því svipar mjög til þeirra leiðbeininga um mataræði sem Embætti landlæknis hefur gefið út. Þá hefur norrænt mataræði einnig verið tengt við minni tíðni þunglyndis,“ segir Bryndís Eva sem mun í fyrirlestri sínum fara yfir



Bryndís Eva Birgisdóttir, dósent við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands.

„Á síðastliðnum árum hafa tengsl mataræðis við þunglyndi og kvíða sést í fjölmörgum rannsóknum. Þannig eru þeir sem haldnir eru þunglyndi og kvíða líklegri til að borða óheilsusamlegri mat en aðrir.“

Bryndís Eva Birgisdóttir

mikilvægi þess að huga að gæðum mataræðis, að best sé að forðast unninn mat sem kominn er of langt frá uppruna sínum.

PARMAFLÓRA OG ÓPOL

„Næringarríkur matur hefur vitanlega bein áhrif á líkamann en það sem einnig er verið að kanna í auknum mæli eru tengslin við parmaflórana og hvernig hægt

er að bæta hana með góðum gerlum og sérstökum trefjum sem fást til dæmis úr mat, svo sem ýmsu grænmeti og fleiru,“ segir Bryndís Eva en áhrif parmaflóru á heilsu og vellíðan eru alltaf að koma betur og betur í ljós.

Ópol fyrir ákveðnum matvælum og hvernig það getur hugsanlega birst í breyttri hegðun er einnig sérstakt rannsóknarsvið. „Matur hefur ekki alltaf sömu áhrif á fólk sem getur gert rannsóknir erfiðar,“ segir Bryndís Eva en talið er að í ákveðnum tilfellum geti matvæli haft áhrif á gegndræpi þarmanna og stærri einingar frásogast. „Þetta hefur verið nokkuð rannsakað, til dæmis í tengslum við einhverfu og ADHD. Þessar rannsóknir eru þó nokkuð misvísandi en ég tel að á næstu árum muni þessar næringargeðlækningar springa út,“ segir Bryndís.

ÁHUGAVERÐ RÁÐSTEFNA

Bertrand Lauth, lektor í barnageðlækningum við læknaeild HÍ, stendur fyrir ráðstefnunni sem fram fer á föstudag og laugardag á Háskólatorgi og ber heitið: Um myndun og þróun geðraskana frá bernsku til fullorðinsára: Nútímaþekking á faraldsfræði, áfallafræði, erfða- og líffræðilegum þáttum, samspil þroskaferlis einstaklinga og umhverfisþátta; ólíkir farvegir og áhrif í gegnum kynslóðir. „Þetta er mjög áhugaverð ráðstefna. Bertrand hefur fengið til sín bæði íslenska og franska sérfræðinga og fer ráðstefnan fram á íslensku og frönsku. Erindin eru síðan þýdd jafnóðum,“ segir Bryndís Eva. solveig@365.is

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna má finna á hi.is undir viðburðir.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir**, solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir**, vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann**, atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage**, johannaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429

BÍLAR & FARARTÆKI




EKINN AÐEINS 76P

BMW 3 320i s/d e90. Árgærd 2007, ekinn 76 P.KM, bensín, sjálfskiptur, umbosbíll. Leður, ofl. Verð 2.490.000. Rnr.108780. BILAMARKADURINN.IS 5671800



VOLVO XC70 D5.AWD Árgærd 2008, ekinn 201 P.KM, dísel, sjálfskiptur. UMBOSBÍLL. ÞJONUSTUBÓK Verð 3.290.000. Rnr.108336. BILAMARKADURINN.IS 5671800

Bilamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800



HEIMSMEISTARINN!!!

'15 KIA SPORTAGE WORLD CUP EK 63p, DÍSEL, SJÁLFSK. ÁSETT 4.980 PÚSI! #451393. S: 580 8900



FRÚARBÍLLINN!!!

'12 RANGE ROVER EVOQUE DYNAMIC. EK 44p, DÍSEL, SJÁLFSK. ÁSETT 7.380 PÚS. #451181. S: 580 8900



FYRIR STÓRU FJÓLSKYLDUNA!!!

'14 KIA SORENTO EX LUXURY 2.2. EK 56p, DÍSEL, SJÁLFSK. ÁSETT 6.380 PÚSI! #451318. S: 580 8900

Borgarbílasalan
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900



MERCEDES-BENZ B 180 CDI blue efficiency. Árgærd 2013, ekinn 67 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.161598.



FORD Mondeo titanium station. Árgærd 2011, ekinn 126 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Rnr.991664.




CHEVROLET Captiva. Árgærd 2013, ekinn 42 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.970.000. Rnr.991750.



Kia Carens EX. Árgærd 2014, ekinn 72 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.280084. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



KRÓKUR

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net




EINSTAKUR BÍLL !!!

PORSCHE 911 Carrera (997) árg. 2006 ek. 62 Pkm. Sjálfskiptur, 100% þjónustaður ef umboði, algjört super eintak. Verð 8900 þús GSM 893-9500

Bíll.is
Sími: 577 3777
www.bill.is

FRÁBÆRT VERÐ !
AUDI Q5 quattro v6t 260 hö.5,9 sek í 100,2015 árg, ekinn 4 P.KM, dísel, sjk 7 girá.nývirði 9,7m Tilboðsverð 8.2m Bíllinn er á staðnum núpalind 1 netbilar5885300 engin skipti Rnr.213423.

Netbilar.is
Núpalind 1 .Lindum Kópavogi,
201 Kópavogur
Sími: 588 5300
http://www.netbilar.is



TILBOÐSVERÐ DÍSEL VX !

TOYOTA LANDC 150 VX árg. 2011 ek. 78 Pkm, Sjálfsk, leður, topplúga, glugga og húddhlíf, motta í skotti, supereintak, tilboðsverð 7190 Þús, GSM 893-9500



ÚTSALA 4X4 ÚTSALA !!!

SKODA OCTAVIA STATION 4X4 árg. 2005 ek. 205 Pkm, 5 girá, álfelgur, krókur, sumar og vetrardekk, ný kúpling & tímareim, möguleiki á 100% láni, tilboðaverð 890 Þús GSM 893-9500



ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA !

FORD EXPLORER EDDIE BAUER 4X4 árg. 2006 ek. 167 Pkm, Sjálfsk, leður, krókur ofl. Umboðsbíll, 2 eigendur, mjög gott eintak, tilboðsverð 1290 Þús !!! GSM-893-9500



ÚTSALA 100% VÍSALÁN !!

TOYOTA COROLLA TERRA árg. 2007 ek. 215 Pkm 5 girá, 2 eigendur, mjög gott eintak, tímakedja, tilboðverð 790 þús, möguleiki á 100% láni, GSM 893-9500



ÚTSALA 100% VÍSALÁN !!

CHEVROLET KALOS SE árg. 2007 ek. 134 Pkm, 5 girá, álfelgur, nýleg tímareim, tilboðsverð 490 þús, möguleiki á 100% láni, GSM 893-9500



EINSTAKUR BÍLL !!!

PORSCHE 911 Carrera (997) árg. 2006 ek. 62 Pkm. Sjálfskiptur, 100% þjónustaður ef umboði, algjört super eintak. Verð 8900 þús GSM 893-9500

Bíll.is
Sími: 577 3777
www.bill.is



Hyundai Tucson Premium, 1/2016, nýr bíll, dísel, stærri vélin 185 hö, 19" felgur, mjög flottur bíll, panoramapak, íslenskt leiðsögukerfi, ásett verð 6.950 þús, er á staðnum, raðnr 152318. Eignum einnig til steingráa bíla líka.

100 bílar ehf
Í miðbæ Mosfellsbæjar,
Sími: 517 9999
Opíð 10-18.00 virka daga og
laugardaga 11-15
www.100bilar.is



Suzuki fjörgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eignum flestar stærðir á lager.

SUZUKI UMBODIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Bílar til sölu



VEIÐIBÍLLINN ER KLÁR !

Ford 150 2004 Ný vél og nýteknir í gegn sjálfskipting. Verð 1.650 skoða skipti Uppl. í s. 840 0149



Ford Transit 2012, vél 2.2d, 6 girá, ek. 46 þús km. Skoðaður 2018. Hurðir á báðum hliðum. Verð 2.600.000 Upp. í s. 8961339

ÓDÝRIR DÍSELBÍLAR

Skoda, Partner, Berlingo, Clio, Megane, og fleiri Nánar á Facebook: Ódýrir Díselbílar Sími: 534-0000

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Fellihýsi



Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir




JAPANSKAR VÉLAR EHF.
BÍLAPARTASALA
Erum að rífa flestar teg. frá asfu og evrópu árg. '99-14. Kaupum flestar teg. bíla. Opíð 8-18 virka daga. Dalshraun 26, 220 hf. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

ÞJÓNUSTA



Hreingerningar



Bókhald



Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is


Húsaviðhald



Tímavinna eða tilboð
Sími 544 4444
Gsm 777 3600
jaiðnaðarmenn.is
johann@2b.is



Er þú þakrennurnar og niðurföllinn farinn að leka? Hafðu samband við okkur við tökum að okkur uppsetningar og endurnýjun og hreinsun á þakrennum. Einnig Þakskipti, Þakmálun, Stíflulósun og alla aðra blíkk eða smíðavinnu. Uppl. í s. 6996980



Húsviðhald



LOFTSTOKKAHRÆINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagning og trésmíði. S. 616 1569

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnsþá. Tarot. Árssþá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

SPÁSÍMINN 902 1020

Spámiðlun Heilun. Sjöfn Spámiðill og Heilari. Geymið auglýsinguna

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

KEYPT & SELT

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupungull.is

Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Byggingastjórn og öll almenn hönnun mannvirkja. Geometric ehf. 8680474 7790004

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting



Til leigu sumarhús 80 m² a Costa Blanca. Vikuleiga með rafm. vatni, TV og neti kr. 70.000. Uppl. sendist á spanarstrond@gmail.com

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Atvinnuhúsnæði

TIL LEIGU

120 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Geymsluhúsnæði

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m². Nýtt, upphitað og vaktad. S: 564-6500

SUMARTILBOÐ

á geymsluplássi. Sækjum og sendum. geymslulausnir.is s:615-5005

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Parfu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

ATVINNA

Atvinna í boði



Bæjarbakari í Hafnarfirði óskar eftir að ráða fólk í ýmis störf í afgreiðslu í framtiðarstarf. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknir sendar á bakari.is Uppl. í s. 555 0480



Óliudreifing

MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI

Við leitum að bílstjóra með meirapróf og ADR réttindi í sumarstarf í Reykjavík. ADR grunnréttindi duga fyrir réttan aðila sem getur byrjað strax.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937

Óska eftir starfskrafti í garðvinnu og húsviðgerðir, helst með reynslu. Uppl. í síma 616 1569.

Óska eftir vélstjóra með vs111 réttindi, stýrimann og einnig vanan háseta. Uppl. í s. 892 5522

HÚSAVIÐGERÐIR

Óska eftir manni í múr og sprunguviðgerðir. Reynsla æskileg. Uppl. í síma 618 5286 Þórður

HOUSEKEEPERS


Apartment Hotel in 101 Reykjavik is looking for housekeepers. Please send applications to: jobs@apartmentk.is

atvinna

Vísir hf óskar eftir að ráða vélavörð á Kristínu Gk 457

Kristín er línuveiðiskip með beitningarvél.

Nánari upplýsingar gefur Njáll í síma 856 5730 eða á heimasíðu Vísir www.visirhf.is



tilkynningar



Mat á umhverfisáhrifum

Athugun Skipulagsstofnunar

Landfylling í Elliðaárvogi

Reykjavíkurborg hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um landfyllingu í Elliðaárvogi.

Kynning á frummatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 11. maí til 23. júní 2016 á eftirtöldum stöðum: Í Menningarhúsi Grófinni, Þjóðarboðskrárdunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Athugasemdafrestur: Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 23. júní 2016 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Kynningarfundur: Vakin er athygli á að Reykjavíkurborg stendur fyrir kynningarfundi á frummatsskýrslu þann 19. maí 2016 kl. 17:00 til 19:00 í hverfisbækistöð Reykjavíkurborgar að Stórhöfða 9 og eru allir velkomnir.

Úthlutanir úr IHM-sjóði

Í samræmi við reglur um ráðstöfun greiðslna frá Innheimtumiðstöð gjalda auglýsir RSI hér með eftir umsóknum um fjárframlög úr svonefndum IHM-sjóði Rithöfundasambandsins. Rétt til úthlutunar úr myndbanda- og geisladiskageira eiga rithöfundar, leikskáld, þýðendur, handritshöfundar og aðrir höfundar ritverka, sem frumflutt hafa verið í sjónvarpi á síðasta og næstsíðasta ári. Um úthlutun geta sótt allir þeir sem telja sig eiga rétt, án tillits til félagsaðildar. Höfundum handrita fræðslu- og heimildarmyndar er bent á að sækja um til Hagþenkis - félags höfunda fræðirita og kennslugagna. Með umsóknum fylgi yfirlit um birt verk umsækjanda í sjónvarpi 2014 og 2015, taka skal fram lengd flutnings í mínútum, flutningsstað, dagsetningu flutnings og hlutfall ef höfundar eru fleiri en einn.

Til úthlutunar eru samtals 1.000.000 kr. Sótt er um á rafrænu umsóknareyðublaði á heimasíðu Rithöfundasambandsins, <https://rsi.is/verdlaun-og-sjodir/ihm-sjodur-umsoknareydublad/> Umsóknir skulu berast fyrir 1. júní n.k.

JÁRNABINDINGAR / IRON JOB

Vantar jarnmenn. Mikil vinna. Uppl. í s. 897 1995 / 893 1174 / 866 1083 og jarnaverk@internet.is

Atvinna óskast

KRANAMAÐUR ÓSKA EFTIR VINNU

S. 780-1000

Talar ágæta ensku og er með réttindi. Er 45 ára. Erum einnig með aðra iðnaðar- og verkamenn.

Verkleigan S. 780-1000 eða vinna@verkleigan.is

VANTAR PIG STARFSMENN?

Erum með iðnaðarmenn og almenna verkamenn á skrá sem geta byrjað fljótlega. Einnig bílstjóra með meirapróf

Við finnum réttu mennina fyrir þig.

Verkleigan sími:780-1000

e: vinna@verkleigan.is

TILKYNNINGAR

VANTAR PIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannabjónusta - Proventus.is S. 775-7373

Einkamál

Karlmaður óskar eftir að kynnast kvenmanni með sambúð eða vináttu í huga. S. 699 3209 Guðmundur M.

óskast til leigu

3-4 herb. íbúð/hæð óskast

Fjölskylda óskar eftir 3ja-4ja herbergja íbúð/hæð, á svæði 201-203-210-220-221.

Aðeins langtímaleiga kemur til greina.

Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Meðmæli.

Nánari upplýsingar í s. 863 4291 Margrét

fasteignir



Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Breiðvangur 24, 220 Hf.

Opið hús í dag 11. maí frá kl. 17:30 - 18:00



Sérlega skemmtileg vel hönnuð 117,2 fm 4-5 herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu vel staðsettu og viðhöldnu fjölbýli í norðurbæ Hafnarfjarðar. Verð 32,8 millj.

Hús að utan í góðu ástandi enda hefur viðhaldi verið vel sinnt á s.l. árum.

Eignin er mjög vel staðsett, leik- og barnaskóli í göngufæri og stutt í alla helstu þjónustu.

Allar frekari uppl. veitir Hilmar Þór Bryde sölumaður hjá Hraunhamri fasteignasölu í síma 520-7500, gsm 892-9694, hilmar@hraunhamar.is

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Eftirspurn eftir erlendu vinnuafli ekki eins mikil og fyrir hrún

Samhliða aukningu í samþykktu byggingarmagni hefur atvinnulausum í mannvirkjagerð farið fækkandi. Á tímabilinu 2005 til 2016 voru flestir í mannvirkjagerð atvinnulausir árið 2009, eða 2.761. Frá þeim tíma hefur atvinnulausum farið fækkandi, sér í lagi frá 2011 til 2013 þegar þeim fækkaði um tvo þriðju. Á fyrstu þremur mánuðum ársins hafa að meðaltali 290 manns í mannvirkjagerð verið án vinnu.

„Það er alveg ljóst að það eru ekki Íslendingar til að sinna þessari við-




Halldór Grönvold

bót og hafa ekki verið nema að litlu leyti. Að vísu er spurning hvort og að hvaða leyti við fáum Íslendinga til baka sem fóru erlendis eftir hrúnið. En meira að segja ef þeir skila sér í auknum mæli þá verður mikill fjöldi útlandinga sem mun koma hingað til að aðstoða okkur í þessari uppbyggingu,” segir Halldór Grönvold.

Sérfræðingar eru nú sammála um að eftirspurn eftir erlendu vinnuafli í byggingargeiranum fari vaxandi á ný, hins vegar sé eftirspurnin ekki farin að nálgast það sem hún nam fyrir hrún. Harpa Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjaramála hjá Eflingu, segist ekki vera að sjá sömu tölur og voru árið 2008. „Í byggingargeiranum vorum við með 3.300 félagsmenn fyrir hrún, en þeir eru einungis ríflega þúsund í dag. Félagsmenn voru fæstir árið 2012 þegar þeir voru 600 í byggingargeiranum. Við finnum fjölgun

Fjöldi atvinnulausra í mannvirkjagerð



HEIMILD: VINNUMÁLASTOFNUN

á bæði innlendu og erlendu starfsfólki. Hlutfall erlendra félagsmanna í byggingargeiranum var sextíu prósent árið 2008 en datt niður í fjórtíu prósent eftir hrún, nú er þetta komið upp í tæplega fimmtíu prósent,” segir Harpa.

Þorvaldur Gissurarson, framkvæmdastjóri Þ.G. Verks, segist einnig finna mikið fyrir aukinni eftirspurn eftir erlendu vinnuafli. „Innlenda vinnuaflið í byggingariðnaðinum er fyrir nokkru uppuríð, þá er ekkert annað úrræði en að fá erlent vinnuafli. Í dag er hlutfall erlendra starfsmanna alls ekki hátt og ekki orðið eins og fyrir hrún, en það er að aukast og mun aukast,” segir Þorvaldur.

Halldór segir erfitt að fullyrða hvort réttindi erlendra verkamanna sem komi hingað til að vinna séu virt. „Ég fullyrði að þessir bygginga-

mennt sem verið er að brjóta á með einhvers konar meðvitund eða yfirlögðu ráði nemi einhverjum hundruðum, umfram það vil ég ekki segja mikið. Við verðum minnst vör við þetta hjá íslenskum fyrirtækjum en þá er líka auðveldara að takast á við það. Þegar kemur að erlendum fyrirtækjum þá vandast málið. Það eru allmörg dæmi um að þessi erlendu fyrirtæki eru að reyna að komast upp með að greiða þessum starfsmönnum sínum laun og önnur starfskjör sem eru miklu líkari því sem er í þeirra heimalöndum en hér, það er fullkomlega ólöglegt.

Það eru líka að koma upp mál þar sem við höfum gagnrýnt innlend fyrirtæki fyrir að viðurkenna ekki starfsreynslu og starfsréttindi erlendra verkamanna. Það hefur veruleg áhrif á laun þeirra,” segir Halldór.



Atvinnuleysi hefur minnkað gríðarlega meðal byggingamanna á Íslandi og aukin eftirspurn er eftir erlendu vinnuafli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Halldór segir að síðustu mánuði hafi ASÍ og aðildarfélag þess verið að skanna markaðinn og reynt að átta sig á umfangi erlendra verkamanna sem verið er að brjóta á. „Það sem ég get sagt er að þetta er

bara of mikið. Við erum að reyna að átta okkur á því með hvaða hætti við getum upprætt þessa brotastarfsemi því að við viljum ekki að þetta festi rætur hér,” segir Halldór Grönvold.

2016 | Ársfundur Samáls

Grunnstoð í efnahagslífinu

Þann 18. maí heldur Samál ársfund sinn í Kaldalóni í Hörpu undir yfirskriftinni Grunnstoð í efnahagslífinu.

Fjallað verður um mikilvægi áliðnaðar fyrir efnahagslífið á Íslandi, nám í efnisverkfræði, afurðir úr áli og horfur á heimsvísu.

Samhliða ársfundinum verður sýning á afurðum Málmsteypunnar Hellu sem framleiðir vörur úr áli. Að fundi loknum verður boðið upp á kaffi og ilmandi pönnukökur beint af íslenskum álpönnum frá Málmsteypunni Hellu.

Fundarstjóri er Sólveig Bergmann.

Skráning er öllum opin og fer fram á vef Samáls, www.samal.is.

Dagskrá:

8:00 Morgunverður

8:30 Ársfundur

Ál er mikilvægara en nokkru sinni fyrr
Magnús Þór Ásmundsson, stjórnarformaður Samáls og forstjóri Fjarðaáls

Ávarp Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra

Energy Drives Aluminium into the Future

Kelly Driscoll, sérfræðingur frá greiningarfyrirtækinu CRU

Efnisverkfræði á Íslandi – horft til framtíðar

Guðrún Sævarsdóttir, forseti tækni- og verkfræðideildar HR

Breytingar á evrópskum orkumarkaði

– áhrif þeirra á samkeppnishæfni Íslands
Gunnar Tryggvason, framkvæmdastjóri hjá KPMG

Carbonated Drinks Love Aluminium

Carlos Cruz, forstjóri Vífilfells

10:00 Kaffispjall að loknum fundi



samál
SAMTÖK ALFRAMLEIÐENDA



SVANBORG SIGMARSÓTTIR



Svanborg færir sig um set

Svanborg Sigmarsson hefur verið ráðin upplýsinga- og alþjóðafulltrúi hjá Ríkisendurskoðun. Hún tekur við starfinu þann 17. maí. Svaborg hefur verið upplýsingafulltrúi Umboðsmanns skuldara síðustu sex ár og hjá Varnarmálastofnun þar áður. Hún er með meistaraþróf í stjórnmálakennningum frá University of Essex og BA-þróf í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands. – sg

BIRGIR JÓNSSON



Trommari Dimmu til Advania

Birgir Jónsson hefur verið ráðinn forstöðumaður mannaútslausna-sviðs Advania. Í starfinu mun hann leiða hóp 50 sérfræðinga sem sinna þróun, ráðgjöf, sölu og þjónustu á sviði mannaútslausna en um er að ræða stærstu einingu á Íslandi með þessa sérhæfingu. Birgir hefur að mestu starfað að verkefnum sem tengjast umbreytingum, endurskipulagningu og uppbyggingu, og er þeirrar skoðunar að mannaútsmálin séu lykhillinn að góðum árangri í slíkri vinnu.

Birgir hefur víða komið við, en hann hefur gegnt stjórnunarstörfum hjá fyrirtækjum á borð við Íslandsbanka-FBA, Óssur, Iceland Express, Infopress Group, Odda og Wow air. Hann er auk þess mörgum kunnugur sem trommari Dimmu. – jhh

JONATHAN GERLACH



Reynslubolti til Bókunar

Jonathan Gerlach hefur verið ráðinn til ferðasöluvefjarins Bókunar. Jonathan er fæddur 1977 og er með Associate of Arts gráðu frá Collins College í Arizona og BA-gráðu í grafískri hönnun úr Listaháskóla Íslands. Jonathan er stofnandi og var einn af eigendum vefstofunnar Skapa-lóns sem hefur undanfarin ár verið leiðandi fyrirtæki í gerð veflausna á Íslandi. Þá situr hann einnig í stjórn Samtaka vefiðnaðarins. – jhh

Sér ekki eftir að hafa hætt við

Hrannar Pétursson var nýhættur við framboð til forseta Íslands þegar utanríkisráðherra óskaði eftir starfskröftum hans. Hrannar segist ekki hafa pólitískan bakgrunn en kynntist Lilju Alfreðsdóttur í fyrra starfi.

SVIPMYND

HRANNAR PÉTURSSON

„Ég fékk símtal frá Lilju sem var að leita sér að manni til að vinna með sér næstu misserin. Ég var laus, nýstíginn út í vorið frá framboðsvinnu sem tók breytingum eftir að nýir leikmenn stigu inn á völlinn,“ segir Hrannar Pétursson, spurður út í aðdragandann að því að hann gerðist aðstoðarmaður Lilju Alfreðsdóttur utanríkisráðherra. Hann segir að starfið hafi hljómað spennandi og skemmtilega og hann því ákveðið að slá til.

Hrannar hefur áður starfað í stjórnsýslunni og var starfsmaður í forsætisráðuneytinu fyrir tveimur árum, en þá starfaði hann fyrir ráðuneytisstjóra. Nú er hann aftur á móti pólitískur ráðgjafi ráðherra. Hrannar segist þó ekki hafa pólitískan bakgrunn. „Ég hef aldrei starfað í pólitík. Ég hins vegar þekki Lilju vel,“ segir Hrannar en þau störfuðu í forsætisráðuneytinu á sama tíma.

Hrannar hefur mikla reynslu úr atvinnulífinu. Að loknu háskólanámi í félagsfræði gerðist hann fréttamaður og margir muna eftir honum frá árunum á Ríkissjónvarpinu. Eftir það fór hann að vinna hjá álverinu í Straumsvík. Svo fór hann í vinnu til Vodafone. „Það var mjög gaman að koma út á vinnumarkaðinn úr háskóla. Það situr alltaf eftirminnilega í mér þegar ég var í fréttum,“ segir Hrannar og bætir við að það hafi verið skemmtilegur tími.

Hrannar bauð sig fram til að gegna embætti forseta Íslands en dró svo framboðið til baka eftir að Ólafur Ragnar Grímsson tilkynnti að hann gæfi kost á sér aftur. Hann segist þó ekki sjá eftir því að hafa dregið framboð sitt til baka, nú þegar Ólafur Ragnar hefur dregið sig í hlé. „Ég er nú vanur því að horfa fremur fram á við en að líta um öxl. En það er forvitnilegt að fylgjast með því sem er að gerast í þessum slag,“ segir Hrannar.

Hrannar var staddur í Boston á austurströnd Bandaríkjanna þegar Markaðurinn náði tali af honum. Þar var hann að skoða nýsköpunarmiðstöð MIT-háskólans. Þaðan fer hann með ráðherra til New York og svo til Washington. Hann segir að starfi sínu sem aðstoðarmaður ráðherra geti fylgt mikil ferðalög. „Ég er nú bara búinn að vera í tvo til þrjú daga og er enn blautur á bak við eyrað. En mér sýnist það geta fylgt þessu starfi, enda er eðli ráðherraembættisins þannig að því fylgja ferðalög.“ jonhakon@frettabladid.is



Hrannar fór í fréttamennsku eftir háskólanám, en svo í almannatengsl. Hann var staddur erlendis þegar Markaðurinn talaði við hann. MYND/SIGURJÓN RAGNAR

Atvinnulífið klofið í afstöðu til Evrópusambandsins

Meirihluti þeirra sem starfa í bresku atvinnulífi hyggst greiða atkvæði með áframhaldandi aðild Breta að Evrópusambandinu. Bilið á milli aðildarsinna og útgöngusinna minnkar þó samkvæmt nýrri könnun. Sú könnun var gerð á vegum Breska viðskiptaráðsins í apríl. Hún sýndi að 54 prósent af 2.200 félagsmönnum sögðust myndu greiða atkvæði með aðild. Í febrúar síðastliðnum sögðust aftur á móti 60 prósent myndu greiða atkvæði með áframhaldandi aðild. Hins vegar sögðust 37 prósent, í könnuninni í apríl, myndu greiða atkvæði með útgöngu en 30 prósent sögðu í febrúar að þeir myndu greiða atkvæði á þann veg.

Adam Marshall, starfandi framkvæmdastjóri Breska viðskiptaráðsins, segir að bilið sé sannarlega að minnka. „Jafnvel þótt stór meirihluti af þeim sem við töludum við hafi látið í ljós þá skoðun sína að

þeir vilji áframhaldandi aðild að Evrópusambandinu þá er bilið milli aðildarsinna og útgöngusinna að dragast verulega saman á síðustu vikum,“ segir hann.

Fulltrúar stærri fyrirtækja og þeirra sem eiga mikil viðskipti við Evrópu-markaði voru líklegri til að greiða atkvæði með áframhaldandi aðild. Fulltrúar minni fyrirtækja, með 10 starfsmenn eða færri og eru ekki í útlutningi, voru mun líklegri til þess að vilja ganga úr Evrópusambandinu.

Stærstur hluti svarenda taldi að þjóðaratkvæðagreiðslan, sem fram fer 23. júní, hefði enn sem komið er ekki haft nein áhrif á starfsemi fyrirtækja þeirra, eins og sölu, starfsmannahald eða fjárfestingu. Tæp 36 prósent töldu að ef Bretland yfirgæfi Evrópusambandið myndi það hafa neikvæð áhrif á vaxtaráætlunir fyrirtækisins, en 36,3 prósent töldu að það hefði engin áhrif. Tæp 16 prósent töldu svo að það myndi hafa jákvæð áhrif. – jhh



Boris Johnson, fyrrverandi borgarstjóri og einn helsti talsmaður útgöngu, mætir til málfundar á hjóli. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ráðherra framtíðarmála?

Nýsköpun

Sævar Kristinsson ráðgjafi hjá KPMG
Karl Friðriksson framkvæmdastjóri við Nýsköpunarmiðstöð Íslands



Greinarhöfundar velta fyrir sér hvort í ríkisstjórn Íslands þurfi að starfa ráðherra framtíðarmála. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Starfsumhverfi okkar breytist stöðugt. Við lifum í heimi þar sem ákvarðanir stjórnvalda krefjast viðtæks skilnings á flóknum aðstæðum. Því hefur sú hugmynd orðið æ áleitnari víða um heim, hvort þjóðir þurfi að hafa sérstakan ráðherra um framtíðarmálefni. Var þessari hugmynd meðal annars velt upp á fundi Alþjóðaefnahagsráðsins (World Economic Forum) í Davos í janúar.

Sviar hafa haft ráðherra framtíðarmála um nokkurt skeið og er hlutverk hans að tryggja langtímahugsun stjórnvalda. Sömu sögu má segja um fjarlægari þjóðir eins og Sáði-Araba, Suður-Kóreumenn og fleiri.

Eitt af vandamálunum við nútíma stjórnmál er að þau snúast gjarnan um verkefni liðandi stundar og sjóndeildarhringurinn nær oft en ekki nema út kjörtímabilið. Nauðsynleg langtímahugsun og skipulag ná þannig ekki föfestu. Finnisk stjórnvöld hafa tekið á þessu með því að láta útbúa framtíðarskýrslu á hverju kjörtímabili um þau meginviðfangsefni sem gætu mætt Finn-um á komandi 15-25 árum.

Eitt af vandamálunum við nútíma stjórnmál er að þau snúast gjarnan um verkefni liðandi stundar og sjóndeildarhringurinn nær oft en ekki nema út kjörtímabilið.

Framtíðin er nær okkur en margir telja

Þættir sem í dag virðast fjarlægjar hugmyndir munu raungerast á komandi árum (og hafa jafnvel gert það víða erlendis). Gervigreind er nýtt á ótal sviðum, róbótar (vélmenni) munu vinna á heilbrigðisstofnunum og sjálfkeyrandi bílar eru handan við hornið. Stórvægilegar breytingar eru fram undan í heilsufarsmálum og öldrun þjóðarinnar. Bifreiðaeidsneyti er að þróast hratt frá hefðbundnu bensini og olíu yfir

í aðra orkugjafa eins og rafmagn og metan og ekki má gleyma áhrifum loftslagsbreytinga sem víða eru byrjuð að koma fram.

Það kannast eflaust margir við þessi hugtök en hvað eru stjórnvöld, stofnanir og fyrirtæki að gera til að efla umræðu um viðbrögð við þeim? Það er nefnilega ekki nægjanlegt að kannast við þetta, heldur þarf að skilja hvernig þessi þróun geti orðið og ekki hvað sist að spyrja sig, hvernig munum við bregðast við breytingum, nýta tækifærin og bregðast við ógn og vá.

Þarf Ísland að hafa ráðherra framtíðarmála? Á tímum breytinga gagnast framtíðarfræðin vel þeim sem kunna að nýta þau. Það er mikilvægt að stjórnvöld og ekki hvað sist ráðherrar séu framtíðarþenkjandi – helst allir.

Besta leiðin til að spá í framtíðina er nefnilega að skapa hana.

ÞETTA ER OKKAR HEIMAVÖLLUR

Við sérhæfum okkur í uppsetningu og þjónustu við fyrirtæki sem vilja nýta sér kosti Office 365. Við erum svo sannarlega á heimavelli þar enda höfum við aðstoðað á annað hundrad fyrirtæki og sveitarfélög í vegferð þeirra í Office 365.

Microsoft Partner
Small and Midmarket Cloud Solutions

Traustur rekstur tölvukerfa / Örugghýsing gagna / Sérhannaðar hugbúnaðarlausnir

PREMIS

Hádegismóum 4 · 110 Reykjavík · 547 0000 · premis.is Við erum alltaf með lausnir

#harmageddon

FROSTI OG MÁNI
HARMAGEDDON
TRÚIÐ, HLUSTIÐ, HLÝÐIÐ
ALLA VIRKA DAGA 09:00 - 12:00

#X977

ÓMAR ÚLFUR

BESTA ROKKIÐ Á EINUM STAÐ
ALLA VIRKA DAGA 12:00 - 16:00

#akraborgin

HJÖRTUR HJARTAR
AKRABORGIN
ROKK OG SPORT
ALLA VIRKA DAGA 16:00 - 18:00

SIÓNVARP X977JS X977APPID ÚTVARP

X 97.7

Viðskipti



Jóhannes Ingi
Kolbeinsson
framkvæmda-
stjóri KORTA

Óheiðarleikinn verðlaunaður

Það hefur oft verið sorglegt að lesa íslenskar viðskiptafréttir síðustu árin. Hneykslismál koma reglulega upp þar sem í ljós kemur að stjórnendur og eigendur maka krókinn á kostnað annarra – viðskiptavina, smærri hluthafa eða jafnvel allra skattborgara. Málin fara hátt til að byrja með og stóru orðin eru ekki spöruð.

En svo fellur umræðan niður og þá er komið að því sorglegasta. Hinir brotlegu anda léttar, ekki bara af því að umræðan hefur beinst annað heldur líka af því að þeir sjá að svikin hafa lítil eða engin áhrif haft á afkomuna. Viðskiptavinir – almennigur eða önnur fyrirtæki – fylgja ekki orðum eftir með gjörðum og hinir brotlegu geta haldið áfram starfsemi sinni eins og ekkert hafi í skorist. Sárast sviður þetta hjá stjórnendum þeirra fyrirtækja sem fara eftir lögum og reglum því þeir sjá ekki betur en þeim sé refsað fyrir að stunda heiðarlega viðskiptahætti.

„Góðkunningjar lögreglunnar“

Þetta hefur að mínu mati skapað mjög óeðlilegt umhverfi víða í íslensku atvinnulífi. Stjórnendur og eigendur fyrirtækja sjá að ávinningurinn af glæpsamlegu athæfi er mun meiri en skaðinn og því er einfaldlega tekin ákvörðun um að starfa með slíkum hætti. Þannig finnast fjölmörg dæmi um „góðkunningja lögreglunnar“ meðal stærstu fyrirtækjanna í íslensku viðskiptalífi.

●● Við verðlaunum óheiðarlegt framferði fyrirtækja allt of oft með áframhaldandi viðskiptum og þá breytist ekkert. Ef við erum í alvöru ósátt við sviksemi og óeðlilega starfshætti verðum við að sýna að slík hegðun hefur afleiðingar.

Sjáum t.d. hvernig tryggingafyrirtækin voru á sínum tíma mjólkud af eigendum sínum og nú er sagan farin að endurtaka sig með svimandi háum arðgreiðslum. Annað dæmi er greiðslukortamarkaðurinn þar sem ég starfa þar sem hin fyrirtækin á markaðnum hafa slegið hvert metið á fætur öðru í sektum vegna samkeppnislagabrota. Háttsemi stærsta fjarskiptafyrirtækis landsins kemur reglulega inn á borð Samkeppniseftirlitsins, olíufyrirtækin eru enn einu sinni til skoðunar og bankastjóri Arion banka hefur röð samkeppnislagabrota á ferilskránni. Svo mætti lengi telja.

Við höfum valdið

Eigum við neytendur kannski bara skilið að láta hlunnfara okkur síendurtekið? Við verðlaunum óheiðarlegt framferði fyrirtækja allt of oft með áframhaldandi viðskiptum og þá breytist ekkert. Ef við erum í alvöru ósátt við sviksemi og óeðlilega starfshætti verðum við að sýna að slík hegðun hefur afleiðingar. Hættum að skipta við óheiðarleg fyrirtæki, færum viðskiptin annað og þá fyrst fara eigendur og stjórnendur að sjá að það borgi sig að starfa heiðarlega. Það skiptir máli við hverja viðskiptum.

Hægasti vöxtur frá 2009



Neysluverðsvísitalan í Kína var 2,3 prósentum hærrí í apríl en í sama mánuði í fyrra. Samkvæmt opinberum tölum þar í landi jókst hagvöxtur um 6,7 prósent á fyrsta fjórðungi ársins. Það er hægasti vöxtur frá 2009. Grænmetissalar taka tíðindunum með ró. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Leggjum AGS niður



Lars Christensen

alþjóðahagfræðingur

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) var stofnaður 1944. Það sem fólk nú til dags gerir sér oft ekki grein fyrir er að AGS var settur á stofn sem hluti af svokölluðu Bretton Woods-kerfi, sem var í eðli sínu alþjóðlegt fastgengiskerfi og tilgangur AGS var að hafa eftirlit með og styðja starfrækslu þessa fastgengiskerfis.

Í raun hafði AGS þann tilgang að styðja lönd sem lentu í viðskiptahalla til að tryggja að þau þyrftu ekki að víkja frá fastgengisstefnu sinni.

Hins vegar hrundi þetta kerfi 15. ágúst 1971 þegar forseti Bandaríkjanna, Richard Nixon, lokaði hinum svokallaða „gullglugga“ og leyfði í raun dollarnum að fljóta.

Þótt síðan séu liðin 45 ár er AGS enn til, þrátt fyrir að það alþjóðlega gjaldeyrissjóðurinn sem hann var stofnsettur til að styðja sé ekki lengur til staðar. Á þessu tímabili hefur AGS og næstum þrjú þúsund starfsmenn hans verið uppteknir af að endurhugsa hlutverk AGS og sjóðurinn heldur áfram að lána aðildarríkjum víða um heim.

Fljótandi gengi er betra en AGS-lán

Síðan Bretton Woods-kerfið hrundi 1971 hefur þróunin í heiminum smám saman verið frá fastgengi til fljótandi gengis. Afleiðingin er að í sífellt fleiri löndum er tekið á ójafnvægi í viðskiptajöfnuði með gengistilfærslum frekar en með utanaðkomandi lántökum frá til dæmis AGS.

Þetta þýðir að grunnurinn sem AGS byggðist á er ekki lengur til og því er eðlilegt að spyrja af hverju

●● Síðan Bretton Woods-kerfið hrundi 1971 hefur þróunin í heiminum smám saman verið frá fastgengi til fljótandi gengis. Afleiðingin er að í sífellt fleiri löndum er tekið á ójafnvægi í viðskiptajöfnuði með gengistilfærslum frekar en með utanaðkomandi lántökum.

AGS sé enn til. Í raun er Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn úreltur.

AGS er uppspretta meiri háttar siðavanda

En AGS er ekki bara úreltur. AGS stofnar einnig að mörgu leyti fjármálastöðugleika heimsins í hættu.

Ástæðan fyrir því er að þar sem AGS er tilbúinn að lána ríkisstjórnunum – þegar markaðirnir vilja það ekki við sömu skilyrði – þá er AGS í raun að bjarga ríkjum OG fjár-

festum sem hafa lánað þessum ríkisstjórnunum.

Það er athyglisverð staðreynd að í kjölfar heimskreppunnar 2008 stóðu einmitt þessar ríkisstjórnir ekki í skilum og lykilástæðan fyrir því var að ef Evrópusambandið bjargaði þeim ekki þá gerði AGS það.

Annars vegar geta lán AGS dregið úr hættunni á alþjóðlegum fjárhagserfiðleikum þegar kreppa riður yfir, en þau er einnig lykilkjálftur í því að hvetja fjárfesta til að taka meiri áhættu og lána óhæfum ríkisstjórnunum. Með öðrum orðum valda lán AGS því sem hagfræðingar kalla siðavanda og auka þannig líkurnar á kreppum. Að því leyti kemur AGS ekki með lækningu við sjúkdómi – hann er frekar orsök sjúkdómsins.

Leggjum AGS niður

Svo AGS er ekki bara úreltur nú á tímum – hann beinlínis skaðar fjármálastöðugleika í heiminum og það er kominn tími til að leggja hann niður. Það hefði átt að gerast fyrir 45 árum, svo við ættum ekki að biða lengur.

Lítill framþróun í mannauðsmálum á Íslandi frá 2012



Hin hliðin

Ingunn Björk
Vilhjálmstöttir,
einn af eigendum
Attentus og
stjórnendaráðgjafi.

Í nóvember 2015 gaf Rannsóknarmiðstöðin í mannauðsstjórnun við Háskólann í Reykjavík út skýrslu með niðurstöðum Cranet-rannsóknarinnar 2015. Rannsóknin byggir á svörum 119 stærstu vinnuveitenda á Íslandi og er hluti af alþjóðlegu samstarfi 40 landa um

samanburðarrannsóknir á sviði mannauðsstjórnunar – Cranfield Network on International Human Resource Management. Í skýrslunni er greint frá stöðu og þróun mannauðsstjórnunar á Íslandi.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að lítill framþróun hefur orðið frá árinu 2012 í íslensku mannauðsstjórnun. Nokkur munur er á stöðu fyrirtækja eftir atvinnugreinum og standa frumvinnslugreinar og opinberar stofnanir sig lakast en þjónustufyrirtæki best. Ekki má sjá skýr tengsl milli stærðar fyrirtækja og árangurs fyrirtækja í mannauðsmálum, nema hvað að meðalstór og

stór fyrirtæki eru líklegri til að hafa náð meiri árangri.

Hjálpur núverandi mannauðsstefna og mannauðstól ykkur að ná árangri? Það verður áhugavert að fylgjast með þróun mannauðsmála á næstu árum. Íslensk fyrirtæki eru mislangt á veg komin í mannauðsmálum. Góð leið fyrir stjórnendur er að meta núverandi stöðu mannauðsmála og setja sér markmið til næstu ára. Ef mannauðsstjórnun á að skila árangri í rekstri þarf ábyrgðarmaður mannauðsmála að vera þátttakandi í stefnumörkun og viðskiptatengdum ákvörðunum. Grunnurinn

verður að vera til staðar, vinnuferlin skýr, fagleg stjórnun, skýr verka-skipting milli mannauðsdeilda og stjórnenda. Það er mikill misskilningur að mannauðsferlar missi að vera eign mannauðsdeilda. Fagleg mannauðsstjórnun næst ekki fyrr en stjórnendur fara að tileinka sér verkfæri og vinnubrögð mannauðsstjórnunar og gera þau að sínum. Þjálfun stjórnenda og góð samvinna þeirra og mannauðsdeilda eru lykilatriði í góðum árangri. Þá getum við byrjað að tala um fram-sækna mannauðsstjórnun. Það er því til mikils að vinna fyrir íslensk fyrirtæki.



Innskotsborð - verð 57.000
Tilboð 48.000
Stærð 60 x 45 sm - h. 60 sm



Golda hliðarborð - verð 117.000
Tilboð 98.000
Stærð 120 x 40 sm - h. 80 sm



Sjónvarpsskápur - verð 172.000
Tilboð 137.000
Stærð 180 x 50 sm - h. 60 sm



Blaðgrindarborð - verð 43.000
Tilboð 35.000
Stærð 58 x 40 sm - h. 65 sm



Chippendale stofuskápur - verð 379.000
Tilboð 298.000
Stærð 180 x 64 sm - h. 225 sm



Viceroy hægindasófi verð 329.000
Ekta leður - Tilboð 279.000
Stærð 222 x 95 sm h. 105 sm



Vanessa hliðarborð verð 67.000
Tilboð 56.000
Stærð 120 x 40 sm - h. 80 sm



Novel tungusófi - verð 242.000
Áklæði - Tilboð 159.000
Stærð 297 x 185 sm h. 88 sm



Viceroy hægindastóll verð 165.000
Ekta leður - Tilboð 139.000
Stærð 95 x 95 sm h. 105 sm



Calais 3 + 2 - verð 230.000
Áklæði - Tilboð 186.000
3 sæta 222 sm, 2 sæta 168 sm x 97 sm h. 86 sm



Bronson rafdrifinn hægindastóll - verð 199.000
Ekta leður - Tilboð 159.000
Stærð 98 x 100 sm h. 105 sm



Coltrain sófasett - verð 547.000
Ekta leður - Tilboð 437.000
Sófi 230 - stóll 104 x 100 sm h. 95 sm



Carrera hægindastóll - verð 139.000
Ekta leður - Tilboð 109.000
Stærð 82 x 96 sm h. 109 sm



Rubelli hægindastóll - verð 134.000
Ekta leður - Tilboð 99.000
Stærð 82 x 90 sm h. 105 sm



Rubelli hægindastóll - verð 89.000
Áklæði - Tilboð 69.000
Stærð 82 x 90 sm h. 105 sm



Rafael hægindastóll - verð 134.000
Ekta leður - Tilboð 109.000
Stærð 81,5 x 91 sm h. 109,5 sm

Stjórnar- maðurinn

@stjornarmadur

Hvað ræður för?

Panama-skjölín hafa nú verið gerð opinber í allri sinni dýrd og því á allra færi að nálgast skjölín og grúska eftir þörfum eða áhuga. Ljóst er að fjöldinn allur af Íslendingum kemur fram í skjölunum, en samkvæmt einum fjölmiðlinum er að finna nöfn 170 Íslendinga hið minnsta.

Nú þegar mesta fárviðrinu virðist hafa slotað er áhugavert að velta því fyrir sér hvað réði því hverjir voru teknir fyrir og í hvaða röð. Óumflýjanlega var það svo að þeir sem fyrstir voru í röðinni fengu mesta umfjöllun á meðan þeir sem komu síðar hafa nokkurn veginn flogið undir radarinn. Þetta var fyrirsjáanlegt enda í samræmi við íslenska umræðuhefð, sem vanalega hefst á miklum upphrópunum en verður fljótlega að hvisli og gleymist að endingu. Þetta gerir það því miður að verkum að fá mál eru raunverulega leidd til lykta í umræðunni.

Í skjölunum er að finna menn sem fyrirferðarmiklir hafa verið í viðskiptalífnum, t.d. forstjóra stærsta fjarskiptafyrirtækis landsins, en einnig tónlistarmenn, stjórnmalámennt og útgerðarmenn. Fæst hefur þetta fólk ratað í fjölmiðla með miklum trumbuslætti. Undantekning frá því hefur þó verið gerð hvað varðar stjórnmalámenntina, sem hlýtur að teljast skiljanlegt.

Ekki er gott að átta sig á því hvað hefur ráðið hverjir aðrir hafa verið teknir fyrir og hverjum hlíft.

Spurning er hvort ekki sé eðlilegt að beina sjónum sérstaklega að útgerðinni, sem höndlar jú með auðlindir þjóðarinnar og sækir auð sinn þangað. Það hlýtur að vera siðferðislegur munur á því að færa fjármuni, sem sóttir eru í sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar, úr landi, og að sýsla með fjármuni sem aflað er með öðrum og almennari hætti eða hreinlega aflað annars staðar í heiminum, eins og raunin virðist vera í mörgum tilvikum. Það virðist þó ekki hafa ratað ofarlega á forgangslista blaðamannanna.

Eðlilegast hefði verið að gera upplýsingarnar allar opinberar á sama tíma og umfjöllunin hófst. Fjölmiðlarnir sem í hlut áttu tóku sér hins vegar það vald að henda sumum fyrir ljónin, en hlífa öðrum. Þar er ábyrgð ríkisfjölmiðilsins stærst og mest.

Áhugavert væri ef þeir gætu upplýst um hvað réði för.

551

MILLJARÐS VELTA

var í virðisaukaskattskyldri starfsemi í janúar og febrúar. Það er 5% aukning miðað við sama tímabil árið áður. Á síðustu 12 mánuðum er aukningin 9%. Hluti af ástæðu aukningarinnar er sú að um síðustu áramót tóku gildi breytingar á lögum um virðisaukaskatt og eru fleiri atvinnugreinar virðisaukaskattskyldar en áður.


735

MILLJARÐAR KRÓNA

var heildargjaldeyrisforði Seðlabanka Íslands í lok mars síðastliðins. Hreinn gjaldeyrisforði, það er sá hluti forðans sem fjármagnaður er innanlands, nemur 396 milljörðum króna. Svigrúm Seðlabankans til gjaldeyrisvaraforðasöfnunar hefur aukist verulega að undanförmu og telur Greiningardeild Arion að það svigrúm verði áfram.

Ég tel að það mætti hafa einum fleiri rétti á forsetaframboðsmatseðlinum og ég gæti kannski passað þar inn í. Bæði reynsla mín og þekking, sem er nokkur, gæti fallið vel að þessu starfi.

David Oddsson forsetaframbjóðandi



**TILBOÐ
Á CONVOTHERM
OFNUM Í MAÍ**

Viktor Örn Andrésson
Keppandi í Bocuse d'Or

VIKTOR OG CONVOTHERM ÆTLA AÐ VINNA SAMAN Á BOCUSE D'OR Í LYON

AF ÞVÍ TILBOÐUM VIÐ ALLA CONVOTHERM OFNA Á TILBOÐSVERÐI Í MAÍ

Bocuse d'Or er ein virtasta matreiðslukeppni sem haldin er í heiminum og hefur verið haldin síðan 1987. Í keppnina komast færri þjóðir að en vilja.

Fastus er stoltur styrktaraðili Bocuse d'Or á Íslandi.

Keppendur Bocuse d'Or hafa aðstöðu í sýningar- og æfingaeldhúsi Fastus, Síðumúla 16.



FASTUS Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16
Opið mán - fös 8:30 - 17:00

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

SAMSUNG

SAMSUNGSETRID.IS

Samsung gerir söngvakeppnina að einstakri upplifun



65" Samsung JS9005

Eurovision verðlækkun kr. 110.000,- Nú kr: 539.900.-



55" Samsung JU8005

Verð áður kr. 379.900,- Nú: 329.900.-



55" Samsung JU6075

Verð áður kr. 239.900,- Nú: 189.900.-



R3
WAM3500

30% afsláttur
af MultiRoom hátölurum og Soundbar
bæði bognum og beinum



HW-J8511

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	--	--	--	---	--	------------------------------------	--

TÍMAMÓT



Elskuleg eiginkona mín, móðir,
amma og langamma,

Sigríður Júlíusdóttir

Eyrarflöt 4, Akranesi,

verður jarðsungen frá Akraneskirku
föstudaginn 13. maí klukkan 13.00.

Arnfinnur Scheving Arnfinnsson

Margrét Arnfinnsdóttir
Maren Lind Másdóttir
Helena Másdóttir

Gunnar Harðarson
Ársæll Ottó Björnsson
og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

Sigurður Þórarinnsson

tæknifræðingur,

lést á dvalarheimilinu Grund
síðastliðinn föstudag 6. maí. Útför hans
verður gerð frá Frikirkjunni í Reykjavík
föstudaginn 13. maí klukkan 13.00.

Guðný Hildur Sigurðardóttir

Oddur Sigurðsson
Héðinn Pétursson
Ana Freed Sigurðsson
og barnabörn.



Kær frænka okkar,

Helga Þorsteinsdóttir

lést 4. maí síðastliðinn.
Hún verður jarðsungen
frá Fossvogskapelli föstudaginn
13. maí kl. 11.00 árdegis.

Ingibjörg Júna Gísladóttir
Guðbrandur Gíslason



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug vegna andláts og útfarar
elskulegs eiginmanns míns, föður,
tengdafaður, afa og langafa,

Haraldar Lévi Árnasonar

Búðardal.

Erna Inga Þorkelsdóttir

Gunnar Lévi Haraldsson
Hafðís Hrefna Haraldsdóttir
Árni Þorkell Haraldsson
barnabörn og langafabörn.

Hrönn Bernharðsdóttir
Hugo Sváfir Hreiðarsson



Ástkær faðir, tengdafaðir,
afi og langafi,

Valdimar K. Jónsson

prófessor emeritus,
Kirkjusandi 3,

lést á Landspítalanum 5. maí
síðastliðinn. Útför verður frá Dómkirkjunni
föstudaginn 13. maí kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir
en þeim sem vilja minnst hans er bent á hjartadeild
Landspítalans.

Þyri Valdimarsdóttir
Örn Valdimarsson
Vilborg Erla Valdimarsdóttir
Jón Rafn Valdimarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Eggert Eggertsson
Guðbjörg M. Sigtryggsd.
Sigurður Sigurðsson
Elín Rósa Guðmundsdóttir



Kári Eiríksson

listmálari

lést 1. maí síðastliðinn. Útför fer
fram frá Laugarneskirku í Reykjavík
miðvikudaginn 11. maí klukkan 11.

Kári Kárason
Inga Kjartansdóttir, Harpa Káradóttir
Dagur Kári Kárason



Jón Adolf ásamt lærisveinum sínum sem standa að sýningunni í dag.

Þetta snýst allt um að þora

Jón Adolf Steinólfsson útskurðarlistamaður blæs til sýningar ásamt þremur grunnskólaklassum í dag. Tilefnið er sextíu og eins árs afmæli Kópavogsbæjar.

Þetta er mitt framlag sem bæjarlistamaður Kópavogs,“ segir Jón Adolf Steinólfsson sem í dag opnar sýninguna Sameining í anddyri Bókasafns og Náttúrufræðistofu Kópavogs ásamt þremur ungum listamönnum. Um útskurðarverk er að ræða sem unnin hafa verið í vetur og er tilefni sýningarinnar afmælisdagur Kópavogsbæjar en bæjarfélagið er sextíu og eins árs í dag. Fellur sú ábyrgð á herðar bæjarlistamanns Kópavogsbæjar ár hvert að taka þátt í menningarfræðslu bæjarins með einum eða öðrum hætti og má sannarlega segja að Jón Adolf hafi tekið þá ábyrgð býsna alvarlega. Hafa drengirnir mætt í kennslu einu sinni í viku í allan vetur og nú er komið að uppskeruhátíðinni.

„Þetta er sýning á verkum grunnskólanemanna þriggja, Ragnars Mús

Róbertssonar, Gunnars Jökuls Jakobs-sonar og Hersteins Skúla Gunnarssonar. Þeir eru á aldrinum þrettán til sextán ára og hafa verið hjá mér í vetur. Þetta hefur gengið mjög vel. Þeir hafa verið svo móttækilegir,“ útskýrir Jón Adolf. „Þetta snýst í grunninn um að kunna að halda á jarnunum rétt og svo að þora. Það er allt og sumt,“ bendir hann á og segir nokkuð merkilegt að veturinn hafi verið bæði skurð- og blóðlaus, en það sé iðulega alltaf einhver af þeim sem hann tekur í læri sem sker sig á einhverjum tímamarki.

Jón Adolf er einkar ánægður með drengina þrjá. Þó viðurkennir hann að í upphafi hafi hann vonast til að ná einum nemanda úr hverjum skóla Kópavogsbæjar, en þeir eru níu talsins. „Ég fór í skólana og kynnti þetta fyrir nemendum og þeir fengu svo bara að

velja hvort þá langaði að koma. Úr varð að þeir byrjuðu fjórir en kláruðu þrjár.“

Þrátt fyrir að útskurður sé megininntak sýningarinnar var handbragð ekki það eina sem komst að í kennslustundum Jóns Adolfs. „Við eyddum hluta tímans í að skera út og svo notuðum við tímann líka í jákvæðni. Jákvæðni er mitt áhugamál svo við ræddum saman um heimsmálin, skólana og reyndum að snúa hlutunum upp í smá jákvæðni,“ segir hann blátt áfram og viðurkennir að drengirnir hafi komið býsna jákvæðir undan vetri eftir sambland útskurðar og jákvæðniþjálfunarinnar.

Sýningin verður opnuð í dag klukkan 16.00 og er það í höndum Karenar E. Halldórsdóttur, formanns lista- og menningarráðs, að hefja leika en sjálf sýningin stendur til 25. maí næstkomandi. gudrun@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Sigrún Karlsdóttir

Skálagerði 17, Reykjavík,

lést 1. maí síðastliðinn. Útförin fer fram
frá Bústaðakirkju föstudaginn 13. maí
kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en
þeim sem vilja minnst hennar er bent
á minningarkortasjóð Grundar. Aðstandendur þakka
auðsýnda samúð og hlýju.

Karl Stefán Hannesson
Ásthildur Hannesdóttir
Lilja Hannesdóttir

Emilía Kjærnsted
Baldur Ellertsson
Stefán Þorleifsson

María Sigrún Hannesdóttir
Gunnar Þór Hannesson
Hannes Alfreð Hannesson
barnabörn og langömmubörn.



Elskuleg eiginkona, móðir,
tengdamóðir og amma,

Birgit Helland

lést á Landspítalanum
laugardaginn 7. maí síðastliðinn.

Hreinn Frimannsson

Finnur Hreinsson
Knútur Hreinsson
Frimann Hreinsson
Dagný Hreinsdóttir

Kristín H.B. Einarsdóttir

Úlfar Þór Björnsson
og barnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið tíamot@365.is.

Varahlutir í bílinn




Rafgeymar



Kerti



Fjöðrun og stýrisendor



Tímareimar og vatnsdælur

Hemlahlutir




 **Stilling**
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Miðvikudagur



Vestlæg eða breytileg átt í dag, yfirleitt 5-13 m/s. Skýjað að mestu norðan- og vestanlands, sums staðar dálítill rigning og hiti 4 til 10 stig. Bjart að mestu suðaustanlands og hiti allt að 17 stig.

Fimmtudagur

Reykjavík 6° ↑ 9	Ísafjörður 4° ↗ 5	Akureyri 4° ↗ 2
Egilsstaðir 3° ↑ 1	Kirkjubæjarkl. 3° ↖ 4	Hveravellir 1° ↑ 6

Föstudagur

Reykjavík 7° ↑ 4	Ísafjörður 4° ↗ 7	Akureyri 4° → 3
Egilsstaðir 5° ↘ 7	Kirkjubæjarkl. 9° ↘ 8	Hveravellir 1° → 2

Prautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- margskonar
 - klaki
 - máltíð
 - atvikast
 - tveir eins
 - smáu
 - suð
 - tveir eins
 - gaul
 - stansa
 - á fæti
 - glufa

- LÓÐRÉTT**
- fangi
 - 2000
 - sáluhjálpi
 - hár
 - möttull
 - skst.
 - háttur
 - litur
 - hugfólginn
 - tvíhljóði

LAUSN

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19			20
21					

LÓÐRÉTT: 1. gísli, 3. mm, 4. sálubót, 5. ull, 7. skikkja, 10. etv, 13. laug, 15. bíl, 16. kær, 19. au.

Skák Gunnar Björnsson

Thomas Ernst hafði svart gegn Emanuel Berg í Malmö árið 1988.

Svartur á leik



1. ... Bxh3! 2. gxh3 Hxe3! 0-1. Lokaumferð Skákmóts öðlinga fer fram í kvöld. Stefán Arnalds hefur forystu fyrir lokaátökin. www.skak.is: Styttist í Short.

Sudoku

LÉTT

8	3							
		5	4	3	7	1	2	
			5		9			3
				5	8	3	7	
9	8			6				
2		7	9					
		1				6	4	
	2			5	8			
6				1	7			

MIDLUNGS

		4	3	7	5	9		6
		9				3		4
6	2			9		7		
		8				6		
		7	5		3			2
		1	6			5		
		5	4			7		
2					9			3
4					8			

ÞUNG

		5							6
								4	1
			4		9				
	1	3		8	5				7
				7		2			
6			9	2					3
3		1	5	9					
	9		7		6	3			2
			8						5

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

2	9	1	8	5	3	4	6	7		3	2	7	9	5	6	1	4	8		3	7	1	8	6	9	2	5	4	
6	7	3	2	1	4	8	5	9		8	6	5	4	1	3	7	2	9		8	6	4	1	2	5	7	9	3	
8	4	5	6	7	9	1	2	3		4	9	1	8	2	7	3	5	6		2	5	9	7	4	3	6	8	1	
1	6	4	5	8	7	9	3	2		9	1	6	5	3	2	8	7	4		9	1	6	3	5	4	8	2	7	
9	3	2	1	4	6	5	7	8		7	8	2	6	4	1	9	3	5		4	8	3	6	7	2	5	1	9	
5	8	7	9	3	2	6	1	4		5	3	4	7	8	9	2	6	1		7	2	5	9	8	1	4	3	6	
7	5	9	4	2	1	3	8	6		1	7	9	2	6	5	4	8	3		1	4	7	2	9	8	3	6	5	
3	1	6	7	9	8	2	4	5		2	5	8	3	9	4	6	1	7		5	3	8	4	1	6	9	7	2	
4	2	8	3	6	5	7	9	1		6	4	3	1	7	8	5	9	2		6	9	2	5	3	7	1	4	8	

Myndasögur

PONDUS



GELGJAN



BARNALÁN



Ílmurinn er indæll og bragðið eftir því

Þetta uppskrifin

www.katla.is

Eftir Frode Øverli

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

VORÚTSALA

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

YFIR 100 GERÐIR AF SJÓNVÖRPUM

LG OLED SJÓNVÖRP
MEÐ ALLT AÐ 38% AFSLÆTTI

65" SJÓNVÖRP
MEÐ ALLT AÐ 200.000 KR AFSL.

YAMAHA RESTIO HLJÓMTÆKI
MEÐ ALLT AÐ 58% AFSLÆTTI

BLUETOOTH HÁTALARAR
MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

YAMAHA MULTIROOM HÁTALARAR
MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

40" ULTRA HD 4K SMART
SJÓNVÖRP FRÁ 89.990 KR

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

Stundum vaknar maður og vonast til þess að gera eitthvað allt annað í þessari stöðugu leit

Þór Vigfússon opnaði nýverið sýningu á verkum sínum en hann hefur löngum unnið með liti og form.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Myndlist þarf ekki alltaf að vera flókin til þess að heilla þá sem hennar njóta. Það sýna verk Þórs Vigfússonar sem opnaði einkasýningu í i8 gallerí síðastliðinn föstudag en Þór hefur á ferli sínum sýnt bæði hér heima sem og í útlöndum og var tilnefndur til Carnegie-myndlistarverðlaunanna árið 2008. Þór lærði við Myndlista- og handiðaskóla Íslands og Striching De Vrije Academie í Haag en hann segist þó ekki hafa dvalið eins lengi við nám í Hollandi og svo margir íslenskir kollegar.

„Ég var nú ekki lengi í Hollandi miðað við marga vini mína. Ég var einhvern veginn fljótur til þess að halda að skólar væru óttalegt rusl og hreint ekkert af hinu góða. Ég á það reyndar til enn að halda þetta en finnst nú samt að fólk eigi að mennta sig en þetta er engu að síður ákveðinn kúgun í mínum huga. Ég hef alltaf lítið á skóla sem kúgun, alveg frá því að ég var barn. Fyrir mér var barnaskólinn og sú menntun sem fylgdi afplánun sem ég þyrfti að komast í gegn um. En ég verð nú að taka það fram að stundum finnst mér þetta há mér og þá aðallega í mannlegum samskiptum,“ segir Þór og hlær góðlátlega.

Í leit að sléttum fleti

Það er mikið og vandað handbragð sem liggur að baki verkum Þórs sem segir að vissulega sé hann hrifinn af vönduðu og góðu handbragði, sérstaklega þegar það hefur áhrif á útkomuna á hans eigin verkum. „Handbragð er samt ekkert sem ég dýrka. Mér er í sjálfu sér andskotans sama um handbragð fólks á flestum sviðum nema kannski þeirra manna sem ég fæ til þess að vinna fyrir mig svona til þess að koma mér að markmiðinu. En það sem ég er að sýna núna í i8 er mest málað gler og svo er ég með eitt formica-verk sem ég gerði upprunalega 2005 en breytti núna nýverið. Það var soldið stórt og það



Þór Vigfússon opnaði sýningu á verkum sínum í i8 gallerí síðasta föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

voru einmitt mjög góðir handverksmenn sem smíðuðu það fyrir mig á sínum tíma og það var nokkuð flókið ferli sem þeir leystu ákaflega vel. En ég breytti þessu verki talsvert mikið núna.

En glerið byrjaði ég upprunalega að nota bara sem gler. Ég elska þennan græna lit í glerinu sem margir vilja losna við þegar þeir eru að vinna það. En svo féll ég líka fyrir spegluninni. Var búinn að vera í leit að sléttum fleti, var að láta bílamálara mála fyrir mig og var svona aðeins að vandræðast með þetta en glerið er svo tært að það getur eiginlega ekki klikkað.“ Þór lítur þó alls ekki á sig sem glerlistamann í hefðbundnum skilningi.

„Nei, ég kann ekkert á gler nema að ég get skorið það og svona bjargað mér. Ég er lítið að nota þennan gagnsæja eiginleika, ég gerði það meira þegar ég var að vinna með plexiglerið. En það sem ég er með á þessari sýningu er svo massíft málað að þó að þú dragir þetta út á gólf þá áttu í sjálfu sér ekkert að sjá í gegnum þetta. Enda er ég ekki að vinna með birtuna með sama hætti og glerlistamenn gera t.d. í kirkjuverkum og slíku.

Grunnur listarinnar

Litir og form eru í raun þessir tveir grunnar sem þetta snýst um hjá mér. Maður á ekkert að vera að flækja þetta. Maður þarf að vita hvaðan lit-

irnir koma og ég er að vinna með lita-pallettuna og annað. Hún bara kemur frá þessum frumlitum og tónunum. Upphaflega notaði ég bara gulan, grænan, bláan og svo fór ég aðeins að stækka við mig hægt og rólega. Ég sula óneitanlega talsvert með liti sem ég er að vinna með og reyni að aðlaga þá að kerfinu sem ég er að vinna inn í hverju sinni.

Með sambærilegum hætti þá byrjaði ég að vinna einvörðungu með ferninga í forminu. Svo fór þetta að þróast skref fyrir skref með beinum hornum og svo kom sporaskjan inn í þetta og ég er að vinna með hana í dag í ýmsum útgáfum. Ég hef alltaf sótt í að vinna í þessum grunni mynd-

listarinnar. Þegar maður er ungur og er að leita sér að myndefni og mótífi þá er maður að leita sér að ástæðu til þess að gera hlutinn. Það er eiginlega enn þá erfitt að finna ástæðu til þess að setja hlutinn frá sér. Áður fyrr gerði ég oft seríu til þess að sýna hvaðan ég kæmi og hvert ég væri að fara. Gerði kannski 12 til 15 mynda seríu en þetta hefur breyst og ég er í dag afslappaðri með þetta. Þannig að þetta er núna einfaldara en það var áður. En ég hef stundum verið að gera eitthvað annað og stundum vaknar maður og vonast til þess að gera eitthvað allt annað í þessari stöðugu leit og verða þá auðvitað miklu hamingjusamari,“ segir Þór og hlær þakkaralega.

15-1937-PIVITA NUSID / SIA

Þessar litlu eru komnar í dós. Nú getur þú nælt þér í ferska kúlu aftur og aftur.

NÝJAR UMBÚÐIR

MOZZARELLA

Vængstýfður Eldfugl

Tónlist

Sinfóniutónleikar



Verk eftir Debussy, Webern og Stravínski í flutningi Sinfóniuhljóm-sveitar Íslands og einstakra hljóð-færaleikara hennar. Stjórnandi: Daniel Bjarnason.

Norðurljósi í Hörpu

Ef sýna á myndband á undan tónleikum þar sem áheyrendur eru fræddir um efnisskrána, þá verður að gera það vel. Í um hálf tíma fyrir tónleika föstudagskvöldsins var Benedikt Hjartarson bókmennta-fræðingur á hvíta tjaldinu. Hann sagði frá tímabilinu í kringum árið 1910, en þá voru verkin samín sem átti að flytja á tónleikum. Vídeóið var herfilega illa unnið. Í þokkabót var ekkert myndefni til að gera frásögnina lifandi. Fyrirlestur Benedikts var þó fróðlegur í sjálfu sér.

Tónleikarnir sjálfir voru hins vegar ekki slæmir. Fyrst gekk Anna Guðný Guðmundsdóttir fram á sviðið og spilaði tvær prelúdíur eftir Debussy. Það var Stúlkan með hörgula hárið og Farandsöngvarar (Minstrels). Leikur Önnu Guðnýjar var mjúkur, hljómfagur og skáldlegur. Hver einasti tónn sagði sögu og var þrungið merkingu.

Ekkí síðri var flutningur hennar og Sifjar Tulinius á Fjórum þáttum fyrir fiðlu og píanó eftir Anton Webern. Þarna var tónmálið myrkara, andrúmsloftið var allt að því spúki. Túlkunin var leitandi, full af ótta, jafnvel skelfingu; akkúrat eins og hún átti að hljóma. Heildarmyndin var afar áhrifarík.

Aðalrétturinn á matseðlinum var svo Eldfuglinn, ballettónlist eftir Stravínski. Það hefði mátt koma fram í máli Benedikts í myndbandinu vonda að Stravínski var þarna undir gríðarlega sterkum áhrifum af Skrjabín. Svo rammt kvæð að því að allur fyrri hluti ballettsins var nánast stæling á þeim síðarnefnda. Að mati undirritaðs rýrir þetta gildi verksins, í rauninni er það fyrst og fremst stíllæfing. Stravínski var ekki búinn að finna sig almennilega á þessum árum.

Sinfónían spilaði vel undir öruggri stjórn Daniels Bjarnasonar. Það var markviss stígangi í túlkuninni og tæknilega séð var leikurinn vandaður. En hljómburðurinn í Norðurljósum skemmdi fyrir, hann var þurrari en í Eldborginni. Það kom ekki að sök þegar aðeins um einn eða tvo hljóðfæraleikara var að ræða. En heil hljómstær þurfti meira, miklu meira! Heildaráferðin var dauð, það var eins og að heyra hljómstærina spila í stúdíói, sem óneitanlega skemmdi upplifunina. Tónlistin á að vera lifandi, svífandi eins og eldfuglinn sjálfur. Hér lágu allar nóturnar á jörðinni, vænglausar og andvana. Breytti þá engu um hversu ágætlega hljómstærin lék, vönduð frammi á dugði einfaldlega ekki til.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Á undan tónleikumun var sýnt illa unnið myndband, en hljóð-færaleikurinn var ágæturljósi þótt hljómburðurinn setti strik í reikninginn.

Margverðlaunaður karlakór býður til fjórlegra tónleika

Svissneski karlakórinn Männerstimmen Basel verður með tónleika í Akureyrarkirkju í kvöld kl. 20 og er aðgangur að tónleikum ókeypis en tekid er við frjálsum framlögum að tónleikum loknum.

Männerstimmen Basel er allsérstæður karlakór sem notið hefur mikillar velgengi á síðustu árum. Eitt af því sem einkennir kórinn er klæðaburðurinn sem samanstendur af hnébuxum, axlaböndum, skyrtu og flauelsjakka sem er í senn skemmtilega gamaldags og í sterkri mótsögn við afar nútímalega og lif-

andi tónleikaframkomu enda hafa þeir unnið til verðlauna víða um heim.

Meðlimir kórsins eru á aldrinum 18-32 ára og þeir hafa heillað tónleikagesti bæði í heimalandi sínu og víðar með flutningi sínum. Þessi orkumikli kór sameinar ástríðu og afslappað andrúmsloft, bæði á sviði og utan þess. Samvera og góðar hlátursrokur eru eins mikilvægar og æfingar og tónleikar. Þar sem kórinn er á styrktarsamningi við bruggverksmiðju í Basel er alltaf fullgullinn mjóður á boðstöðu á æfingum hjá þeim þar sem sungið



Svissneski karlakórinn Männerstimmen Basel syngur í Akureyrarkirkju í kvöld.

er af hjartans lyst og mikilli innlifun. En á tónleikum eru allir á tönnum og fylgja stjórnanda sínum, Oliver

Rudin, og aðstoðarstjórnanda, David Rossel. Kórinn flytur afar fjölbreytta efnisskrá með kirkjulegri og veraldlegri tónlist frá öllum tímabilum tónlistarsögunnar en á hverju ári pantar kórinn nýtt tónverk frá þekktum tónskáldum.

Männerstimmen Basel hefur tvisvar unnið Gullverðlaun á World Choir Games í Riga, verið valinn besti kór Sviss og besti karlakórinn á Montreux Choral Festival. Auk þess hafa þeir drengirnir fengið Fleischmann International Trophy á Írlandi 2011 fyrir besta flutninginn á samtímatónlist. – mg

Stóri dagurinn VINNINGASKRÁ

DREIÐ VAR 10. MAÍ MILLJÓNAVELTAN VERÐUR 10 MILLJÓNIR NÆST!

MILLJÓNAVELTAN 50.000.000						MILLJÓN Á MANN 1.000.000																																		
40341 E						1079 F 2935 B 15348 E 25179 G 52624 E																																		
AÐALÚTDRÁTTUR 70.000.000						5.000.000		50834																																
500.000 /2.500.000 TROMP						17139		31286		35137		42398		49276		52006																								
200.000			1.000.000 TROMP		9671		10097		11901		13849		19317		21622		53303		53661		55045		57197																	
100.000			500.000 TROMP		1948		7121		15886		24248		30867		33561		36141		43862		47137		52672																	
50.000			250.000 TROMP		1283		5622		9093		18440		23933		29401		35220		40166		48290		56004																	
20.000			100.000 TROMP		7938		10892		14373		17014		20006		23763		26960		30134		32905		35423		38231		40569		43432		46341		48759		51844		54783		57335	

10.000

50.000 TROMP

ef tveir síðustu tölustafirnir í númerinu eru 00 eða 79

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 563 8300 eða hjá næsta umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
 vænlegast til vinnings

Maettu og taktu númer

S: 5513010

Rakarastofan Klapparstíg

LAUGARÁS BÍÓ

miði.is Miðsala og nánni uppþýging

COCA-COLA LAUGARÁS

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
BAD NEIGHBORS 2	8, 10
CAPTAIN AMERICA 3D	6, 9
CAPTAIN AMERICA	10:25
RATCHET & CLANK	5:50 IS.TAL
THE BOSS	5:55
MADUR SEM HEITIR OVE	8

SAMBIÓIN

Frábær rómantísk gamannmynd frá leikstjóra Pretty Woman og Valentine's Day

SAMBIÓIN ALFABAKKA	KL.	ALFABAKKA	KL.
MOTHER'S DAY	KL. 5:30 - 8 - 10:30	MOTHER'S DAY	KL. 5:30 - 8 - 10:20
MOTHER'S DAY VIP	KL. 5:30 - 8	BAD NEIGHBORS 2	KL. 5:50 - 8 - 10:30
CAPTAIN AMERICA 3D	KL. 5:15 - 8:20	CAPTAIN AMERICA 3D	KL. 5:30 - 8:30
CAPTAIN AMERICA 2D	KL. 7 - 8 - 10:05	CAPTAIN AMERICA 2D	KL. 10:10
CAPTAIN AMERICA 2D VIP	KL. 10:30	THE JUNGLE BOOK 2D	KL. 5:40 - 8
CRIMINAL	KL. 10:40	ANGRY BIRDS IS.TAL 2D	KL. 8
RIBBIT IS.TAL	KL. 5	CAPTAIN AMERICA 2D	KL. 10:10
THE JUNGLE BOOK 2D	KL. 6 - 8:20		
ZOOTROPOLIS IS.TAL 2D	KL. 5:40		

AKUREYRI
MOTHER'S DAY KL. 5:30 - 8 - 10:30
CAPTAIN AMERICA 3D KL. 5:30 - 8:30

KEFLAVÍK
MOTHER'S DAY KL. 8 - 10:30
ANGRY BIRDS IS.TAL 2D KL. 8
CAPTAIN AMERICA 2D KL. 10:10

EGILSHÖLL
MOTHER'S DAY KL. 5:30 - 8 - 10:20
BAD NEIGHBORS 2 KL. 5:50 - 8 - 10:30
CAPTAIN AMERICA 3D KL. 5:30 - 8:30
CAPTAIN AMERICA 2D KL. 10:10
THE JUNGLE BOOK 2D KL. 5:40 - 8

KRINGLUNNI **NÚMERUD SÆTI**
MOTHER'S DAY KL. 5:30 - 8 - 9 - 10:30
CAPTAIN AMERICA 2D KL. 6 - 9
ALLEGIANTE KL. 6:20

SYND MEÐ ISLENSKU TALI

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

FORELDRABÍÓ **FORSAHA HAFIN**

BAD NEIGHBORS 2 Á FÖSTUDAGINN KL. 12 Í SMÁRABÍÓ

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

HELGARTILBOÐ

barbecook

SIESTA 310 gasgrill, 14,9 kW, Grillflötur: 35x43 + 2x(13,5x43) cm, emileraðar grillgrindur úr pottjárni, emilerað efri grind, 3 brennarar, hitamælir í loki.

64.995 kr.
50689231 - Almenn verð: 84.995kr.

Broil King
Great Barbecues Every Time

SIGNET 20 11,7 kW Ryðfrítt brennakerfi, mjög sterkar grillgrindur úr pottjárni, ryðfrítt eldunarkerfi, þrjú ryðfrír brennarar, gaskranar með 180° tökkum, elektrónískt kveikikerfi, hitamælir í loki.

79.995 kr.
50657504 - Almenn verð: 99.995kr.

NAPOLEON

TRIUMPH 495 4B Kraftur: 18,4 kW, 5 brennarar (4 aðalbrennarar), JETFIRE™ Kveikjakerfi, WAVE™ grillgrindur úr pottjárni, ACCU PROBE™, hitamælir, áfastur flöskuopnari.

119.995 kr.
506600032 - Almenn verð: 139.995kr.

SKOÐAÐU GRILLÚRVALIÐ Á BYKO.IS

www.byko.is **BYKO**

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

11. MAÍ 2016

Erindi

Hvað? Missagnir og klisjur um Ísland
Hvenær? 20.00

Hvar? Hannesarholt
Árni Björnsson Þjóðháttafraeðingur tekur fyrir ýmsar algengar túrista-klisjur um álfa, víkinga, uppruna Íslendinga, ásatrú og ritun forn-sagna í skemmtilegu spjalli með myndum. Veitingastofurnar eru opnar frá kl. 18.30 og hægt er að fá léttan kvöldverð á undan kvöldstundinni. Borðapantanir í síma 511-1904 eða á hannesarholt@hannesarholt.is.

Hvað? Kafað dýpra
Hvenær? 20.00

Hvar? Bandalag háskólamanna, Borgartúni 6
Þorgerður Sigurðardóttir, sérfræðingur í meðgöngu- og fæðingar-sjúkraþjálfun, heldur fyrirlestur um króníska verki og aðrar krísur sem snerta grindarbotninn hjá körlum í dag. Farið verður um víðan völlu um málefni sem tengjast grindarbotni karla. Verð við innganginn er 5.000 krónur sem greiðast með peningum. Hvorki er tekið við greiðslukortum né milli-færslum.

Hvað? Væntingar til forsetaembættisins
Hvenær? 12.00

Hvar? Háskóli Íslands, Oddi, stofa 101
Í dag halda Ragnheiður Kristjánsdóttir, prófessor við sagnfræði- og heimspekideild, og Birgir Hermannsson, aðjúnkt við stjórn-



Improv Iceland er alltaf í blússandi spunastuði á miðvikudögum.

málafræðideild HÍ, erindi um væntingar til forsetaembættisins. Erindin eru hluti af fundaröðinni Forseti Íslands: Hvers konar embætti er þetta? Allir velkomnir.

Opnanir

Hvað? Opnun sýningarinnar Sameining
Hvenær? 16.00

Hvar? Bókasafn og Náttúrufræðistofa Kópavogs
Sýningin „Sameining“ verður opnuð í anddyri Bókasafns og Náttúrufræðistofu Kópavogs í dag. Á sýningunni verða útskurðarverk eftir bæjarlistamann Kópavogs, Jón Adolf Steinólfsson, og nemendur hans, Ragnar, Gunnar og Herstein. Sýningin stendur til 25. maí. Allir velkomnir.

Leikhús

Hvað? Improv Ísland
Hvenær? 19.30

Hvar? Þjóðleikhúsið, Leikhúskjallarinn
Improv Ísland stendur fyrir grín- og spunasýningum á hverjum miðvikudegi í Þjóðleikhúsinu. Ekkert er ákveðið fyrirfram svo hver einasta sýning er einstök. Miðaverð 1.500 krónur.

Tónlist

Hvað? Djass með Don Lockwood
Hvenær? 21.00

Hvar? Slippbarinn
Don Lockwood spilar djass á hverjum miðvikudegi á Slippbarnum. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Hvað? Kiriya Family og X-Heart
Hvenær? 21.00

Hvar? Kex hostel, Gym & Tonic salur.
Hljómsveitin Kiriya Family hefur látið fara lítið fyrir sér út á við undanfarið þar sem bandið hefur unnið hörðum höndum að sinni annarri breiðskifu. Kiriya Family heldur sína fyrstu tónleika í dagóðan tíma í Gym &

Tonic í kvöld. Fjölskyldunni til halds og trausts er sveitin X-Heart sem rekur rætur sínar til Reykjavíkur og Stokkhólms. Kiriya Family er sextett skipaður meðlimum úr ýmsum byggðarlögum á Suðurlandi og sendu þau frá sér sína fyrstu breiðskifu árið 2012. Aðgangseyrir 1.500 krónur.

Hvað? DJ De La Rósa
Hvenær? 21.00

Hvar? Prikíð
DJ De La Rósa þeytir skifum á Prikínu í kvöld. Aðgangur ókeypis.

Hvað? Siggí Þorbergs og Ingunn
Hvenær? 22.00

Hvar? American bar
Siggí Þorbergs og Ingunn trúbaðora á American bar í kvöld. Aðgangur er ókeypis.

Hvað? Kría Brekkan og Muck
Hvenær? 20.00

Hvar? Húrra, Naustunum
Kría Brekkan og Muck blása til tónleika í kvöld á Húrra. Aðgangseyrir 1.500 krónur.

Önnur afþreying

Hvað? Vorið með Tobbu
Hvenær? 18.00

Hvar? Gló, Fákafeni
Þorbjörg Hafsteinsdóttir, Tobba, stendur fyrir námskeiðaþrennu sem hefst í dag á námskeiðinu Stillum hormónakerfið. Námskeiðið stendur frá klukkan 18.00 til 21.00. Þátttökugjald er 7.900 og öll námskeiðsgögn innifalinn.

Hvað? Gourasana Meditation Practice – Hugleiðsla okkar tíma
Hvenær? 19.20

Hvar? Frakkastigur 16
Kraftmikil og djúp hugleiðsla á miðvikudögum þar sem Tristan Gribbin og Ámundi Sigurðsson leiða hópinn. Aðgangseyrir 2.000 krónur en frítt er í fyrsta tíma. 50% afsláttur fyrir nemendur og einstæða foreldra sem á því þurfa að halda eða atvinnulausa. Allir hjartanlega velkomnir.

BIO PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

The Ardennes ENG SUB	18:00, 20:00
Room	17:45
Anomalisa	18:00
Louder than bombs	20:00
Fyrir framan annað fólk / In front of others ENG SUB	20:00
The Witch / Nornin	22:00
Mía madre	22:15
Rams / Hrútar ENG SUB	22:00

SECRET × SOLSTICE × 2016

16.-19. JÚNÍ × REYKJAVÍK

FIMMTUDAGUR 16. JÚNÍ

LEYNIGESTUR



St Germain



AD/D [CA]	Gíslí Pálmi [IS]	Rvk Dnb [IS]
Bang Gang [IS]	Hausar [IS]	Serge Devant [US]
Bensol [IS]	Hjaltalín [IS]	Shades of Reykjavik [IS]
Bjarni Ben [IS]	Kiriyama Family [IS]	Sinistarr [US]
Casanova [IS]	Lefty Hooks and the Right Thingz [IS]	Stacey Pullen [US]
CeaseTone [IS]	Máni Orrason [IS]	ThismeansWAR! [NO]
Croax [IS]	Nightshock [IS]	Tusk [IS]
Dikta [IS]	Nitin [CA]	Yamaho [IS]
DJ Breakfast [DK]	Paranoid London [UK]	Þriðja hæðin [IS]
DJ Hendrik [IS]	Ricoshëi [US]	+ MARGIR FLEIRI
DJ Kári [IS]	Rímnaríki [IS]	
Frimann [IS]		

FÖSTUDAGUR 17. JÚNÍ

RADIOHEAD



GOLDIE
TIMELESS SET

VISIONQUEST

Alexander Jarl [IS]	Infinity Ink LIVE [IS]	Tanya & Marlon [IS]
Alvia Islandia [IS]	Jack Magnet [IS]	Tiny [IS]
Aron Can [IS]	Kelela [US]	Troyboi [UK]
Balcony Boyz [IS]	Krabbamane [IS]	TRPTYCH [IS]
Bones [US]	Kúra [IS]	Úlfur Úlfur [IS]
Chez Damier [IS]	Landaboi\$ [IS]	Þórunn Antonía [IS]
Darius Syrossian [UK]	Lil Louis [IS]	
Derrick Carter [IS]	Lily the Kid [IS]	
DJ Leave Ya [FR]	Mælginn Big Band [IS]	
Fufanu [IS]	Pavan (Foreign Beggars) [UK]	
Glacier Mafia [IS]	Robert Owens [IS]	
Glowie [IS]	Stefán Karel [IS]	+ MARGIR FLEIRI

LAUGARDAGUR 18. JÚNÍ

DEFTONES

M.O.P.

JAMIE
JONES

Skream

Arkir [IS]	Högni Egilsson [IS]	Novelist [UK]
Auður [IS]	KSF [IS]	Problem Child [UK]
Axel Flóvent [IS]	Lady Leshurr [UK]	Reykjavíkurdætur [IS]
Benoit & Sergio [IS]	Lily of the Valley [IS]	Richy Ahmed [UK]
Clovis [US]	Lord Pusswhip & Svartí Laxness [IS]	Slow Magic [US]
Dalí [IS]	Lvis Meija [MX/DE]	Snorri Helgason [IS]
Droog [IS]	Marlon Pollock [IS]	Vagina Boyz [IS]
Edu Imbernon [ES]	Masi [IS]	wAFF [UK]
Einar Indra [IS]	Matt Tolfrey [UK]	XXX Rottweiler [IS]
Emmsjé Gauti [IS]	Maxxi Soundsystem [UK]	YLJA [IS]
GKR [IS]	Mosi Músik [IS]	+ MARGIR FLEIRI
Herra Hnetusmjör [IS]		

SUNNUDAGUR 19. JÚNÍ



SIE ANTWOORDS

röisín
murphy

KERRI
CHANDLER

Section
Boyz

APOLLONIA

7Berg [IS]	Gervisykur [IS]	RVK Soundsystem [IS]
Amabadama [IS]	Hormónar [IS]	Stephane Ghenacia [FR]
Beatmakin Troopa [IS]	Kilo [IS]	Sturla Atlas [IS]
Bernhoft [NO]	Mammút [IS]	Sylvía Erla [IS]
Big Swing Soundsystem [UK]	Mant [UK]	Voyeur [UK]
Captain Syrup [IS]	Marc Roberts [UK]	Will Mills [UK]
Deetron [CH]	Midland [UK]	Will Saul [UK]
Dr. Spock [IS]	nodle&vrong [IS]	Youandewan [UK]
Fox Train Safari [IS]	Ocean Wisdom [UK]	
Geimfarar [IS]	Pink Street Boys [IS]	
General Levy [IS]	Plastic Love [US]	
	Rob Shields [UK]	+ MARGIR FLEIRI

MÍÐAVERÐ FRÁ

24.900 KR

Á SECRETSOLSTICE.IS

secretsolstice.is #secretsolstice



DAGSKRÁ

Miðvikudagur

STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan
 07.25 Teen Titans Go
 07.45 The Middle
 08.10 Mindy Project
 08.30 Ellen
 09.15 Bold and the Beautiful
 09.35 The Doctors
 10.20 Logi í beinni
 11.10 Anger Management
 11.35 Hello Ladies
 12.05 Enlightened
 12.35 Nágrannar
 13.00 Feðgar á ferð
 13.25 Spilakvöld
 14.10 Mayday
 14.55 Glee
 15.40 Sirens
 16.05 Baby Daddy
 16.30 Teen Titans Go
 16.55 Bold and the Beautiful
 17.20 Nágrannar
 17.45 Ellen
 18.30 Fréttir Stöðvar 2
 18.50 Íþróttir
 19.08 Ísland í dag
 19.20 Vikingalottó
 19.25 The Middle
 19.45 Mike & Molly
 20.10 Á uppleið Þriðja þáttaröðin af þessum vönduðu þáttum í umsjón Sindra Sindrasonar. Fyrst var það London, þá New York og nú Skandinavía. Í þáttunum kynnumst við metnaðargjörnum Íslendingum, báðum kynjum, fólki á öllum aldri sem þorir að láta drauminn rætast.
 20.40 Grey's Anatomy
 21.25 Blindspot
 22.10 Togetherness
 22.40 Real Time with Bill Maher
 23.40 The Blacklist
 00.25 NCIS
 01.10 Lucifer
 01.55 Mistresses
 03.20 Mistresses
 04.05 Louie
 04.25 Your're the Worst
 04.50 Ondine

SPORT

08.05 West Ham - Man. Utd.
 09.45 Sunderland - Chelsea
 11.30 Liverpool - Watford
 13.10 Premier League Review
 14.05 Fjölínir - ÍBV
 16.00 Pepsímörkin
 17.35 Messan
 18.50 Liverpool - Chelsea
 21.00 West Ham - Man. Utd.
 22.40 Stjarnan - Þór/KA
 00.20 Norwich - Watford

SPORT 2

07.30 San Antonio - Oklahoma. Leikur 5
 11.00 Football League Show
 11.30 Man. City - Arsenal
 13.15 Leicester - Everton
 15.05 Verona - Juventus
 16.45 San Antonio - Oklahoma. Leikur 5
 18.35 Sunderland - Everton
 20.45 Ítölsku mörkin
 21.10 Fylkir - Breiðablik
 22.50 Pepsímörkin
 00.25 Liverpool - Chelsea

GOLFSTÖÐIN

08.30 Wells Fargo Championship
 13.30 Inside the PGA Tour 2016
 13.55 Wells Fargo Championship
 19.15 PGA Tour. Delivering a Decade of Champions
 19.40 Golfing World
 20.30 Champions Tour Highlights
 21.25 PGA Tour - Highlights
 22.20 Golfing World
 23.10 Champions Tour Highlights

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útvarp Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



20:10

Á UPPLIÐ

Hún er hjartalæknir á virtustu hjartadeild Svíþjóðar og stefnir á að verða yfirlæknir. Hún er gift hjúkrunarfræðingi og saman eiga þær tvö börn. Sindri heimsækir Katrínu Kemp Guðmundsdóttur í þætti kvöldsins.

FRÁBÆRT
MIÐVIKUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

20:40

GREY'S ANATOMY

Vinsælir dramabættir sem gerast á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



21:25

BLINDSPOT

Hörkuspennandi þættir þar sem Jane Doe hjálpar alríkislögreglunni að leysa sakamál sem oftast en ekki vísa í húðflúr á líkama hennar.



22:10

TOGETHERNESS

Vandaðir gamanþættir um tvö þör sem búa undir sama þaki og þurfa að láta sambúðina ganga upp með öllum sínum uppákomum.



22:00

ANNABELLE


Spennutryllir um ung hjón sem eiga sér einskis ills von þegar djöfladýrkendur brjótast inn á heimili þeirra.



20:25

MAYDAY: DISASTERS

Vandaðir og afar áhrifamiklir heimildarþættir sem fjalla um flugslys, flugrán og sprengjuhótanir um borð í flugvélum.



19:00

LUKKU-LÁKI

Skemmtileg teiknimynd um kúrekann Lukku-Láka sem ferðast um villta vestríð og heldur uppi friði.



©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is


STÖÐ 3

18.20 League
 18.45 Top 20 Funniest
 19.30 Last Man Standing
 19.55 Silicon Valley
 20.25 Mayday
 21.10 The Listener
 21.55 American Horror Story: Hot
 22.40 Supergirl
 23.20 Flash
 00.05 Arrow
 00.45 Mayday
 01.30 Last Man Standing
 01.50 Silicon Valley
 02.20 The Listener
 03.00 American Horror Story: Hot
 03.45 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

KRAKKASTÖÐIN

07.00 Áfram Diego, áfram!
 07.24 Svampur Sveinsson
 07.49 Rasmus Klumpur og félagar
 07.55 UKI
 08.00 Brunabilarnir
 08.25 Latibær
 08.48 Hvellur keppnisbill
 09.00 Ævintýri Tinna
 09.25 Kalli á þakinu
 09.47 Mæja býfluga
 10.00 Dóra könnuður
 10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
 10.47 Vikingurinn Viggó
 11.00 Áfram Diego, áfram!
 11.24 Svampur Sveinsson
 11.49 Rasmus Klumpur og félagar
 11.55 UKI
 12.00 Brunabilarnir
 12.22 Latibær
 12.47 Hvellur keppnisbill
 13.00 Ævintýri Tinna
 13.23 Kalli á þakinu
 13.45 Mæja býfluga
 14.00 Dóra könnuður
 14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
 14.45 Vikingurinn Viggó
 15.00 Áfram Diego, áfram!
 15.24 Svampur Sveinsson
 15.49 Rasmus Klumpur og félagar
 15.55 UKI
 16.00 Brunabilarnir
 16.22 Latibær
 16.47 Hvellur keppnisbill
 17.00 Ævintýri Tinna
 17.23 Kalli á þakinu
 17.45 Mæja býfluga
 18.00 Dóra könnuður
 18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
 18.45 Vikingurinn Viggó
 19.00 Lukku-Láki

Svampur Sveinsson kl. 07.24, 11.24 og 15.24



GULLSTÖÐIN

18.15 Raising Hope
 18.40 2 Broke Girls
 19.00 Friends
 19.25 Modern Family
 19.50 Lýðveldið
 20.15 Chuck
 21.00 Cold Case
 21.45 Shetland
 22.45 Friends
 23.10 Lýðveldið
 23.30 Chuck
 00.15 Cold Case
 01.00 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

09.40 The Mask of Zorro
 11.55 He's Just Not That into You
 14.05 Yes Man
 15.50 The Mask of Zorro
 18.05 He's Just Not That into You
 20.15 Yes Man (Já maðurinn)
 Gamanmynd sem fjallar um Carl Allen sem finnst líf sitt standa í stað. Hann ákveður því að skrá sig á sjálfs-hjálparnámskeið og lærir að segja já við öllu. Hann uppgötvar þó fljótt að vilji hans til að taka á móti hverju einasta tækifæri í lífinu með opnum örmum gæti verið of mikið af hinu góða.
 22.00 Annabelle
 Spennutryllir frá árinu 2014 sem segir frá ungum hjónum sem eiga sér einskis ills von þegar djöfladýrkendur brjótast inn á heimili þeirra. Í átökunum deyr einn meðlimur árárhópsins og um leið slettist blóð á dúkku eiginkonunnar. Í kjölfarið hefst skelfileg atburðarrás, en svo virðist sem illur andi hafi tekið sér bólfestu í dúkkunni.
 23.40 Two Faces of January
 01.20 Date and Switch
 02.55 Annabelle

RÚV

15.00 Eurovision 2016
 17.00 Eldsmíðjan
 17.45 Tákn málsfréttir
 17.55 KrakkaRÚV
 17.56 Finnþogi og Felix
 18.18 Sigildar teiknimyndir
 18.25 Gló magnaða
 18.50 Krakkafréttir
 18.54 Vikingalottó
 19.00 Fréttir
 19.25 Íþróttir
 19.30 Veður
 19.35 Kastljós
 20.05 Í garðinum með Gurry
 20.40 Bestur í heimi: Petter Northug
 21.15 Neyðarvaktin
 22.00 Tíufréttir
 22.15 Veðufréttir
 22.20 Ríkarður III settur á svið
 23.55 Hernám
 00.40 Kastljós
 01.05 Dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
 08.00 Rules of Engagement
 08.22 Dr. Phil
 09.04 America's Next Top Model
 09.46 Survivor
 10.35 Pepsi MAX tónlist
 12.50 Dr. Phil
 13.31 Black-ish
 13.54 Jane the Virgin
 14.37 90210
 15.15 Life in Pieces
 15.38 Grandfathered
 16.03 The Grinder
 16.27 The Tonight Show
 17.11 The Late Late Show
 17.53 Dr. Phil
 18.35 Everybody Loves Raymond
 19.00 King of Queens
 19.25 How I Met Your Mother
 19.45 Leiðin á EM 2016
 20.15 America's Next Top Model
 21.00 Chicago Med
 21.45 Quantico
 22.30 The Tonight Show
 23.10 The Late Late Show
 23.50 Sleeper Cell
 00.35 The Catch
 01.20 Scandal
 02.05 Chicago Med
 02.50 Quantico
 03.35 The Tonight Show
 04.15 The Late Late Show
 04.55 Pepsi MAX tónlist

LANG-NÆST
STÆRSTI
POTTUR
SÖGUNNAR!

TVÖFALDUR
POTTUR!

3.800 MILLJÓNIR

ÞÚ VERÐUR AÐ VERA MEÐ!

FYRSTI VINNINGUR STEFNIR Í 300.000.000

OFURPOTTURINN STEFNIR Í 3.500.000.000

RÖÐIN KOSTAR 80 KR.

V Í K I N G A
LOTTO
VINNINGINN HEIM!

Gera hlutina ávallt eftir sínu höfði

Hljómsveitin Quarashi er 20 ára á þessu ári og er með ýmislegt planað til að fagna þeim tímamótum. Sveitin er í tókum á stóru myndbandi við nýtt lag, spilar á Þjóðhátíð og hefur laumast í hljóðverið til að taka upp ný lög.

Fréttablaðið heyrði hljóðið í þeim Sólva Blöndal og Steinari Fjeldsted þar sem þeir voru á milli taka á tónlistarmyndbandi við nýtt lag sem þeir vildu ekki ljósstra upp titlinum á og ræddi við þá um árin tuttugu, hvernig tónlistin hefur þróast og endurkomu Höskuldar Ólafssonar eða Hössa.

„Það er svolítið erfitt að hætta þessu, við höfum allir verið félagar og tölum mismikið saman á mismunandi tímabilum en við höldum alltaf hópinn. Ég og Sólvi höfum verið að kasta lögum á milli – hann sendir mér nýtt stöf sem hann er að hlusta á og ég sendi honum nýtt stöf sem ég er að hlusta á. Það er ekkert algjörlega út úr kú að við séum að koma aftur núna og kannski ekkert eingöngu út af því að það er 20 ára afmæli, það er samt svona rúsina í pylsuendanum,“ segir Steinar um ástæðu endurkomu Quarashi og hvort hún hafi verið plönuð lengi.

Úr Hafnarstræti til L.A.

Hljómsveitin Quarashi var stofnuð sumarið 1996 í bílskúr í vesturbænum annars vegar og niðurníddu partihúsnæði í Hafnarstræti hins vegar. Upprunalegu meðlimirnir voru Steini, Sólvi og Hössi

en í gegnum árin hefur Quarashi gengið í gegnum nokkrar manna-breytingar.

„Við vorum báðir að vinna í skeitparki og byrjuðum að „partia“ saman á hverjum degi. Og þá vorum við mikið að hlusta á tónlist. Ég man eftir þessu, við vorum niðri í Hafnarstræti, báðir rosalega hressir og við sögðum: „Við þurfum að gera tónlist,“ og Sólvi sagði: „Ég er með „beats“, hittumst uppi í skúr hjá mér á morgun,“ og ég sagði: „Ókei, ég kem með texta,“ og við hittumst daginn eftir og Switchstance varð til. Þetta var „móment“.

Það besta við svona „móment“ er að maður hefur ekki hugmynd um að þetta séu svona „life defining moment“. Stór „móment“ eru oft þannig, þú veist ekkert að þau eru stór „móment“ meðan þau gerast. Við vissum ekkert að nokkrum árum síðar myndum við vera staddir í L.A. í stúdíóinu með Cypress Hill.“


Af gamla skólanum

„Þetta lag er með mikið af vísunum í „the old school“ því að við erum rosa mikið þar – við erum bara „old school“,“ segir Sólvi aðspurður að því hvernig nýja lagið komi til með að hljóma.

„Við erum bara að gera okkar stöf, okkur er alveg sama hvað er í gangi hverju sinni, við erum ekki að



Switchstance
(1996)
EP-plata, fyrsta útgáfa Quarashi.




Quarashi
(1997)
Fyrsta breiðskífan, Ómari bregður fyrir.




Xeneizes
(1999)
Innihélt hið fræga Stick 'em up.




Kristnihald undir jökli
(2001)
Tónlist úr samnefndu leikriti.



Jinx
(2002)
DJ Muggz og RZA komu að framleiðslu-hliðinni.



Guerilla Disco
(2004)
Tiny gengur til liðs við sveitina.



Anthology
(2011)
Allir helstu smellir Quarashi á einni plötu.

STYRKARFÉLAG
LAMAÐRA OG FATLAÐRA
ÆFINGASTÖÐ SLF • REYKJADALUR



Aðalfundur

Aðalfundur Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra verður haldinn í húsnæði félagsins að Háaleitisbraut 13, fimmtudaginn 19. maí kl. 17.00.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf í samræmi við 4. gr. í skipulagsskrá Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

Stjórnin

TOYO TIRES
driven to perform

BFGoodrich
TAKE CONTROL

MAXXIS®

JEPPADEKK Í MIKLU ÚRVALI



Bilabúð
Benna
590 2045 | BENNI.IS

NESDEKK
561 4200 / NESDEKK.IS

reyna að „sánda“ eins og allir hinir. Við erum ekki að reyna að rappa eins og allir hinir. Við erum bara Quarashi og gerum okkar stöf,“ tekur Steini undir.

„Við erum með okkar sögu. Það er stundum þungt að vera með svona sögu – fólk er með skoðun á því sem kemur út, „er þetta betra en það var eða verra en það var“. Þá ertu ekki með þetta „fresh approach“. Við höfum líka orðið fyrir innblæstri af því sem er að gerast, hiphopið er að fara í gegnum blómaskeið. Sem betur fer erum við svo heppnir að hafa átt hlut í því að byrja það. Við keyrdum þetta áfram – við erum fyrsta íslenska rapphljómsveitin, án þess að hafa planað það. Við erum Quarashi og fólk þekkir sándið þegar það heyrir það. Það er bara þannig, Við ætlum að sjá hvernig við-brögðin verða við þessu og síðan

sjáum við bara til. Það eru aðrir sem eru að stýra senunni núna, sem betur fer og við erum bara að gera okkar dót. Við erum bara svolítið að horfa á þá sem eru að gera stöf núna og dást að þeim. Við bara ætlum að henda okkar tveimur sentum inn í þetta núna,“ segir Sólvi aðspurður hvort þeir stefni á að gefa út fleiri ný lög, jafnvel nýja plötu.

Endurkoma Hössa í Quarashi

„Þetta sem við erum að gera í dag hefði aldrei gengið upp nema að við værum allir með. Þá er ég að tala um Hössa líka.“

„Stjórnurnar höguðu því þannig að orginal lænoppíð var bara „up and running“ og „game“ í þetta. Hössi var í filing og byrjaði að syngja nokkra parta í tveimur lögum og síðan byrjuðum við að stinga að honum hvort það væri ekki sniðugt

ef hann prófaði að rappa, sem hann hefur ekki gert í fjórtán ár – síðan 2002.“

„En það er eins og hann hafi aldrei hætt“

„Þetta var söguleg stund í stúdíóinu þegar hann byrjaði að rappa.“

„Þú gast heyrt saumnál detta á meðan.“

„Við vorum alveg „sjött maður, getur hann enn þá rappað?“ en já, hann alveg „killaði“ þetta.“

Quarashi spilar á Þjóðhátíð í sumar og stefnir á að gefa út myndband í næstu viku við nýja lagið sitt þar sem allir meðlimir bandsins munu koma við sögu. Þar verður öllu tjaldað til og má búast við miklu sjónarspili þar sem einn meðlimur lagði líf sitt í hættu uppi á háhýsi og bankaútibú var fengið að láni, svo að eitthvað sé nefnt.

stefanthor@frettabladid.is

STÓRGLÆSILEGUR JEPPI BÚINN NÝJU **SKYACTIV** FJÓRHJÓLADRIFI



MAZDA CX-5 AWD FRÁ 5.490.000 KR.

SKYACTIV
TECHNOLOGY



Mazda CX-5 jeppinn ber af í sínum flokki enda stórglæsilegur á að líta og búinn öllu því besta frá Mazda. Með byltingarkenndri SkyActiv tækni hefur Mazda náð fádæma árangri í að draga úr eyðslu og mengun án þess að fórna afli eða viðbragði - enda er framúrskarandi akstursupplifun eitt aðalsmerki Mazda. Ný kynslóð SkyActiv fjórhjóladrifs gerir Mazda CX-5 rásfastari og enn sprækari. Að komast leiðar sinnar verður leikur einn.

Mazda CX-5 AWD hlaut 5 stjörnur af 5 mögulegum í öryggisprófunum Euro NCAP og er því einn öruggasti bíll í heimi. Nýju aðlögunarhæfu LED framljósir veita meiri birtu, auka öryggi, draga úr eyðslu og gefa bílnum skarpara útlit. Ný innrétting og betri hljóðeinangrun stuðla að enn meiri þægindum. Nýtt hraðvirkt margmiðlunarkerfi býður upp á GPS vegaleiðsögn, handfrjálstan búnað fyrir farsíma og aðra fjölbreytta möguleika.

Komdu og reynsuaktu Mazda CX-5 AWD

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Nýr vefur

**brimborg**

Öruggur staður til að vera á

STILLANLEG RÚM · HEILSURÚM OG -DÝNUR · GAFLAR
SÆNGUR · KODDAR · SVEFNSÓFAR · STÓLAR · SÆNGURFÖT, O.FL.

RÝMUM TIL FYRIR
NÝJUM VÖRUM

25-60%
AFSLÁTTUR

AF VÖLDUM VÖRUM
Í NOKKRA DAGA
Í VERSLUN OKKAR
FAXAFENI 5

NÝTTU
TÆKIFÆRIÐ



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

www.betrabak.is

Betra
BAK

Við gætum
verið með næsta
starfsmann
mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa
yfir víðtækri þekkingu
á atvinnulífinu
og veita trausta og
persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is



Tinna Hrafnadóttir leikkona fer til Cannes á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tekur þátt í ýmsum verkefnum í Cannes

Tinna Hrafnadóttir, leikkona og ein af eigendum Freyja Filmwork, fer á kvikmyndahátíðina í Cannes á morgun þar sem hún mun taka þátt í ýmsum verkefnum. Hátíðin er ein stærsta kvikmyndahátíðin.

„Ég er að fara að taka þátt í ýmsum verkefnum á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Fyrsta stuttmyndin mín, Helga, verður á Short Film Corner, sölu- og kynningarmarkaði hátíðarinnar. Auk þess er ég ein af tuttugu og fimm ungum framleiðendum á Norðurlöndunum sem voru valdir í Young Nordisk Producers Club, vinnustofuna sem verður haldin samhliða hátíðinni, en nýlega stofnaði ég ásamt þremur öðrum konum framleiðslufyrirtækið Freyju Filmwork sem mun leggja áherslu á verk eftir og um konur.“ segir Tinna Hrafnadóttir leikkona en hún og eiginmaður hennar, Sveinn Geirsson, halda út til Cannes á morgun, þar sem Tinna mun taka þátt í ýmsum verkefnum á hátíðinni.

Þátttaka Tinnu er fjölbreytt en þess má geta að Tinna var einnig

valin til að keppa í „pitch“-keppninni í Cannes þar sem keppt er um framleiðslustyrk fyrir næstu stuttmynd, en fram fer bæði kosning á netinu og svo er dómnefnd sem ákveður sigurvegarann.

„Þetta er keppni á vegum Short tv, þar sem ég er að keppa um framleiðslustyrk fyrir næstu stuttmynd sem er í bígrið en hún heitir Kaþarsis.“ segir Tinna og bætir við að kosning fari fram á netinu þar sem hægt er að velja á milli tuttugu hugmynda að stuttmyndum.

Þær fimm hugmyndir sem fá flest atkvæði á netinu fara í úrslit þar sem dómnefnd velur sigurvegarann sem hlýtur 5.000 evrur.

Handrit Kaþarsis er eftir Bergþóru Snæbjörnsdóttur en Guðrún S. Gísladóttir mun fara með aðalhlutverkið. Myndin fjallar um kvenprest á miðjum aldri sem er þjakaður af

lífstíðarlangri þráhyggju sem hún fær útrás fyrir á fremur óhefðbundin hátt.“ segir Tinna glöð í bragði.

Tinna, ásamt þeim Þóreyju Mjallhvíti H. Ómarsdóttur, Dögg Mósesdóttur og Védísi Hervöru Árnadóttur, stofnaði framleiðslufyrirtækið Freyja Filmwork ehf. Tilgangur fyrirtækisins er framleiðsla kvikmyndaverkefna þar sem konur gegna lykilhlutverkum.

„Við erum fjórar konur úr ólíkum áttum sem ákváðum að taka höndum saman og stofna fyrirtæki til að halda utan um framleiðslu okkar eigin verkefna til að byrja með, en okkur langar til að skapa umhverfi sem getur aukið möguleika kvenna í kvikmyndagerð og framleiðslu.“ segir Tinna, þakklát fyrir skemmtilegt tækifæri og spennt fyrir komandi ævintýrum.

gudrunjona@frettabladid.is

Raddirnar náðu ekki í aðalkeppnina

Greta Salóme Stefánsdóttir komst ekki áfram í fyrri undankeppni Eurovision sem fram fór í Globen-höllinni í Stokkhólmi í gærkvöld. Greta Salóme flutti lagið Hear Them Calling og var sextánda í röðinni, en sú tala hefur gjarnan verið alitin happatala í þrjátíu ára Eurovision-sögu Íslendinga en allt kom fyrir ekki.

Greta Salóme hélt utan ásamt fríðu föruneysi í síðustu viku og hefur verið önnur kafin við æfingar. Hún hefur jafnframt staðið sig með stakri þryði á þeim viðburðum sem hún hefur komið fram á fyrir Íslands hönd og heillað Svíana með fiðluleik. Haft var eftir Gretu Salóme í þeim viðtölum sem hún hefur veitt í aðdraganda undankeppninnar að úrslitin skipti hana ekki öllu máli, heldur snúist atriðið um að koma boðskap lagsins á framfæri við Evrópu, en markmið Gretu Salóme var að breiða út jákvæðni.

Seinni undankeppnin fer fram á fimmtudagskvöld og aðalkeppnin fer svo fram á laugardagskvöldið kemur.

-ga



Greta Salóme stóð sig gríðarlega vel á sviðinu í Stokkhólmi í gær. Það dugði þó ekki til.

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjördis Zoega hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndis Hauksdóttir bryndis@365.is, Jóhann Waage johannwaage@365.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@365.is, FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is RÁDAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrafnar Helgason hrafnar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

DOUBLE DECKER SUPREME

*Tvöfalt
betra
taco!*



579 kr.

Mjúkt
taco með
ostasósu utan
um stökkt taco,
fyllt með kjúklingi,
sýrðum rjóma,
káli, osti og
tómötum.

1699 kr.



Tvö
Double
Decker Supreme
taco, Fiesta-kartöflur,
hvítt Lindu-
súkkulaði og
miðstærð
af gosi.



Bakpankar

Mariu Elisabetar
Bragadóttur



Minn pólitíski óður

Sólin bakaði göturnar um daginn. Túnfífillinn stakk keikur upp kollinum milli hellusteina, vorboðinn ljúfi. Þegar sólin skín breytist göngulag Íslendinga og verður vaggandi eins og við séum óvön föstu landi. Dveljum kannski neðansjávar bróðurpart ársins en tökum ekki eftir því. Híbýli undirdjúpanna eldfornar káetur, dökkbrúnn víður og dauflýsandi luktir. Eilíft rökkur. Syndum svo upp á yfirborðið þegar vorar. Kljúfum demantsbláa vatnsskorpu, súpum hveljur. Sólskinið skiljanlega viðbrigði. Kallar loksins á glaðleg og opin samskipti.

Við vinkona mín sátum í sólbaði á bekk við hliðina á kerri kúffullu af svartri mold og háttvísun páska-liljum. Reyndum að játaст góða veðrinu fullkomlega. Okkur var bumbult af hamingju.

Íhugaði sjálf að leggjast á grasbala skammt frá, sleikja maí-sólina eins og afvelta köttur. Rólta jafnvel niður að tjarnarbakka, finna strigaskóna sökkuva í gljúpan jarðveg og vaða út í kalt og forugt vatnið. Klífra svo upp á nærliggjandi sjóðheitt bílhúdd, leggjast eins og krossfiskur og sólpurrka mig. Stara upp í himinhvolfið. Blindast af glóandi hvítri festingunni.

- Páskaliljur eru ómótstæðilegar. Angurværar með drúpanði höfuð. Prúðar gamlar frænkur en æðisgengnar á litinn. Það blundar í þeim tryllingur.

- Satt. Hvern kýstu í forsetann? - Hallast að húsflugu sem liggur í andarslitrunum í gluggakistunni minni. Alls ekki ánamaðkinn.

- Sammála. Dásamlegt veður. Myndirðu saga af þér fótinn fyrir fleiri blíðviðrisdaga?

- Góða besta! Hausinn! Myndi afhausa mig fyrir þá.

- Yndislegt. Yndislegt!

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,
Vesturbergi og
Arnarbakka



Iceland

Endalaust 365



NET
1.000 KR.*

ÓTAKMARKAÐ
GAGNAMAGN

*Fylgir með völdum tilboðsþéttum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is

1817 | 365.is



BRISTOL

7.999 kr.*

frá maí - júní

BROSANDI GÓÐ SKEMMTUN Í BRISTOL
Komdu með okkur til menningarborgarinnar Bristol og upplifðu kraumandi góða stemningu! Hér finnur þú allar helstu búðirnar, mögnuð mannvirki og fjölbreytta listaflóru. Bristol er frábær áfangastaður fyrir skemmtilega borgarferð.

VIÐ LEGGJUM AF STAÐ Á FÖSTUDAGINN!

